# Fundargerðir bæjarráðs 1947

Aðfnr. 4969 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargjörðir bæjarráðs

1 9 4 7

.077.5:025.26 - .075.11

Aðfnr. 4969 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4969

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

## F U N D A R G J Ö R Ð I R

## 1 9 4 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 3. janúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbl. 70 fyrir kr. 14.000.-. Hafnað.

2. Samþ. frv. að leigusamningi við h.f. Kirkjusand um lóð til 20 ára frá 1. jan. 1947. Ársleiga fyrstu 5 árin 20 aurar pr. ferm.

3. Samþ. að gera leigusamning við Bakarameistarafélag Reykjavíkur um Borgartún 6 til 40 ára. Ársleiga 5 fyrstu árin ákveðin 75 aurar pr. ferm.

4. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti tilmæli Skógræktarfélags Íslands í bréfi 23. desbr. 1946, um afhendingu á leigulöndum og réttindum félagsins hér í umdæminu til nýstofnaðs Skógræktarfélags Reykjavíkur.

5. Borgarstjóri skýrði frá, hvar komið væri samningum um kaup á herskálahverfinu Camp Knox og ennfr. var rætt um fyrirhugaða ráðstöfun á hverfinu, ef af kaupum verður.

6. Fæðiskaupendafélag Reykjavíkur sækir um húsnæði í Camp Knox, til að stofna þar mötuneyti. Vísað til borgarstjóra til meðferðar.

7. A. Johanneson & Smith h.f. sækja um herskála til geymslu. Vísað til skrifstofu bæjarverkfræðings til athugunar.

8. Samþ. að framlengja byggingarfrest á lóðinni Nökkvavogi 26 til 1. mars næstk.

9. Pétur Nikulásson afsalar lóðinni Sörlaskjóli 6.

10. Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana afsalar lóð undir sambyggingu milli Miklubrautar og Skaftahlíðar, við Stakkahlíð.

11. Lagt fram bréf frá Jóni Sigurðssyni, Lvg. 40 B, varðandi lóð undir iðnaðarbyggingu. Bæjarverkfræðingi falið að gefa skýrslu um undirbúning að úthlutun iðnaðarlóða.

12. Helga Marteinsdóttir, Engihlíð 7, sækir um leigu á húsnæði, sem bærinn er að láta reisa við Ægisgarð.

13. Erindi frá Sommer Th. Jacobsen um aðstoð til húsakaupa, vísað til framfærslunefndar.

14. Lagt fram bréf frá Jakobi Guðjohnsen um aðstoð vegna húsnæðisvandræða.

15. Lagt fram bréf frá Sverri Smith, Hringbr. 174, dags. 22. f.m., varðandi tilboð hans um samninga um boranir eftir heitu vatni í spildu í Reykjahvolslandi.

fél. og Póst- og símamálastjóra.

17. Samþ. að ráða Hauk Kr. Pétursson mælingardeildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá 1. desbr. 1946.

18. Umsókn Þórðar Kaldalóns um torgsöluleyfi vísað til umsagnar lögreglustjóra.

19. Lögð fram matsgerð á hitaréttindum jarðeignanna Reykjahlíðar, Laugabóls, Norður-Reykja og Æsustaða (með Varmalandi) í Mosfellssveit, sem bæjarsjóður kaupir skv. samningi 8. maí 1946.

20. Lögð fram tilkynning frá Í.S.Í. um ályktun aðalfundar sambandsins 20. júní 1946, um að hraða byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja í Laugardalnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf frá forstjóra Vatns- og hitaveitu, dags. 19. f.m., varðandi þvottastöð fyrir fólksflutningabifreiðar, sbr. erindi Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, dags. 12. f.m. Ákveðið að senda Hreyfli umsögn forstjórans.

17. Lagt fram bréf frá Fél. ísl. garðyrkjumanna, dags. 21. nóvbr. f.á., varðandi kaupgreiðslu til Sigurðar Elíassonar, vegna uppsagnar, svo og umsögn Jóhanns Jónssonar garðyrkjustjóra á Reykjum. Ákveðið að senda umsögnina til Garðyrkjumannafélagsins.

18. Lagt fram frv. að stofnsamningi um h.f. "Steypustöðin". Bæjarráð samþ. frv. fyrir sitt leyti og samþ. með 3:2 atkv., að bærinn gerist stofnandi skv. frumvarpinu. Borgarritara falið að mæta á stofnfundinum fyrir bæjarins hönd.

19. Félagsmálaráðuneytið tilkynnir staðfestingu á Samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík.

20. Lagt fram bréf forstjóra Strætisvagnanna, dags. 30. f.m., með upplýsingum um yfirvinnu starfsmanna í II. - VII. fl. árið 1946.

21. Lagt fram bréf frá h.f. Orka, dags. 28. f.m., með beiðni um lóð undir steypustöð. Falið skipulagsmönnum til athugunar.

22. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 21. desbr. 1946.

23. Samþ. að verða við óskum Ólafs Helgasonar, skólalæknis, um 3ja mánaða leyfi til utanfarar, með fullum launum.

24. Samþ. að ráða til starfa við bókhald í skrifstofum bæjarins, Harald Hannesson Háv. 18, og Pálma Pétursson, Ásv. 13, með 700 kr. mánaðarlaunum skv. VIII. flokki.

25. Lagt fram bréf frá Verslunarráði Íslands, dags. 18. f.m., með beiðni um að bæjarstjórn samþykki breytingu á Samþ. um lokunartíma sölubúða í Reykjavík, skv. samkomulagi á milli kaupmanna (og Kron) og verslunarfólks.
Borgarritara falið að gera frv. að breytingu á samþykktinni.

26. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í nóvbr. f.á.

27. Lagt fram bréf frá atvinnumálaráðuneytinu, dags. 30. f.m., varðandi aðstöðu til síldarsöltunar við höfnina í Reykjavík.

28. Lögð fram áætlun um starfsemi og kostnað við Námsflokka Reykjavíkur árið 1947. Vísað til fjárhagsáætlunar.

29. Lagðar fram umsóknir til fjárhagsáætlunar frá Slysavarnafél. Íslands, Iðnskólanum, Laugarnesskólanum, hjúkrunarfél. Líkn og Þingstúku Reykjavíkur.

30. Lögð fram umsókn um rafmagn í nokkra íbúðarbragga hjá flugvellinum.

31. Sýnd og rædd hugmynd húsameistara bæjarins (E.Sv. og G.Ól.) um byggingu nýs menntaskólahúss á menntaskólalóðinni við Lækjargötu. - Bæjarráð samþ. með 4 atkv., að borgarstjóri hefji umræður við rétt stjórnarvöld um þessar tillögur.

fél. og Póst- og símamálastjóra.

17. Samþ. að ráða Hauk Kr. Pétursson mælingardeildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá 1. desbr. 1946.

18. Umsókn Þórðar Kaldalóns um torgsöluleyfi vísað til umsagnar lögreglustjóra.

19. Lögð fram matsgerð á hitaréttindum jarðeignanna Reykjahlíðar, Laugabóls, Norður-Reykja og Æsustaða (með Varmalandi) í Mosfellssveit, sem bæjarsjóður kaupir skv. samningi 8. maí 1946.

20. Lögð fram tilkynning frá Í.S.Í. um ályktun aðalfundar sambandsins 20. júní 1946, um að hraða byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja í Laugardalnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32. Lögð fram álitsgerð Jóns Sigurðssonar heilbrigðisftr. um gatnahreinsun og sorphreinsun í bænum.

33. Rætt um stöðu heilbrigðisfulltrúa, fyrirhugaða löggjöf um það efni.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein.

fél. og Póst- og símamálastjóra.

17. Samþ. að ráða Hauk Kr. Pétursson mælingardeildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá 1. desbr. 1946.

18. Umsókn Þórðar Kaldalóns um torgsöluleyfi vísað til umsagnar lögreglustjóra.

19. Lögð fram matsgerð á hitaréttindum jarðeignanna Reykjahlíðar, Laugabóls, Norður-Reykja og Æsustaða (með Varmalandi) í Mosfellssveit, sem bæjarsjóður kaupir skv. samningi 8. maí 1946.

20. Lögð fram tilkynning frá Í.S.Í. um ályktun aðalfundar sambandsins 20. júní 1946, um að hraða byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja í Laugardalnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 10. janúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að framlengja byggingarfresti á lóðunum Barmahlíð 48, Granaskjóli 13, Ægissíðu 103 til 15. mars næstk.

2. Eftir beiðni Árna Árnasonar, Grett. 56 B, var samþ. að gera samning um Blönduhlíð 22 við hann og Jóhannes Hannesson, Rauð. 24.

3. Samþ. að heimila að hafa verslun og rafmagnsbakarí í húsinu Langhv. 132.

4. Eftir beiðni Péturs Hannessonar, Ásv. 65, var samþ. að gera samning um lóðina Hraunteig 24 við Harald K. Gíslason, Lvg. 92, og Guðjón Ermenreksson, Lvg. 42.

5. Lagt fram bréf frá h.f. Keili, dags. 8. þ.m., varðandi lóðarleigusamning við h.f. Bátanaust. Bæjarráð ítrekar fyrri ályktun, um að Skipanaust fái afsal frá Keili fyrir sinni lóð.

6. Samþ. byggingarfrestur til 15 mars á lóðinni Barmahlíð 33.

7. Yfirstjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi sækir um byggingarlóð við fyrirhugað Melatorg. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

8. Lögð fram útskrift af fundargerð aðalfundar í h.f. Skipanaust 25. júlí síðastl.

9. Lagt fram bréf frá Landbúnaðarsýningunni 1947, varðandi svæði fyrir sýninguna.

10. Samþ. að heimila Svövu Halldórsdóttur, Háv. 15, að kaupa íbúð í húsinu Sörlaskjóli 7.

11. Lagt fram yfirlit byggingarfulltrúa um byggingar í Reykjavík árið 1945.

12. Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 23. f.m., með frv. til laga um aðstoð ríkisins við opinberar byggingar bæjar- og sveitarfélaga (þskj. 222). Er óskað eftir umsögn borgarstjóra um frumvarpið.

13. Lagt fram bréf frá Golfklúbbi Íslands dags. 30. f.m., varðandi fyrirætlanir um byggingu menntaskólahúss á Öskjuhlíð.

14. Lögð fram skýrsla um rottueyðingu á síðastl. sumri frá The British Ratin Co, Ltd., dags. 19. nóvbr. f.á.

15. Lögð fram greinargerð frá Ágústi Jósefssyni heilbrigðisftr., dags. 7. þ.m., um rottueyðingu í nóvbr.- desbr. f.á.

16. Lagt fram bréf frá Guðjóni Hólm Sigvaldasyni, Öld. 41, varðandi kaup á þvottavélum.

fél. og Póst- og símamálastjóra.

17. Samþ. að ráða Hauk Kr. Pétursson mælingardeildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá 1. desbr. 1946.

18. Umsókn Þórðar Kaldalóns um torgsöluleyfi vísað til umsagnar lögreglustjóra.

19. Lögð fram matsgerð á hitaréttindum jarðeignanna Reykjahlíðar, Laugabóls, Norður-Reykja og Æsustaða (með Varmalandi) í Mosfellssveit, sem bæjarsjóður kaupir skv. samningi 8. maí 1946.

20. Lögð fram tilkynning frá Í.S.Í. um ályktun aðalfundar sambandsins 20. júní 1946, um að hraða byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja í Laugardalnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram bréf frá Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 6. þ.m., þar sem beiðst er samþykkis bæjarráðs á skipulagsskrá fyrir skólann. Borgarstjóra falið að ræða málið við fræðslumálastjórnina.

18. Lagt fram bréf frá Lyffræðingafélagi Íslands, dags. 6. þ.m., þar sem rædd er þörfin á fjölgun lyfjabúða í bænum. Bæjarráð samþ. að skora á heilbrigðisstjórnina að fjölga lyfjabúðum um allt að 4 í nýjum bæjarhverfum.

19. Samþ. að greiða Þóru Steingrímsdóttur, skrifara í bæjarskrifstofunum, laun skv. XII. launaflokki.

20. Lögð fram skýrsla Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar um vistmenn 1946.

21. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 7. þ.m.

22. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 9. þ.m.

23. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:

> Bæjarstjórn samþykkir, skv. heimild í 28. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, að innheimta fyrirfram, upp í greiðslu útsvars yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda 50% af þeirri útsvarsfjárhæð, sem honum bar að greiða næstliðið ár, með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní þ.á., sem næst 1/8 hluta af útsvarinu 1946 hverju sinni, þó þannig, að allar greiðslur standi á heilum eða hálfum tug króna.

24. Lögð fram bréf frá húsameistara bæjarins og skipulagsstjóra, dags. 9. og 10. þ.m., varðandi fyrirætlanir um skipulag í Pósthússtræti/Tryggvagötu og aðliggjandi svæði.

25. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að útvísa Byggingarsamvinnufél. starfsmanna Háskóla Íslands lóðum til íbúðarhúsabygginga suður af háskólalóðinni, skv. uppdrætti, dags. 12. desbr. f.á., með skilyrðum, er segir í bréfi háskólaráðs 26. nóvbr. f.á. og nánari skilmálum er bæjarráð setur um gatna- og holræsagerð.

26. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Vatnsmýrarbl. X, XI og XII.

27. Lagt fram bréf frá hitaveitustjóra og rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., varðandi undirbúning að rannsóknum á hverasvæði Hengilsins og kaupum á stórum jarðbor.

28. Lögð fram umsögn um hitaréttindi á Hengilsvæðinu frá jarðhitasamvinnunefnd ríkisins, Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

29. Lagt fram bréf frá Ásgeiri Þorsteinssyni, dags. 23. f.m., varðandi súrefnisrannsókn á hitaveituvatninu.

30. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 31. f.m., um umsóknir Víkurfélagsins 2. og 11. f.m., um rafmagn í verksmiðjubyggingu við Hringbraut. Málinu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

fél. og Póst- og símamálastjóra.

17. Samþ. að ráða Hauk Kr. Pétursson mælingardeildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá 1. desbr. 1946.

18. Umsókn Þórðar Kaldalóns um torgsöluleyfi vísað til umsagnar lögreglustjóra.

19. Lögð fram matsgerð á hitaréttindum jarðeignanna Reykjahlíðar, Laugabóls, Norður-Reykja og Æsustaða (með Varmalandi) í Mosfellssveit, sem bæjarsjóður kaupir skv. samningi 8. maí 1946.

20. Lögð fram tilkynning frá Í.S.Í. um ályktun aðalfundar sambandsins 20. júní 1946, um að hraða byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja í Laugardalnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra í bréfi 3. þ.m. um að ráða Martein Kristjánsson og Rúrik Jónsson til bráðabirgða sem vélgæzlumenn við rafmagnsstöðvar bæjarins.

32. Bæjarráð vísar til rafmagnsstjóra til afgreiðslu tillögum um verkaskiptingu við gæzlu taugakerfis Rafmagnsveitunnar, skv. bréfi hans 30. okt. f.á.

33. Bæjarráð ákveður að leggja tillögur rafmagnsstjóra um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar fyrir bæjarstjórnina.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein.

fél. og Póst- og símamálastjóra.

17. Samþ. að ráða Hauk Kr. Pétursson mælingardeildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá 1. desbr. 1946.

18. Umsókn Þórðar Kaldalóns um torgsöluleyfi vísað til umsagnar lögreglustjóra.

19. Lögð fram matsgerð á hitaréttindum jarðeignanna Reykjahlíðar, Laugabóls, Norður-Reykja og Æsustaða (með Varmalandi) í Mosfellssveit, sem bæjarsjóður kaupir skv. samningi 8. maí 1946.

20. Lögð fram tilkynning frá Í.S.Í. um ályktun aðalfundar sambandsins 20. júní 1946, um að hraða byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja í Laugardalnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 17. janúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Árbæjarbl. 41. Samþ. að yfirfæra leiguréttinn til Gunnars Kristjánssonar, Njálsg. 27 B.

2. Samþ. að framlengja byggingarfrest á lóðinni Blönduhlíð 31 til 15. mars næstk.

3. Eftir beiðni Stefáns Wathne var samþ. að gera leigusamning um lóðina Ferjuvog 19 við Svein Ólafsson, Sauðagerði C.

4. Samþ. að afturkalla úthlutun þessara lóða: Barmahlíð 43-45, Bólstaðahlíð 9, Drápuhlíð 46, Kaplaskjól 3, Langholtsv. 95, 101, 158, 196, 200, Sörlaskjól 72, Skaptahlíð 3, 5.

5. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Engihlíð 10 við Stefán Sigmundsson, Holtsg. 34, og um lóðina Engihlíð 12 við Ólaf Jóhannsson, Engihlíð 12.

6. Eftir beiðni Guðjóns Jónssonar, Samtúni 6, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 20 við Magnús Baldvinsson, Mávahlíð 18.

7. Erindi Gunnlaugs Pálssonar, Hringbr. 42, um byggingarlóðir í Vogahverfinu, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

8. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings um iðnaðarlóðir sunnan Suðurlandsbrautar. Samþ. að biðja lóðaúthlutunarmenn að gera tillögur um úthlutun iðnaðarlóða við Brautarholt og Skipholt.

9. Lögð fram skýrsla um byggingarframkvæmdir á úthlutuðum byggingarlóðum árin 1945 og 1946. Samþ. að fá skýrslu um, hversu margar lóðir eru nú til úthlutunar, svo og hvenær byggingarfrestur sé liðinn á lóðum, sem lítið hefir verið unnið á, t.d. aðeins grafið.

10. Bæjarráð vill ekki verða við beiðni Kjartans R. Guðmundssonar, um að hann selji utanbæjarmanni hæð í húsinu Úthlíð 8.

11. Samþ. að breyta mörkum á leigulandi Fóður- og áburðarverksmiðjunnar h.f. og gera nýjan leigusamning um landið. Bæjarverkfræðingi falið að gera tillögur um mörk nýju lóðarinnar.

12. Lagt fram bréf frá Einar B. Guðmundssyni, hrl., varðandi leigu á Hótel-Íslands-lóðinni. Frestað til nánari athugunar.

13. Lögð fram beiðni frá Jóhanni K. Péturssyni, Mjóstr. 8, um húsnæði eða stað fyrir blaða- og sælgætissölu.

14. Bæjarráð samþ. tillögu landbúnaðarnefndar og ræktunarráðunautar, um að taka ca. 26 ha. landssvæði norðvestur af Rauðavatni til garðræktar fyrir bæjarbúa. Ræktunarráðunautinum falið að gera tillögur um framkvæmdir.

15. Samþ. að biðja Valgeir Björnsson, Jón A. Pétursson og Jóhann Ólafsson að ganga í nefnd til að hafa umsjón með og gera tillögur um ráðstöfun á herskálahverfinu camp Knox og lausafé þar.

16. Lagðar fram umsóknir um geymsluhúsnæði frá Samb. ísl. byggingarfél. og Póst- og símamálastjóra.

17. Samþ. að ráða Hauk Kr. Pétursson mælingardeildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá 1. desbr. 1946.

18. Umsókn Þórðar Kaldalóns um torgsöluleyfi vísað til umsagnar lögreglustjóra.

19. Lögð fram matsgerð á hitaréttindum jarðeignanna Reykjahlíðar, Laugabóls, Norður-Reykja og Æsustaða (með Varmalandi) í Mosfellssveit, sem bæjarsjóður kaupir skv. samningi 8. maí 1946.

20. Lögð fram tilkynning frá Í.S.Í. um ályktun aðalfundar sambandsins 20. júní 1946, um að hraða byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja í Laugardalnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Lögð fram skýrsla um mjólkureftirlitið í desbr. síðastl.

22. Samþ. að verða við erindi frá Óskari Gunnlaugssyni, dags. 15. þ.m.

23. Synjað beiðni frá Sveini Hallgrímssyni um rafmagnsheimtaug í sumarbústað hjá Breiðholtslandi.

24. Bæjarráð samþ. að verða við beiðni Rannsóknarstofu Háskólans um rafmagn til hitunar á Keldum, með því skilyrði að eimtúrbínustöðin verði fullbúin fyrir næsta haust.

25. Samþ. að tilnefna Bolla Thoroddsen bæjarverkfr. í stjórn h.f. Steypustöðvarinnar, en Tómas Jónsson borgarritara í varastjórn. Bæjarráð tilnefnir ekki endurskoðendur að þessu sinni.

26. Samþ. að ráða Halldóru Andrésdóttur, Berg 9 A, sem aðstoðarhjúkrunarkonu við Slysavarðstofuna.

27. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 10. þ.m., um varahitun í Þjóðleikhúsið. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

28. Samþ. að fallast á tillögur forstjóra Strætisvagnanna í bréfi 9. þ.m. um akstur á ökuleið 8, Lækjartorg - Fossvogur.

29. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar, dags. 14. þ.m. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti ályktun nefndarinnar um að Guðna Jóhannssyni og félögum verði gefinn kostur á vélbáti frá Svíþjóð.

30. Eftir beiðni Bakarameistarafél. Rvíkur var samþ. að gera samning um lóðina Borgartún 6 við hlutafél. Rúgbrauðsgerðin.

31. Lögð fram skipulagsskrá fyrir "Barnaheimili templara", staðfest af forseta 25. maí 1946.

32. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið beiðist þess, með bréfi 8. þ.m., að hið fyrsta verði látin í té lóð undir fyrirhugað presseturshús í Nessókn.

33. Samþ. frv. að leigusamningi um lóð h.f. Tivoli við Njarðargötu til 20 ára. Ársleiga fyrstu 5 árin kr. 0.50 pr. ferm.

34. Lagt fram bréf frá skipulagsstjóra, dags. 14.þ.m., varðandi undirbúning að þátttöku Íslands í alþjóðasýningu á bæjarskipulagi og byggingartækni í París í maí - júní þ.á.

35. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í desbr. 1946.

36. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd, dags. 20. desbr. f.á., varðandi skipulag við Aðalstræti - Kirkjustræti. Frestað til nánari athugunar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jóhann Hafstein. Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, laugardaginn 25. janúar, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð samþ. að leyfa byggingu bifreiðaskúrs hjá Hamri við Suðurlandsbraut, með því skilyrði, að skúrinn verði tekinn burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

2. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að hafna forkaupsrétti að erfðafestulandinu Laugarnessbl. II, með húseigninni Hólum, og er söluverð ætlað kr. 400.000.-.

3. Erindi frá Gunnari Vilhjálmssyni o.fl. um lóð undir bifreiðageymslur við Miðtún, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

4. Samþ. að gefa Ólafi Auðunssyni, Kár. 14, kost á lóðinni Barmahlíð 51, með byggingarfresti til 15. mars n.k.

5. Að fengnum upplýsingum í bréfi Stefáns Sigmundssonar, Holtsg. 34, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Engihlíð 10 við hann og Guðmund Björnsson, nú í Stóra Ási.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Drápuhlíð 4 við Gunnar Jóhannesson, Grím Gíslason og Jóhönnu Bjarnfreðsdóttur, en Egill Gestsson afsalar tilkalli til lóðarinnar.

7. Lagt fram bréf frá Ól. Á. Ólafssyni, Sólv. 8, o.fl., varðandi kaup eða leigu á keiluspili í Camp Knox.

8. Jóhann Kr. Ólafsson afsalar lóðinni Mávahlíð 30.

9. Samþ. að framlengja til 15. mars n.k. byggingarfrest á lóðunum Blönduhlíð 12 og Bólstaðahlíð 4.

10. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðarinnar Drápuhlíð 14.

11. Erindi frá vélsm. Jötunn, dags. 22. þ.m., um lóð fyrirtækisins við Hringbraut, vísað til bæjarverkfræðings til nánari athugunar.

12. Bréfi flugmálastjóra, dags. 16. þ.m., um umferðaljós (öryggisljós) vegna flugs vísað til borgarritara og bæjarverkfræðings til umsagnar.

13. Erindi flugmálastjóra varðandi greiðslu fyrir rafmagn til flugöryggisljósa, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Samþ. tillaga hitaveitustjóra, í bréfi 22. þ.m., um skipun Kristins Vilhjálmssonar sem pípulagningarmanns og launakjör hans.

15. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við beiðni Ingva Hannessonar um bætur vegna tjóns á bifreið, er ók í gryfju á Brunnstíg 11. þ.m.

16. Lagt fram bréf, dags. 15. þ.m., frá Byggingarfélagi Alþýðu, varðandi greiðslu heimæðargjalds hitaveitu og hitakostnaðar í húsum félagsins. Vísað til afgreiðslu hitaveitustjóra.

17. Lögð fram tillaga að breytingu á 3. gr. laga 84/1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavík. Bæjarráð mælir með breytingunni.

18. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Fulltrúaráð Sjómannadagsins megi koma upp sýningu í Örfirisey á sjávardýrum norðurhafa.

19. Lagt fram bréf frá gasstöðvarstjóra, dags. 17. þ.m., varðandi kaup á bifreið. Vísað til Camp-Knox nefndar.

20. Lagt fram bréf frá Útvegsbanka Íslands, dags. 20. þ.m., varðandi ábyrgð bæjarins á 125 þús. kr. víxli, með 2. veðrétti í e.s. Málmey R.110.

21. Ragnar V. Jónsson, Sóllandi við Reykjanessbraut, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Lagt fram bréf, dags. 10. þ.m., frá forstöðumanni Sundhallarinnar, íþróttafulltrúa ríkisins og íþróttaráðunaut bæjarins, um endurbætur á Sundhöllinni. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara bæjarins til umsagnar.

23. Lagt fram bréf frá Rauða Krossi Íslands, dags. 16. þ.m., með skýrslum um starfsemi sumardvalanefndar barna, einkum starfsemi dvalarheimilisins við Sælingsdalslaug árið 1946.
Samþ. að biðja barnaverndarnefnd Reykjavíkur að rannsaka málið.

24. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 21. þ.m.

25. Bæjarráð samþ. að gerast aðili að samningi milli stjórnarnefndar ríkisspítalanna og Elliheimilisins Grundar við starfsstúlknafél. Sókn, dags. 16. þ.m.

26. Lögð fram skýrsla um Bæjarbókasafnið árið 1946.

27. Lögð fram tillaga Steinþórs Guðmundssonar, er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi 16. þ.m., varðandi skilagrein um fé, sem varið er til braggaviðgerða o.fl. Samþ. að skrifa húsaleigunefnd um málið.

28. Lögð fram umsókn frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, um 30 þús. kr. styrk til starfsemi félagsins á þessu ári. Frestað til fjárhagsáætlunar.

29. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti fyrirhugaða breidd Mýrargötu, frá Bræðraborgarstíg að Ánanaustum, 21 metr. Jafnframt samþ. að gera ekki ráð fyrir byggingum á milli Mýrargötu og Nýlendugötu, frá Ægisgötu að Bræðraborgarstíg. Loks samþ. að gera ráð fyrir 35 metr. breiðri götu (Seljavegi) frá Nýlendugötu að Mýrargötu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, laugardaginn 1. febr., kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni um byggingarleyfi fyrir annað íbúðarhús á erfðafestulandinu Bústaðabletti XIX.

2. Samþ. að gefa Stefáni Kristinssyni og Sveini Ingvarssyni kost á lóðinni nr. 3 við Skaftahlíð með byggingarfresti til 15. mars þ.á.

3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 20 við Óskar Þórðarson, Grenimel 8 og Magnús Baldvinsson, Máv. 18.

4. Eftir beiðni Ingimars Magnússonar var samþykkt að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 38 við Jens Bjarnason, Hólum, Steinþór Marteinsson, Bollag. 5 og Helga Jónsson, Seljav. 11.

5. Samþ. að framlengja byggingarfresti á lóðinni Langholtsveg 101 til 1. maí n.k.

6. Eftir tillögu lögreglustjóra var samþ. að leggja til að Magnús Pétursson, Hring. 33, verði á ný skipaður lögregluþjónn í Reykjavík.

7. Synjað beiðni frá Hannesi Magnússyni um leyfi til að reisa íbúðarhús á lóðinni nr. 20 við Þverholt.

8. Lagðar fram umsóknir frá Ragnari Guðlaugssyni o.fl. og Sigurði Sveinbjörnssyni, um leiguhúsnæði til veitinga í skýli við Ægisgarð.

9. Erindi Einars Ólafssonar, Mikl. 16, um leigu á skúr við Reykjanessbraut til bílaviðgerða, vísað til bæjarverkfræðings til nánari athugunar.

10. Lagðar fram umsóknir um veitingaleyfi:

    a. Frá Jensínu Jóhannesdóttur, Lvg. 101
    b. - Láru Pétursdóttur, Leifsg. 4
    c. - Þórði Teitssyni, Bárug. 17.

    Umsóknunum vísað til bæjarstjórnar. Bæjarráð mælir með umsókn Þórðar.

11. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 28. janúar.

12. Rætt um ráðstöfun á herskálum í Camp Knox.

13. Lagt fram bréf frá Kirkjumálaráðuneytinu, dags. 24. f.m., með bréfi frá dómprófasti dags. 20. f.m., varðandi úthlutun lóðar til annars sóknarprestsins í Hallgrímssókn. Bæjarráð tekur fram, að það geti ekki bent á aðra lóð, en þegar hefir verið gefinn kostur á, Engihlíð 9.

14. Lögð fram bréf frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Knattspyrnufél. Víking, með beiðni um leigu á íþróttahúsi í Camp Knox. Vísað til athugunar forstöðunefndar um ráðstöfun á herskálahverfinu.

15. Erindi Kristins Valdimarssonar um launahækkun vísað til Starfsmannafélagsins til umsagnar.

16. Samþ. að veita löggildingu sem pípulagningameisturum við Hitaveituna:

    Guðm. Ásgeirssyni, Þingh. 33
    Jóni Sigurjónssyni, Brunn. 6
    Kristni Valdimarssyni, Ásv. 21
    Ólafi Hólm Einarssyni, Háteigsv. 19
    Svani Skæringssyni, Hraunteig 3.

17. Lagt fram bréf hitaveitustjóra með umsókn Ásmundar Friðrikssonar um húsnæði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lagt fram bréf frá hagfræðingi bæjarins, dags. 27. f.m., ásamt skýrslum um húsnæðisrannsóknir.

19. Lagt fram bréf frá Verkstjórasamb. Íslands, dags. 23. f.m., um verkstjóranámsskeið, sem verður hafið um miðjan þenna mánuð.

20. Lagt fram bréf frá h.f. Vélsm. Héðni, dags. 23. f.m., varðandi fyrirhugaðar byggingar á svonefndri Garðhúsalóð.

21. Lagt fram bréf frá héraðslækni, dags. 24. f.m., varðandi fyrirætlanir um framtíðarskipulag heilbrigðismála bæjarins. Að gefnu tilefni í bréfinu tekur borgarstjóri fram, að áður en "greinargerðin", sem í bréfinu segir, hafi verið send út, hafi hann skýrt héraðslækni frá því, að sú greinargerð væri í undirbúningi og að hann fengi hana til athugunar áður en málinu yrði ráðið til lykta í bæjarráði.

22. Bæjarráð beinir þeirri áskorun til niðurjöfnunarnefndar, að hún hafi hliðsjón af því við álagningu útsvara á þessu ári, hvort gjaldendur hafi greitt útsvarsskuldir sínar fyrir áramót og meti vangoldin útsvör til hækkunar útsvarsskyldum tekjum.
Þetta tæki þó að sjálfsögðu ekki til starfsmanna, sem greiða útsvör sín reglulega af kaupi.

23. Eftir tillögu slökkviliðsstjóra var samþ. að skipa slökkviliðsmenn frá 1. þ.m.:

Ingimund Guðmundsson, Flókag. 1
Val Þorgeirsson, Miðtún 11
Ólaf Kjartansson, Baldursg. 22.

24. Rætt um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1947, föstudaginn 7. febr., kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá h.f. Land, dags. 22. f.m., varðandi lóðarréttindi á Sauðagerðisbl., þar sem "Camp Knox" stendur, svo og eftirrit af svari borgarstjóra, dags. 31. f.m.

2. Samþ. að krefja Vorboðann ekki um leigu eftir herskála í Fossvogi.

3. Lögð fram umsókn frá Sínu Ásbjörnsdóttur, Höfðaborg 10, o.fl. um kaup eða leigu á þvottahúsi í Camp Knox. Vísað til nefndar til ráðstöfunar á eignum í herskálahverfinu.

4. Synjað beiðni frá Einar Ólafssyni, Mikl. 16, um leigu á skúr við Reykjanesbraut.

5. Synjað erindi frá h.f. Sólheimar, um leigu á verslunarlóð við Hringbraut, suður af Hringbr. 56.

6. Eftir beiðni Guðm. Guðmundssonar, Múla-camp 11, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Langhv. 182 við hann og Magnús Gestsson, Skipasundi 46.

7. Axel Petersen, Lauf. 66, afsalar lóðinni Langholtsv. 198.

8. Samþ. að gefa Eyjólfi Stefánssyni, Bergþ. 33, kost á lóðinni Bólstaðahlíð 9, með byggingarfresti til 15. mars þ.á.

9. Samþ. að heimila Guðm. V. Guðmundssyni að byggja bifreiðaskýli hjá Þóroddsstöðum, eftir tilvísun bæjarverkfræðings, og með því skilyrði, að skúrinn verði tekinn burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

10. Erindi frá h.f. Fóður- og áburðarverksmiðjunni um heimild til að þurka fiskúrgang á nokkrum stöðum, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

11. Lagt fram bréf frá ræktunarráðunaut bæjarins, dags. 22. f.m., um endurbætur á Aldamótagörðunum. Samþ. að fela ráðunautinum að gera tillögur um framtíðarskipulag svæðisins, en leigja garðana á þessu ári, með sama hætti og að undanförnu.

12. Lagt fram bréf frá Jóni Hallgrímssyni, Hnjúki, varðandi kaup á íbúð í bænum.

13. Erindi frá h.f. Shell á Íslandi um rafmagnshitun í bensínstöð við Suðurlandsbraut, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Beiðni frá versl. Ás um rafmagnsheimtaug vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, svo og beiðni frá Haraldi Kristjánssyni o.fl., dags. 29. f.m.

15. Lagt fram bréf frá verkamannafél. Dagsbrún, dags. 31. f.m., með tilkynningu um uppsögn samninga.

16. Samþ. að tilnefna að nýju sem eftirlitsmenn með róðrartíma fiskibáta: Annilíus B. Jónsson, Ármann Friðriksson og Karl K. Sigurðsson, bátaformenn.

17. Eftir tillögu hitaveitustjóra var samþykkt að skipa Bjarna Ólafsson, Brag. 28, sem fastan starfsmann við Hitaveituna með launum skv. XI. flokki, 3. aldursár.

18. Bréfi frá Tannlæknafél. Íslands, dags. 29. f.m., um aðstoð við ráðningu skólatannlækna, vísað til fræðslufulltrúa til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Samþ. að heimila Gísla Jónssyni, forstm. í Arnarholti, 4 mán. leyfi til utanfarar.

20. Erindi frá Jóhannesi L. Jónassyni kennara um ársfrí til utanfarar vegna veikinda, vísað til borgarstjóra til nánari ath.

21. Lögð fram umsókn frá Karlakór Reykjavíkur um styrk úr bæjarsjóði, kr. 40.000.-, vegna söngfarar um Bandaríkin og Canada.

22. Lagt fram bréf frá nokkrum íbúum í fossvogi, dags. 28. f.m. um ferðir strætisvagna suður fyrir Öskjuhlíð. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.

23. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 4. þ.m.

24. Beiðni frá forstöðunefnd sjávarútvegssýningarinnar 1946 um eftirgjöf á kröfu bæjarverkfræðings fyrir flutning á sjó í sýningarkör, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

25. Lagt fram eftirrit af dómi hæstaréttar í útsvarsmáli Péturs O. Johnson.

26. Erindi frá h.f. Jötunn, dags. 22. f.m., varðandi stækkun lóðar félagsins við Hringbraut, vísað til borgarritara og bæjarverkfræðings til umsagnar.

27. Lögð fram umsókn frá sóknarnefnd Laugarnessóknar, dags. 6. þ.m., um 100 þús. kr. styrk til byggingar Laugarnesskirkju og ábyrgð bæjarins fyrir 100 þús. kr. láni til byggingarinnar.

28. Lagðar fram tillögur Sigfúsar Sigurhjartarsonar og Jóns A. Péturssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær, varðandi reglur um meðmæli bæjarstjórnar með beiðnum um veitingaleyfi. Borgarritara falið að gera tillögur að reglum.

29. Lagt fram frv. að umsögn bæjarráðs um frv. til laga um dagheimili, sem liggur fyrir Alþingi.

30. Rætt um frv. að áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs fyrir árið 1947.
Ákveðið að halda aukafund um frumvarpið þegar upp úr næstu helgi.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

| | |
|---|---|
| Guðm. Ásbjörnsson. | Jóhann Hafstein. |
| Sigfús Sigurhjartarson. | Jón Axel Pétursson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, mánudaginn 10. febr., kl. 4 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um fjárhagsáætlun fyrir bæjarsjóðinn árið 1947, framhaldsumræða frá síðasta fundi.
Umr. ekki lokið og ákveðið að hafa aukafund um áætlunarfrv. næsta miðvikudag.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, miðvikudaginn 12. febr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. tillaga Íþróttabandalags Reykjavíkur í bréfi 8. þ.m., um úthlutun fjár til íþróttafélaga bæjarins, skv. fjárhagsáætlun 1946, gjaldalið XII, 7.

2. Haldið áfram umræðum um fjárhagsáætlunarfrumvarp fyrir bæjarsjóðinn og ýmsar stofnanir: Vatnsveitu, hitaveitu, gasstöð, sundhöll, bæjarþvottahús, grjótnám, sandnám, pípugerð. Ennfremur voru lagðar fram áætlanir rafmagnsstjóra fyrir Rafmagnsveituna og Sogsvirkjunina.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

16. Lögð fram skýrsla slökkviliðsstjóra um starfsemi slökkviliðsins 1946.

17. Lögð fram greinargerð hagfræðings bæjarins um fólksflutninga til bæjarins árin 1940 - '45.

18. Lagt fram bréf frá undirbúningsnefnd Landbúnaðarsýningarinnar 1947, dags. 5. þ.m.

19. Samþ. að tilnefna Ólaf Helgason lækni í stjórn Barnaheimilissjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 14. febrúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð getur ekki, að svo stöddu, sinnt beiðni frá Sigurði Jónssyni, Görðunum, um byggingarlóð við Ægissíðu, þar sem skipulag hefir ekki verið ákveðið enn.

2. Samþ. að leyfa Gissuri Símonarsyni o.fl. að stækka vinnustofu sína við Laufásveg, enda ítrekar bæjarráð skilyrði fyrir byggingunni, að hún verði tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, ásamt viðbyggingunni, þegar krafist verður. Bæjarráð tekur og fram, að búast megi við því, að fjarlægja beri húsið í náinni framtíð.

3. Lagt fram bréf frá húsbygginganefnd verkamannafél. Dagsbrúnar um fyrirhugaða samkomuhússbyggingu við Skólavörðutorg og lóðaafsöl þess vegna. Falið bæjarverkfræðingi og húsameistara til nánari athugunar.

4. Samþ. að gefa Frímúrarareglunni kost á leigulóð fyrir félagsbyggingu við Melatorg, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings og með skilyrðum er hann setur um fráræsi. Byggingarfrestur til 1. mars 1948.

5. Samþ. að flytja Kristinn Valdimarsson, eftirlitsmann hjá Vatns- og hitaveitu, í VII. launaflokk.

6. Samþ. að veita Sæmundi Bjarnasyni, Fagradal við Kringlumýrarveg, löggildingu til að standa fyrir pípulögnum vatns- og hitaveitunnar.

7. Samþ. að tilnefna borgarritara í nefnd til rannsóknar á vinnutíma lögregluþjóna, í stað borgarstjóra, sem gengur úr nefndinni.

8. Lagt fram bréf ræktunarráðunautar bæjarins, 6. þ.m., um hækkun á garðleigu. Bæjarráð brýnir fyrir ráðunautinum að taka garða af þeim leigjendum, sem halda þeim ekki í fullri rækt.

9. Lögð fram áætlun húsameistara, um hvenær íbúðarhúsin við Skúlagötu verði fullgerð.

10. Synjað erindi frá h.f. Smið um rafmagn til verksmiðjuhúss við Kársnesbraut.

11. Erindi Sveins Hallgrímssonar, Miðtúni 52, um rafmagn í sumarbústað við Breiðholtsveg, vísað til rafmagnsstjóra til frekari umsagnar.

12. Erindi frá h.f. Mata um rafmagnsheimtaug að skála í Fossvogi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

13. Fulltrúaráð verklýðsfélaganna sækir um 5000 kr. styrk árið 1947 til lesstofu og fræðslustarfsemi.

14. Lagt fram bréf fræðslufulltrúa, dags. 12. þ.m., varðandi ráðningu skólatannlækna.
Málið falið borgarstjóra til nánari athugunar.

15. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 11. þ.m.

16. Lögð fram skýrsla slökkviliðsstjóra um starfsemi slökkviliðsins 1946.

17. Lögð fram greinargerð hagfræðings bæjarins um fólksflutninga til bæjarins árin 1940 - '45.

18. Lagt fram bréf frá undirbúningsnefnd Landbúnaðarsýningarinnar 1947, dags. 5. þ.m.

19. Samþ. að tilnefna Ólaf Helgason lækni í stjórn Barnaheimilissjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. Samþ. að krefja ekki reikning til Sjávarútvegssýningarinnar, að upphæð kr. 2733.21, fyrir akstur.

21. Beiðni frá Kristni Bergsveinssyni um bætur vegna tjóns í Sundhöllinni vísað til borgarritara til nánari athugunar.

22. Samþ. að gefa frú Þóru M. Stefánsdóttur Hirst fullnaðarkvittun fyrir reikningi frá bæjarverkfræðingi að upphæð kr. 2937.96, gegn greiðslu á kr. 1500.-.

23. Synjað erindum frá erfðaleigjendum Vatnsmýrarbl. IX og X um byggingarlóðir á löndunum.

24. Lagt fram bréf frá Hjúkrunarfél. Líkn, dags. 8. þ.m., um að bæjarsjóður greiði að nokkru kostnað við að félagið bæti einni hjúkrunarkonu við starfslið sitt og greiði ennfr. kostnað við bólusetningu gegn barnaveiki á síðastl. hausti. Vísað til meðferðar í sambandi við fjárhagsáætlun.

25. Lögð fram og samþ. tillaga að umsögn um frv. til laga um dagheimili.

26. Samþ. að beina fyrirspurn til Matsveina- og veitingaþjónafél. Íslands, Veitingaþjónafélags Reykjavíkur og Félags veitingamanna, hvort félögin treysti sér til að gera tillögur um almennar reglur fyrir bæjarstjórn, til að fara eftir um meðmæli með veitingaleyfisbeiðnum.

27. Lagt fram bréf frá h.f. Ræsi, dags. 13. þ.m., með beiðni um viðbótarlóð við Skúlagötu.

28. Samþ. að gefa Gísla Hanssyni kost á fríi, án launa, um 6 vikna skeið, til þess að sækja verkstjóranámskeið.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1947, föstudaginn 21. febrúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Jakobi Guðjohnsen, Vest. 19, kost á lóðinni Eikjuvog 26, með byggingarfresti til 1. maí, enda samþykki byggingarnefnd uppdrátt af húsi á lóðinni.

2. Samþ. að gefa Sigurjóni Úlfarssyni, Sundlv. 10, kost á lóðinni Nökkvavogi 5, með byggingarfresti til 1. maí n.k.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti LIII fyrir kr. 40.000.-. Frestað til nánari athugunar.

4. Erindi Högna Halldórssonar, Kleppsmýrarbl. XII, um afhendingu erfðafestulandsins, vísað til bæjarverkfræðings til nánari athugunar.

5. Lagt fram bréf frá byggingarnefnd Neskirkju, dags. 12. þ.m., með tilmælum um að kirkjulóðin verði útmæld.

6. Borgarstjóra falið að taka erfðafestulandið Sandvíkurblett úr erfðafestu, vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda á svæðinu.

7. Bréfi frá Pétri Eyvindssyni, Lind. 20, um byggingu íbúðarhúss hjá Grímsstöðum, svarað á þá leið, að bygging verði ekki leyfð að svo stöddu.

8. Bæjarráð synjar erindi frá Dýrfirðingafélaginu, um ca. 24 ha. land til ræktunar í Heiðmörk.

9. Synjað erindi frá Jóni Jónssyni o.fl. um makaskipti á lóðarspildu hjá Lindarg. 28 - 30 og lóð hjá Verbúðunum.

10. Borgarritara og bæjarverkfræðingi falið að ræða um kaup á eigninni Vesturg. 7 við rétta hlutaðeigendur.

11. Samþ. að fela slökkviliðsstjóra og húsameistara bæjarins að hefja undirbúning að byggingu nýrrar slökkvistöðvar.

12. Lögð fram tilkynning frá Húsameistarafélagi Íslands um tilnefningu í dómnefnd, er fjalli um hugmyndasamkeppni um staðsetningu ráðhúss Reykjavíkur, en borgarstjóri upplýsti, að 4 tillöguuppdrættir hefðu borist.
Félagið tilnefnir í dómnefndina arkitektana Halldór H. Jónsson og Eirík Einarsson, en til vara arkitektana Sigurð Guðmundsson og Bárð Ísleifsson.
Bæjarráð tilnefnir í nefndina Guðmund Ásbjörnsson bæjarstjórnarforseta, Bolla Thoroddsen bæjarverkfr. og Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra.

13. Eftir beiðni Gísla Friðbjarnarsonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 31 við Hjallaveg við Aðalstein Sigurðsson, Tjarn. 48, o.fl.

14. Synjað erindi frá h.f. Keili, um að leigusamningur um Skipasund 68 verði gerður við Skeggja Samúelsson.

15. Eftir beiðni Gunnars Guðnasonar, Dráp. 18, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Skipholt 25 við Óskar Þórðarson, Gren. 8, o.fl., þegar er smíði húss á lóðinni verður það á veg komið, að gera megi lóðarsamning.

16. Erindi frá h.f. Ofnasmiðjunni, um leyfi til að setja bráðabirgðaskúr við Háteigsveg undir efnisgeymslu, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

17. Erindi Tennis- og Badmintonfél. Reykjavíkur um að fá leigt íþróttahús í Camp Knox vísað til ráðstöfunarnefndar eigna í herskálahverfinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Að framlagðri umsögn lögreglustjóra, dags. 13. þ.m., var beiðni frá Þórði Kaldalóns, um torgsöluleyfi hjá Aðalstræti 16, synjað.

19. Lagt fram bréf lögreglustjóra 14. þ.m., um endurskoðun á reglum um torgsöluleyfi. Falið borgarritara til athugunar.

20. Bæjarráð samþ. að beina því til íþróttafélaga og annara aðila í bænum, sem nota langferðabifreiðir til skemmti- og íþróttaferðalaga, og njóta bæjarstyrks til starfsemi sinnar, að þau láti bifreiðaeigendur, sem búsettir eru og útsvarsskyldir í bænum, sitja fyrir viðskiptum að öðru jöfnu.

21. Lögð fram bréf um húsnæðismál frá Ásbirni Stefánssyni, Bald. 9, og Birni H. Blöndal, bæjarskrifstofunum.

22. Samþ. ráðstöfun á leiguhúsnæði í húsinu nr. 64 við Skúlagötu.

23. Samþ. með 4:1 atkv. að heimila rafmagnsstjóra að verða við erindum frá Rafmagnseftirliti ríkisins, dags. 17. þ.m., varðandi aukningu rafmagns til Gerðahrepps og Sandgerðis, með þeim skilmálum, er hann telur rétt að setja.

24. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í janúar þ.á.

25. Lagt fram bréf frá Vatns- og hitaveitunni, dags. 11. þ.m., varðandi vatnsmiðlun.

26. Lagt fram bréf frá Gísla Jónssyni, alþm., dags. 20. þ.m., með tilkynningu um skeytaskipti hans við skipasmíðafirmað Cochrane & Son, Selby, vegna komu b.v."Ingólfs Arnarsonar" hingað til Reykjavíkur hinn 17. þ.m.

27. Lagðar fram fundárgerðir sjávarútvegsnefndar 13. og 19. þ.m.

28. Lagður fram uppdráttur, er sýnir hvað líður lagningu nýrrar aðalvatnsæðar til bæjarins hinn 13. þ.m.

29. Lagt fram bréf frá forstjóra Strætisvagnanna, dags. 19. þ.m., um öflun nýrra vagna. Ýmislegt varðandi reksturinn, svo og um viðskipti hans við innflutnings- og gjaldeyrisyfirvöldin.

30. Lagt fram bréf frá h.f. Eimskipafél. Íslands, dags. 21. þ.m., varðandi lóð undir fyrirhugaða geymslu varnings við höfnina. Vísað til umsagnar skipulagsmanna bæjarins og hafnarstjóra, með tilmælum um að þeir leiti álits skipaafgreiðslna og félags botnvörpuskipaeigenda um nýtingu hafnarsvæðisins.

31. Rætt um skipulag Miðbæjarins. (Kirkjustrætis).

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnssøn. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 28. febrúar, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðs, Guðm. Ásbjörnsson varaformaður og Jón Axel Pétursson ritari.

2. Borgarstjóra heimilað að undirrita samning við Verkamannafél. Dagsbrún skv. framlögðu frumvarpi.

3. Bæjarráð samþ. að veita Jóhannesi L. Jónassyni ársfrí frá kennslustörfum, með fullum launum, til utanfarar til lækninga.

4. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur, varðandi rannsókn á rekstri Strætisvagnanna, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 20. þ.m.

5. Lögð fram greinargerð frá forstjóra Strætisvagnanna, dags. 25. þ.m., um viðskipti hans við Viðskiptaráð um öflun nýrra vagna.

6. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hafi, að gefnum tilefnum, beðið h.f. Egil Vilhjálmsson og R. Jóhannesson & Co um tilboð um sölu á strætisvögnum.

7. Bæjarráð ákveður að leitað verði, með alm. útboði, eftir tilboðum í strætisvagna, þannig að þörfum verði fullnægt svo fljótt sem föng eru á

8. Lagðar fram fundargerðir sjávarútvegsnefndar 25. og 26. þ.m.

9. Samþ. með 4:1 atkv. að greiða fæði matreiðslukonu, sem matreiðir fyrir bormennina á Reykjum.

10. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að verða við beiðni Ól. H. Jónssonar um næturrafmagn í bílskúr á Flókagötu 33.

11. Erindi frá íbúum í húsinu Smirilsv. 29 um rafmagnshitun, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

12. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða Tyrfing Þórðarson sem vélgæzlumann hjá Rafmagnsveitunni.

13. Synjað tilboði frá Jóni Gissurarsyni um leigu á húsnæði við Borgarveg til skólahalds.

14. Bæjarráð synjar beiðni um að Þórarinn Helgason verði leigjandi erfðafestulandsins Fossvogsbl. LIII.

15. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af Kleppsmýrarbletti XIII.

16. Samþ. að taka úr erfðafestu og breyta í leigulóð hluta af Laugarásbletti III, Langholtsvegur 48.

17. Eftir beiðni Finnboga Ólafssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Mávahlíð 35 við börn hans.

18. Lagt fram bréf frá Högna Halldórssyni, varðandi afhendingu Kleppsmýrarbletts XII.

19. Synjað beiðni frá Silla og Valda og Kjartani Ólafssyni, dags. 25. þ.m., um skipti á lóðum Blönduhlíð 12 og Flókagötu 55, svo og framlengingu byggingarfrests.

20. Erindi frá h.f. Hamar um iðnaðarlóð vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Samþ. að heimila Ingimundi Péturssyni vélstjóra að kaupa íbúð í húsinu Sörlaskjóli 46.

22. Eftir beiðni Skapta Ólafssonar var samþ. að yfirfæra til Fóður- og Áburðarverksm. leigurétt að lóð við Köllunarklettsveg.

23. Samþ. að verða við erindi frá h.f. Mötu, dags. 25. þ.m., um leigukjör á skála í Fossvogi.

24. Lögð fram umsókn um veitingastofu í húsi hjá Ægisgarði, frá Guðlaugi Guðmundssyni.

25. Synjað erindi frá samvinnufél. Hreyfli um vatn til bifreiðaþvotta.

26. Lagt fram bréf frá Fiskimálanefnd, dags. 24. þ.m., um fyrirframgreiðslu á húsaleigu fyrir fisksölumiðstöð í húsi nefndarinnar hjá Ánanaustum.

27. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. prentara, dags. 24. þ.m., um byggingarlóðir.

28. Samþ. að tilnefna sem eftirlitsmann með róðrartíma, í stað Ármanns Friðrikssonar, Jón Sigurðsson skipstjóra á m.b. Skíða.

29. Lögð fram skýrsla um mjólkureftirlit í Reykjavík árið 1946.

30. Samþ. að veita Guðm. Karlssyni slökkviliðsm. 3ja mán. frí frá störfum, til utanfarar til náms.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, þriðjudaginn 4. marz, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að tilnefna í nefnd til athugunar á rekstri Strætisvagnanna Jón Sigurðsson, slökkviliðsstjóra, Sigfús Sigurhjartarson, bæjarfulltrúa, en af hálfu Alþ.fl. verður síðar tilkynnt um tilnefningu.

2. Lagt fram bréf frá fræðslumálastjóra, dags. 4. þ.m., þar sem leitað er samþykkis bæjarstjórnar Reykjavíkur fyrir því, að fræðsluráði bæjarins verði falið að gegna störfum skólanefndar barnaskóla og gagnfræðaskóla bæjarins, sem reknir eru skv. lögum nr. 34/1946 og lögum nr. 48/1946.

3. Lögð fram erindi um fjárstyrki, frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, um að styrkur skv. XIII,6 verði hækkaður í 30. þús. kr. og að veittar verði kr. 60.000,oo til íþróttamannvirkja, eftir ráðstöfun Bandalagsins, frá Tónlistarfélaginu, um að styrkur til Tónlistarskólans verði hækkaður um 10. þús. kr. auk uppbóta skv. verðlagsvísitölu. Ennfremur frá hestamannafél. Fák um að bærinn leggi reiðveg að Heiðmörk.

4. Rætt um frv. að fjárhagsáætlun bæjarins árið 1947, og erindi er borist hafa um fjárveitingar. Bæjarráð samþ. að bera fram þessar brtl. við áætlunina:
   Við gjl. VIII,7 (Slysavarnafélag Íslands)
   Fyrir kr. 2500.- komi kr. 5.000,oo
   Við gjl. IX,3 (Nýjar götur og holræsi)
   Fyrir kr. 4.500.000,- komi kr. 5.000.000,-.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen

Guðm. Ásbjörnsson — Sigfús Sigurhjartarson

Jóhann Hafstein — Jón Axel Pétursson.

stöfum á íbúð í Blönduhlíð 5. Synjað að svo stöddu.

19. Lögð fram greinargerð íþróttafulltrúans um íþróttamál, dags. 28. f.m.

20. Lögð fram áskorun til bæjarstjórnar frá Menningar- og framfarafélaginu Laugaholt um leikvallagerð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, laugardaginn 8. mars, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Pétri Sigurðssyni, Framnv. 25, varðandi Steinsholtsblett. Borgarstjóra falið að svara erindinu.

2. Lagt fram bréf frá Gústav A. Sveinssyni hrl., vegna Sveins Jónssonar um vatn og rafmagn í hús, sem stendur óleyft á Sogamýrarbl. X. Sýnjað.

3. Synjað beiðni um lóðarréttindi með húsinu Eystri-Hóll í Blesugróf.

4. Bæjarráð getur ekki orðið við erindi Jóhannesar Helgasonar um framlengingu leigumála um lóð Jarðhúsanna við Elliðaár.

5. Verslunarmannafél. Reykjavíkur sækir um byggingarlóðir fyrir vestan Melaskóla, fyrir Byggingarsamvinnufélag V.R.

6. Lögð fram bréf frá Kjartani Ólafssyni og Sigurl. Kristjánssyni, varðandi lóðirnar Flókagötu 55 og Blönduhlíð 12.

7. Erindi frá h.f. Byggingafél. Brú, dags. 28. f.m., um lóð með Defensoreigninni, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

8. Synjað beiðni frá Kristniboðsfélaginu um lóð við Skólavörðutorg eða við Hringbraut, austanverða.

9. Bæjarráð synjar tilmælum frá póst- og símamálastjóra um að tilnefna 1 mann í nefnd til að gera tillögur um hvar reisa skuli nýtt pósthús í Reykjavík.

10. Fyrirspurn frá h.f. Járnsteypan um not lóðar við Eiðsgranda, vísað til skipulagsmanna til athugunar.

11. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 25. febr. Heilbrigðisfulltrúa og húsameistara falið að gera tillögur skv. 10. lið fundargerðarinnar.

12. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 6. mars.

13. Lagt fram bréf frá Landbúnaðarsýningunni 1947, dags. 22. f.m. Vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

14. Rafmagnsstjóra falið að leita eftir tilboðum í laxveiðina í Elliðaánum nú í sumar.

15. Synjað beiðni Ara Magnússonar um rafmagn í fisksöluskúr við Eskihlíð.

16. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 28. f.m., varðandi katla tundurspillisins "Skeena". Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að hafna tilboði eigenda katlanna frá 18. septbr. f.á., en þeir beðnir að gefa tilboð á þann hátt, sem greint er í skýrslu frá 24. febr. 1947.

17. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að það vill ekki leyfa byggingu á lóðinni Amtmannsstíg 4.

18. Lagt fram bréf frá Kjartani Jónssyni, Þingh. 7b, varðandi ráðstöfun á íbúð í Blönduhlíð 5. Synjað að svo stöddu.

19. Lögð fram greinargerð íþróttafulltrúans um íþróttamál, dags. 28. f.m.

20. Lögð fram áskorun til bæjarstjórnar frá Menningar- og framfarafélaginu Laugaholt um leikvallagerð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Staðfest tilnefning Sigurjóns Guðmundssonar forstjóra í strætisvagnanefnd.

22. Lögð fram áskorun frá Menningar- og framfarafélaginu Laugaholt, varðandi rekstur strætisvagnanna.

23. Lagt fram umburðarbréf Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda, dags. 4. þ.m., um siglingar skipa með ísvarinn fisk til Englands. Framsendist til sjávarútvegsnefndar.

24. Lagt fram bréf húsaleigunefndar 26. f.m., um kostnað við braggahverfi, í tilefni af till. Steinþórs Guðmundssonar í bæjarstjórn.

25. Lagt fram bréf frá skólastjórn Stockholms, varðandi skólamálaráðstefnu þar í sumar. Vísað til fræðsluráðs.

26. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 4. þ.m.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, þriðjudaginn 18. mars, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eftir ósk Sigfúsar Sigurhjartarsonar var samþ. að Jónas Haralz hagfr. tæki sæti hans í strætisvagnanefndinni.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. LIII fyrir kr. 40.000.-. Hafnað.

3. Borgarstjóra heimilað að gera lóðarsamninga um byggingarlóðir samvinnufél. Árroða í Kaplaskjóli.

4. Synjað beiðni um viðbótarbyggingu á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XI.

5. Borgarstjóra heimilað að gera leigusamning við h.f. Fóður- og áburðarverksmiðjuna um land, 60 metr. á lengd, meðfram Köllunarklettsvegi, eftir útvísun bæjarverkfræðings, í stað leigusamnings við Benedikt Jónsson, dags. 28. febr. 1934. Leigutími til ársloka 1963. Ársleiga 5 fyrstu árin 7 aur pr. ferm. Auk þess heimilað að leigja félaginu land sunnan við fyrnefnt leiguland, með árs uppsagnarfresti, eftir útvísun bæjarverkfræðings.

6. Samþ. að gefa Fæðiskaupendafélaginu kost á húsnæði fyrir mötuneyti í liðsforingjahúsi Camp Knox með nánari skilmálum, er bæjarráð setur, ennfr. ákveðið að fá mat húsaleigunefndar á leigu eftir þetta húsnæði og annað húsnæði, sem leigt verður í herskálahverfinu.

7. Borgarstjóra heimilað að leigja Taflfélaginu einn herskála í Camp Knox, til æfinga, og safnaðarstjórn Nessóknar annan, til ýmiskonar safnaðarstarfsemi.

8. Bæjarráð synjar enn beiðni um rafmagnsheimtaug að sumarbústað Sveins Hallgrímssonar við Breiðholtsveg.

9. Synjað beiðni um að lóðarsamningur um Skipasund 19 verði gerður við Magnús Guðmundsson, Hafn. 18 og Óskar Guðmundsson, Langhv. 22, sem flutti til Rvíkur haustið 1945.

10. Synjað beiðni um lóðarréttindi með Gilhaga í Blesugróf, við Vatnsveituveg.

11. Synjað beiðni um byggingarleyfi á grunni Hvamms í Blesugróf.

12. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur, dags. 12. þ.m., varðandi úthlutun byggingarlóða. Vísað til lóðaúthlutunarmanna.

13. Byggingarsamvinnufél. múrara sækir um lóðir á Melunum undir allt að 40 tveggja íbúða hús. Vísað til lóðaúthlutunarmanna.

14. Lagt fram bréf frá h.f. Vélsmiðjunni Héðni, dags. 12. þ.m., varðandi lóðarskipti. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

15. Lagt fram bréf frá hafnarstjóra, dags. 13. þ.m., um smíðahús á svonefndri Garðhúsalóð.

16. Erindi Sig. Arnalds, dags. 20. f.m., um ráðstöfun á leigulandi í Krossamýri, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

17. Borgarstjóra heimilað að semja við eiganda Hóls í Kaplaskjóli um bætur vegna lóðarmissis og átroðnings vegna gatnagerðar.

18. Samþ. að gefa Magnúsi Sæmundssyni kost á Langholtsvegi 97 með byggingarfresti til 1. maí n.k., enda afsalar hann Efstasundi 90.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Samþ. að Magnús Oddsson fyrv. símstjóri á Eyrarbakka, megi kaupa íbúð í húsinu Blönduhlíð 5.

20. Samþ. að heimila Jóni Þorleifssyni, Seljav. 15, að kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 37.

21. Lagt fram bréf frá kirkjugarðastjórninni, dags. 4. þ.m., varðandi þurrkun á kirkjugarðsstæði. Vísað til borgarritara og bæjarverkfræðings til meðferðar.

22. Bæjarráð staðfestir reglur um breytingu á brunabótaverði húsa í Reykjavík, skv. lögum nr. 87, 16. desbr. 1943, en þessum reglum hefir verið fylgt síðan 1944.

23. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 11. þ.m.

24. Lagt fram bréf frá Helga Lárussyni, dags. 17. þ.m., með tilboði um sölu á almenningsvagni. Vísað til forstjóra Strætisvagnanna til umsagnar.

25. Lagt fram bréf frá póst- og símamálastjóra, dags. 15. f.m., um fyrirhugaðar áætlunarferðir að Gufunesstöð og Vatnsendahæð, svo og umsögn forstjóra Strætisvagnanna. Vísað til borgarstjóra til nánari athugunar.

26. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í febr. síðastl.

27. Lögð fram greinargerð Sig. Péturssonar gerlafr. um mjólkureftirlitið 1946.

28. Lögð fram skýrsla um handavinnunámsskeið Heimilisiðnaðarfélagsins 1946.

29. Lögð fram skýrsla um störf Lestrarfélags kvenna árið 1946.

30. Erindi frá Þorsteini Einarssyni, Miðt. 40, um leyfi til að reka Soda-fontain vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

31. Erlendur Guðmundsson, Skólavörðuholti 59, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi í Reykjavík.

32. Lögð fram bréf, varðandi reglur um veitingu veitingaleyfa frá Veitingaþjónafél. Reykjavíkur 22. febr., Matsveina- og veitingaþjónafél. Íslands 24. febr. og Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda 1. mars. Falið borgarritara til meðferðar.

33. Synjað beiðni frá Jósteini Magnússyni um leyfi til að hafa pylsuvagn á torgi við Hverfisg. - Laugaveg.

34. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 11. þ.m.

35. Lögð fram fundargerð landbúnaðarnefndar 4. þ.m.

36. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 15. þ.m., með tilkynningu um staðfestingu á nýrri gjaldskrá fyrir Rafmagnsveituna.

37. Samþ. að biðja sjávarútvegsnefnd um tillögur um fyrirkomulag og starfrækslu fyrirhugaðrar fisksölumiðstöðvar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Auðun Auðuns.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 21. mars, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila breytingu á íbúðarhúsi á erfðafestulandinu Ártúnsbletti I.

2. Samþ. að leyfa breytingu og viðbyggingu á húsi á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XIV, enda verði viðbyggingin tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

3. Bæjarverkfr. falið að gera tillögu að svari við bréfi h.f. Vélsm. Héðins dags. 12. þ.m.

4. Bréfi frá h.f. Vikurfélaginu, dags. 20. þ.m., um viðbótarlóð við Lágholtsveg og Hringbr., vísað til skipulagsmanna til athugunar.

5. Synjað beiðni frá Ólafi Jóhannssyni um lóð til að flytja á hús af lóðinni Nýl. 11.

6. Bæjarráð tekur fram, að það geti ekki orðið við beiðni um lóð undir einnar hæðar hús í Laugarnesshverfi.

7. Samþ. að framlengja byggingarfrest á lóðinni Granaskjóli 13 til 1. maí n.k.

8. Eftir beiðni Hálfdánar Einarssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Nökkvavog 13 við hann og Einar Friðriksson, Nýl. 27.

9. Borgarstjóra falið að semja við eigendur Lindarg. 28 og 30 um bætur vegna lóðartöku vegna götugerðar.

10. Samþ. að gefa byggingasamvinnufél. Sólbyrgi kost á lóðum fyrir 12 hús við Snekkjuvog og Karfavog, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

11. Borgarstjóra heimilað að leggja gangstíg (undirgang) hjá Holtsgötu 37 við þá lóð, en leigumálinn verði bundinn því skilyrði að slökkviliði verði heimiluð umferð um ganginn.

12. Lögð fram skýrsla byggingarfulltrúans, dags. 6. þ.m., um óleyfðar og ólöglegar byggingar í Fossvogi.

13. Synjað beiðni frá Nikulási Steingrímssyni um leyfi til að kaupa íbúð í húsinu Laugateig 3.

14. Bæjarráð samþ. að tilnefna bæjarverkfr. og húsameistara bæjarins í nefnd til að gera tillögur um staðsetningu pósthúsa og póstafgreiðslustöðva í bænum.

15. Lagður fram úrskurður sakadómara um brottflutning óleyfishúsa á Sogamýri X. Falið bæjarverkfr. og borgarritara til athugunar.

16. Synjað beiðni um rafmagnsheimtaug í skúr á baklóð Laugav. 151.

17. Synjað beiðni um rafmagnsheimtaug að óleyfðu húsi Jódísar Pálsdóttur, svon. Steinahlíð hjá Efri-veiðimannahúsunum.

18. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða fyrir lúðrasveitina Svan viðgerðarkostnað á skála við Hringbraut, kr. 6100.--.

19. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 18. þ.m., þar sem samþykkt er útsvarsálagning 1947, skv. fjárhagsáætlun.

20. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 18. þ.m. Bæjarráð samþykkir 5. lið fundargerðarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Kröfu um bætur til Ivans Rasmussen fyrir vinnutap vegna meiðsla við slökkvistörf á Amtmannsstíg 4 hinn 17. nóvbr. síðastl. vísað til afgreiðslu borgarstjóra.

22. Lagðar fram tillögur um kaup landbúnaðarvéla og um endurbætur á Korpúlfsstöðum, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

23. Rætt um skipulag við höfnina.
Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Tryggvagata fyrir vestan Pósthússtræti verði 25 metr. breið, Naustin 25 metr. og vesturbrún Pósthússtr., norðan Tryggvag., verði inndregin um 10 metr. frá því sem nú er.
Bæjarráð hefir ekki á móti því, að byggt verði yfir gangstétt við Naustin.

24. Erindi frá Eimskipafél. Íslands h.f., dags. 18. þ.m., um lóð undir vörugeymslur við Borgartún, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

25. Bréfi frá Einar B. Guðmundssyni um leigu eftir lóðina Austurstr. 2 vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

26. Borgarstjóra veitt umboð til að taka lán hjá Stofnlánadeild Sjávarútvegsins með veði í b.v. Ingólfi Arnarsyni og undirrita öll lánsskjöl, þ.á.m. veðsetningarskjal.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, mánudaginn 31. mars, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Árbæjarbl. LX, fyrir kr. 1500.-. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXIV með húseign fyrir kr. 85.000.-. Hafnað.

3. Synjað beiðni um leyfi til að byggja bílskúr og geymslu á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXV.

4. Eftir beiðni Svavars Benediktssonar var samþ. að gera samning um lóðina Úthlíð 6 við hann og Pál Ingólfsson, Miðtúni 16.

5. Samþ. að gera leigusamning um lóðirnar Eskihlíð 16, 16A og 16B við Ásmund Vilhjálmsson, Seljav. 5, með Atla Eiríkssyni og Gústav Ólafssyni.

6. Bæjarráð staðfestir bréf borgarstjóra, dags. 27. þ.m., til h.f. Jötuns um möguleika til stækkunar á lóð félagsins við Hringbraut.

7. Borgarstjóra heimilað að gera lóðarleigusamning við h.f. Bátanaust um hluta af lóð h.f. Keilis hjá Gelgjutanga.

8. Synjað beiðni frá h.f. Víkurfélaginu um viðbót við lóð félagsins hjá Lágholtsstíg.

9. Borgarstjóra veitt umboð til að kaupa eignina Frakkastíg 23 og 25, enda náist samkomulag um kaupskilmála.

10. Borgarstjóra heimilað að semja við eiganda Brunnstígs 7 um kaup á eigninni, sem bærinn þarf að kaupa vegna lagningar Mýrargötu.

11. Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 17. þ.m., varðandi kaup á hluta af Vatnsendalandi vegna girðingar um Heiðmörk.

12. Lagt fram bréf, dags. 22. þ.m., frá Kristjáni G. Gíslason & Co, h.f., um kaup á þvottavélum og hreinsunarvélum í "Camp Knox". Vísað til nefndarinnar, sem hefir umsjón með sölu eigna í skálahverfinu.

13. Lagt fram bréf frá Einar Bjarnasyni, Norð. 7, um húsnæði í "Camp Knox" fyrir málmliststeypu.

14. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leigja Stangaveiðifélaginu veiði í Elliðaánum um næsta veiðitímabil, með sömu skilmálum og síðastl. ár.

15. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 25. þ.m.

16. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 25. þ.m.

17. Lögð fram ályktun framfarafél. Laugaholt, um að brunaboðar verði settir upp í Langholtshverfinu. Vísað til umsagnar slökkviliðsstjóra.

18. Lögð fram samþykkt framfarafél. Laugaholt 16. febr. um skólamál hverfisins. Vísað til umsagnar fræðslufulltrúa.

19. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík árið 1946.

20. Samþ. tillögur heilbrigðisfulltrúa, dags. 28. þ.m., varðandi sorphreinsunina í bænum um næstu tveggja mánaða skeið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Lögð fram skýrsla um barnafjölda umsækjenda um íbúðir í Skúlagötuhúsunum.

22. Lagt fram bréf frá Brynj. Björnssyni, Óð. 13, umsókn um umsjónarmannsstarf við Skúlagötuhúsin.

23. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn, að hún samþykki skipulagsskrá fyrir "Skóla Ísaks Jónssonar", með breytingartillögum fræðslumálastjóra og fræðslufulltrúa.

24. Lagt fram bréf frá Þingstúku Reykjavíkur, dags. 5. þ.m., um störf upplýsingar- og hjálparstöðvar stúkunnar og um nauðsyn þess að jafnan séu til nokkur rúm í hæli eða sjúkrahúsi fyrir ofdrykkjumenn. Falið borgarstjóra til athugunar.

25. Lagt fram bréf frá Tryggingarstofnun ríkisins, dags. 26. þ.m., varðandi greiðslu framlags bæjarsjóðs skv. 114. gr. almannatryggingarlaganna.

26. Lögð fram umsókn frá Börge Jonsson, Öld. 13, um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

27. Umsókn Bryndísar Ólafsdóttur, Hverf. 49, í Hafnarf., um leyfi til að hafa kaffivagn við austurhluta hafnarinnar, vísað til lögreglustjóra til umsagnar.

28. Lagt fram bréf frá Ólafi Gíslasyni rafmagnsverkfr., dags. 22. þ.m., með lauslegum áætlunum um kostnað við byggingu heyþurkunarstöðvar til framleiðslu á kjarnheyi og um framleiðslukostnað. Borgarstjóra falið að afla álits sérfræðinga um málið.

29. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 19. þ.m., um kaup á skrifstofuvélum handa Rafmagnsveitunni.

30. Borgarstjóra heimilað að ráða Sigurð Jóhannsson sem aðstoðarmann við bókhald fyrst um sinn.

Jón A. Pétursson fór af fundi eftir afgr. 21. liðs.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, miðvikudaginn 2. apríl, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagðar fram 888 umsóknir um íbúðir í bæjarbyggingunum við Skúlagötu 68 - 80.
Borgarstjóri skýrði frá því, að hann, að nákvæmlega athuguðu máli, myndi leggja til, að við úthlutun íbúðanna yrðu höfð þessi aðalsjónarmið:

a. Að sjálfsögðu komi ekki aðrir umsækjendur til greina en þeir, sem búi nú í alveg óviðunandi og heilsuspillandi húsnæði, að dómi héraðslæknis, eða eru með öllu húsnæðislausir.

b. Að úthlutun íbúðanna skuli fyrst og fremst miða við barnafjölda umsækjenda (innan 16 ára), en þó jafnframt haft í huga að rýma "bragga"-hverfi.

c. Að umsækjendur, sem hafi flutt til Reykjavíkur árið 1941 eða síðan, komi alls ekki til greina við úthlutunina.

d. Að umsækjendur, sem hafi ekki 2 börn eða fleiri á framfæri, komi ekki til greina, hvernig sem ástæður eru að öðru leyti.

Borgarstjóra falið að leita álits heilbrigðisnefndar um umsóknirnar, svo og að fá sannprófað, eftir föngum, að umsækjendur hafi gefið réttar upplýsingar um hagi sína.

Bæjarráðsmenn féllust samhljóða á sjónarmið borgarstjóra.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

17. Að fenginni umsögn lögreglustjóra var synjað erindi frá Ólafi Sveinssyni um leyfi til að hafa söluturn á Hlemmi.

18. Samþ. að leggja til að Hringbraut verði gerð aðalbraut skv. 7. gr. umferðarlaganna, þó með þeirri undantekningu, að Laugavegur og Hverfisgata njóti forréttar fram yfir Hringbraut.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, laugardaginn 12. apríl, kl. 10 f.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Jóni Guðmundssyni, Sunnuhv., um úthlutun lóðar við Rauðavatn.

2. Synjað beiðni um leyfi til að setja bifreiðaskýli á lóð austan við barnaleikvöllinn við Njálsgötu.

3. Erindi frá Jóni Gissurarsyni, Skúlag. 52, um lóð undir matsölu- og gistihús, vísað til skipulagsmanna til athugunar.

4. Synjað beiðni frá Sveini Jónssyni, Miðt. 50, um leyfi til að endurbyggja hús í Blesugróf, sem þar brann, en hafði verið reist í heimildarleysi.

5. Synjað beiðni frá Hermanni Jónassyni, f.h. Eiríks og Sigurðar Þorlákssona, um leyfi til að fullgera óleyfð hús í Blesugróf, og ennfr. synjað um lóðarréttindi með húsunum.

6. Eftir beiðni Herm. Haraldssonar var samþ. að gera lóðarsamning um Skipasund 19 við Magnús Guðmundsson, Hafn. 18.

7. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Slysavarnafélag Íslands megi nota kvikmyndaskála á lóð Þórðar Ólafssonar við Skúlagötu, þann tíma sem bæjarstjórn hefir leyft að skálinn megi standa.

8. Lagt fram bréf frá h.f. Mötu, dags. 8. þ.m., varðandi lóðarréttindi með verksmiðjuskála félagsins sunnanvert við Öskjuhlíð. Falið borgarstjóra til athugunar.

9. Erindi frá fél. "Íslenskir Radioamatörar" um húsnæði til fundarhalda í "Camp Knox" vísað til nefndarinnar, sem falið hefir verið að ráðstafa eignum í hverfinu.

10. Synjað erindi frá Kristni Friðrikssyni, Týsg. 5, um leyfi til að láta setuliðsskúr í "Maple Leave" hverfi standa áfram í 3 ár.

11. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 14. f.m., með skýrslu um undirbúning að virkjun Neðra Sogsins, dags. 13. f.m. Borgarstjóra og rafmagnsstjóra falið að ræða málið nánar við ríkisstjórnina.

12. Samþ. tillaga að bréfi til íbúðareigenda í húsunum Hringbraut 137 - 147, varðandi byggingu bifreiðaskýla á lóðinni, sem fylgir húsunum.

13. Frestað að taka ákvörðun um erindi forstöðunefndar Kvennaskólans, um byggingu leikfimihúss á skólalóðinni.

14. Félag bifvélavirkja tilkynnir, með bréfi 31. f.m., að það hafi sagt upp gildandi kaup- og kjarasamningi frá 1. maí næstk.

15. Lagt fram bréf frá forstjóra Strætisvagnanna varðandi stækkun og endurbætur á viðgerðarskúr á Kirkjusandi. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

16. Lagðar fram fundargerðir sjávarútvegsnefndar 1. og 8. þ.m.

17. Að fenginni umsögn lögreglustjóra var synjað erindi frá Ólafi Sveinssyni um leyfi til að hafa söluturn á Hlemmi.

18. Samþ. að leggja til að Hringbraut verði gerð aðalbraut skv. 7. gr. umferðarlaganna, þó með þeirri undantekningu, að Laugavegur og Hverfisgata njóti forréttar fram yfir Hringbraut.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Samþ. að greiða afnotagjald síma fyrir Skúla Sveinsson lögrþj., fyrst um sinn, þar til ný skipan verður gerð um greiðslu símagjalda fyrir starfsmenn.

20. Samþ. að biðja Jóhann Hafstein bæjarftr. að vera fulltrúi Reykjavíkurbæjar á alþjóðasýningu á bæjarskipulagi og byggingartækni, sem haldin verður í París í maí-júní næstk.

21. Lagðar fram ályktunartillögur, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 6. mars síðastl., um náðhús, íþróttamál, fæðissölumál, samgöngur við höfnina.

22. Lagður fram reikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis árið 1946.

23. Bæjarráð samþykkir að heimila borgarstjóra að inna af höndum greiðslu vegna stækkunar á húsi Elliheimilisins Grundar skv. fjárhagsáætlun 1947, gjl. XVIII, 8, með þeim skilyrðum,
að húsnæði heimilisins verði aukið,svo að það rúmi 25 fleiri vistmenn en nú, eða alls 250 vistmenn, og
að tryggt verði, að 90 af hverju hundraði vistmanna verði jafnan Reykvíkingar, nema að bæjarráð samþykki annað.

24. Lagt fram mat húsaleigunefndar á leigu eftir íbúðir í húsunum Skúlagötu 64 - 68.
Samþ. að óska eftir úrskurði yfirhúsaleigunefndar um matið.

25. Lagt fram bréf húsaleigunefndar varðandi mat á leigu eftir bráðabirgðahúsnæði í "Camp Knox".

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. | Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson. | Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, fimmtudaginn 17. apríl, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hafi, í samráði við bæjarverkfræðing, gert ráðstafanir til að festa kaup á steypuvél til gatnagerðar.
   Vélin er frá Englandi, sennilega tilbúin til afgreiðslu vorið 1948.

2. Lögð fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. barnakennara í Reykjavík, dags. 23. og 24. f.m., varðandi formlega úthlutun byggingarlóða við Eskihlíð og lóðir á Melasvæðinu.

3. Rætt um framkvæmdir við gatnagerð bæjarins nú á þessu ári.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson. Jóhann Hafstein.

| | | |
|---|---|---|
| Grettisgata (Frakk. - Vitastíg), holræsi, gatnagerð 310 metr. | - | 430.000.- |
| Granaskjól, malarv. 400 m., holræsi 320 m. | - | 180.000.- |
| Vitastígur (Lvg. - Njálsg.), gatnagerð 120 m. | - | 140.000.- |
| Malbikun undirbúinna gatna | - | 700.000.- |
| Ófyrirséð verkefni | - | 400.000.- |

8. Lagt fram bréf frá eiganda jarðhúsanna við Elliðaár, þar sem hann býður bæjarsjóði nokkur jarðhúsanna til leigu, svo og umsögn ræktunarráðunautar um erindið. Leigutilboðinu hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 18. apríl, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Jón Ingibergsson afsalar rétti til lóðarinnar Langhv. 206 og Guðm. Þórðarson afsalar Bólstaðarhlíð 10.

2. Afturkölluð úthlutun lóðanna Efstasund 92 og Blönduhlíð 14.

3. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til júlí n.k.:

Viðar Thorsteinsson o.fl. fái hornlóð sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar.
Atli Eiríksson o.fl. fái næstu lóð þar fyrir austan, sunnan Miklubrautar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásgeir Kristófersson | fær | Bólstaðarhlíð | 10 |
| Emil Hjartarson | - | Hraunteig | 23 |
| Runólfur Eiríksson | - | - | 19 |
| Gunnar Steindórsson | - | Drápuhlíð | 14 |
| Haraldur V. Ólafsson | - | Skaptahlíð | 5 |
| Axel Helgason, Bar. 14, | - | Langholtsveg | 206 |
| Ármann Magnússon, Hvg. 59, | - | - | 200 |
| Þórður Vigfússon, Skv.h. 122, | - | - | 158 |
| Marteinn Davíðsson, Grg. 33B, með skilyrði um greiðslu kostnaðar. | - | - | 2 |
| Eiríkur Gröndal, Rauð. 9, | - | - | 196 |
| Guðm. Jónsson, Hrb. 147, | - | - | 170 |
| Haukur Jónsson, Grett. 43, | - | - | 198 |

4. Þórður Vigfússon afsalar Sörlaskjóli 8.

5. Byggingarfélag starfsmanna ríkisstofnana fær Drápuhlíð 27 - 45 - ójöfn nr. - en Byggingarfél. starfsmanna Reykjavíkur afsalar lóðinni.

6. Rætt um íbúðarhúsabyggingar bæjarins, skv. III. kafla laga nr. 44/1946. Samþ. að láta reisa tvær 4 hæða byggingar við Miklubraut, austur af bæjarbyggingunni, sem þar er nú í smíðum, og húsameistara bæjarins falið að gera uppdrætti af þeim húsum. Er ætlast til að í húsunum verði 2ja herbergja íbúðir. Ennfr. var húsameistara falið að gera frumdrætti að 8 - 10 hæða húsum og honum og bæjarverkfr. falið að gera kostnaðaráætlanir um slík hús, þar með talinn kostnaður við gatnagerð, sbr. við kostnað við byggingu annarskonar húsa.

7. Rætt um framkvæmdir við holræsa- og gatnagerð nú á þessu ári. Samþ. þessar framkvæmdir og er kostnaðaráætlun bæjarverkfræðings getið við hvern lið:

| | | |
|---|---|---|
| Laugarnesvegur (Sigtún - Laugavegur) með framlengingu Hátúns og Miðtúns. Holræsi 500 metr., malarvegur 200 metr. | kr. | 170.000.- |
| Rauðarárholt, malarv. 1125 metr. holræsi 940 metr. | - | 680.000.- |
| Langholtshverfi, malarv. 630 metr. holræsi 720 metr. | - | 270.000.- |
| Sogamýri, holræsi v/vatnsveitu 600 m. | - | 180.000.- |
| Grettisgata (Frakk. - Vitastíg), holræsi, gatnagerð 310 metr. | - | 430.000.- |
| Granaskjól, malarv. 400 m., holræsi 320 m. | - | 180.000.- |
| Vitastígur (Lvg. - Njálsg.), gatnagerð 120 m. | - | 140.000.- |
| Malbikun undirbúinna gatna | - | 700.000.- |
| Ófyrirséð verkefni | - | 400.000.- |

8. Lagt fram bréf frá eiganda jarðhúsanna við Elliðaár, þar sem hann býður bæjarsjóði nokkur jarðhúsanna til leigu, svo og umsögn ræktunarráðunautar um erindið. Leigutilboðinu hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Framfara- og menningarfélagið Laugaholt sækir um lóð við Sunnutorg fyrir samkomuhús. Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

10. Lóðaumsókn Byggingarfélags starfsmanna Mjólkursamsölunnar vísað til lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

11. Lagt fram bréf frá Sig. Árnasyni o.fl., dags. 11. þ.m., um lóð undir kjötmóttökustöð á milli Grensásvegar og Háaleitisvegar. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

12. Erindi frá Gísla Sigurðssyni o.fl. um lóð undir saltfiskþurkunarstöð vísað til sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

13. Synjað beiðni frá Jóni B. Jónssyni um beitiland í Lambhaga eða þar um slóðir.

14. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við beiðni Einars Ögmundssonar um útvísun byggingarlóðar úr Hólabrekkubletti.

15. Bæjarráð synjar að svo stöddu erindi Ísleifs Vigfússonar um erfðafestuland í Krossamýri.

16. Lagt fram bréf frá Tryggingarstofnun ríkisins, dags. 16. þ.m., varðandi byggingu heilsuverndarstöðvar skv. lögum um almannatryggingar. Vísað til heilsuverndarstöðvar bæjarstjórnar til athugunar.

17. Bæjarráð samþ. að veita h.f. Mötu leyfi til að veðsetja Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann vöruskemmur í Fossvogi, sem félagið hefir á leigu hjá bæjarsjóði.
Er heimilt að veðsetja eignina fyrir allt að 10 ára láni.

18. Samþ. að heimila Gunnl. Blöndal að reisa hús með einni íbúð og vinnustofu á lóðinni nr. 44 við Háteigsveg.

19. Samþ. að heimila Camp Knox- nefndinni að semja við Fæðiskaupendafélagið um leigu fyrir mötuneytishúsnæði í hverfinu, að því tilskildu, að húsnæðið verði notað eingöngu fyrir matsölu og að félagið kaupi áhöld sem eru í húsnæðinu.

20. Samþ. að fela Camp Knox- nefndinni að leita tilboða í vélar og tæki þvottahússins í herskálahverfinu.

21. Synjað beiðni frá Friðriki Sigurðssyni um rafmagnsheimtaug í herskála við Grensásveg 22.

22. Erindi frá íbúum við Rauðarárstíg og Háteigsveg um aðgerðir á svæðinu suður af þessum götum, til þess að börn geti haft þar griðastað, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

23. Samþ. að heimila Skúla Sigurbjörnssyni að kaupa íbúð í húsinu Skipasundi 10.

24. Samþ. að fela húsameistara og slökkviliðsstjóra að gera tillögur um byggingu slökkvitækjastöðvar í Langholtshverfinu.

25. Samþ. að mæla með því að lögreglustjóra verði heimilað að kaupa og setja upp umferðaljósmerki á gatnamótum

| | | |
|---|---|---|
| Austurstræti | - | Aðalstræti |
| " | - | Pósthússtræti |
| Bankastræti | - | Lækjargata |
| " | - | Ingólfsstræti |
| " | - | Skólavörðustígur |

Áætlað kostnaðarverð innan við 100 þús. krónur.

26. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 15. þ.m.

27. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða afnotagjald síma fyrir heilbrigðisfulltrúa, svo sem verið hefir undanfarið, þar til ný skipun verður gerð um greiðslu símakostnaðar fyrir starfsmenn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. Lagt fram bréf frá stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, dags. 21. f.m., með tilkynningu um ályktanir þings bandalagsins í oktbr. 1946, varðandi eftirlaunamál og stöðuveitingar.

29. Bréfi slökkviliðsstjóra, dags. 11. þ.m., um greiðslu kostnaðar vegna einkennisfatnaðar slökkviliðsmanna, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

30. Bréfi frá Óskari Gíslasyni, ljósm., dags. 30. f.m., með tilboði um sölu á Reykjavíkurkvikmynd hans, vísað til borgarstjóra til nánari athugunar.

31. Erindi frá Sigurjóni Kristjánssyni, Balbo Camp, um búsetuleyfi í Rvík, vísað til framfærslunefndar til athugunar.

32. Lagt fram umburðarbréf frá Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. í mars, varðandi samstarf í menningarmálum milli sveitarfélaga landsins.

33. Lögð fram tillaga Jóns A. Péturssonar um viðræður við lögreglustjórnina um umferðamál og útiveru barna o.fl., sem samþ. var á bæjarstjórnarfundi 17. þ.m. Ákveðið að biðja lögreglustjóra að koma til viðræðna um þessi mál á næsta fund bæjarráðs.

34. Bréfi lögreglustjóra, dags. 15. þ.m., um kostnað við risnu til lögregluþjóna á jólunum 1946 vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

35. Lagt fram bréf, dags. 22. febr. 1947, frá undirbúningsnefnd Landbúnaðarsýningarinnar, um fyrirgreiðslu og þátttöku bæjarins í sýningunni næsta sumar, svo og umsögn ræktunarráðunautar um málið, dags. 14. þ.m.
Málið falið borgarstjóra til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

| | |
|---|---|
| Guðm. Ásbjörnsson. | Sigfús Sigurhjartarson. |
| Jóhann Hafstein. | Jón Axel Pétursson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 25. apríl, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir sjávarútvegsnefndar 15. og 22. þ.m.

2. Samþ. að gera leigusamning um Nökkvavog 36 við Indiönu Bjarnadóttur og Magnús Magnússon, Kirkjuteig 18.

3. Samþ. að taka tilboði frá Jóhanni Valdimarssyni um hita- og hreinlætislögn í íbúðarhús bæjarins við Miklubraut.

4. Lögð fram greinargerð héraðslæknisins í Reykjavík, dags. 24. þ. m., um framtíðarskipulag heilbrigðismála bæjarins.

5. Samþ. að heimila borgarstjóra að hafa makaskipti á lóð við Seljaveg og lóð Steinunnar Sigurðardóttur við Vesturgötu 60.

6. Lagðar fram tillögur frá stjórn Íþróttavallarins um, hvernig verja skuli nú í sumar framlagi skv. fjárhagsáætlun til undirbúnings íþróttasvæða í bænum, kr. 200.000.-. Bæjarráð samþ. tillögurnar.

7. Lagt fram bréf frá Verkakvennafél. Framsókn, dags. 16. þ.m., um breytingu á kaupi hreingerningakvenna. Falið borgarstjóra til athugunar.

8. Staðfest úthlutun lóðanna nr. 37, 39, 41 við Eskihlíð til Byggingarsamvinnufélags barnakennara, vegna þessara félagsmanna:

Nr. 37, Marteins Skaftfells og Egils Jónssonar
- 39, Guðrúnar Jóhannesdóttur og Braga Sigurðssonar
- 41, Stefáns Jónssonar og Ólafs Magnússonar.

Byggingarfrestur til 1. júlí n.k.

9. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufél. starfsmanna Stjórnarráðsins kost á lóðinni nr. 40 við Háteigsveg, sem Hinrik Sv. Björnsson og Gunnl. Pétursson afsala, með ósk um framsal til félagsins. Byggingarfrestur til 1. júlí n.k.

10. Enn rætt um úthlutun íbúðanna í Skúlagötuhúsunum.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

andi lóðarinnar Sörlaskjól 18.

16. Bæjarráð telur ekki rétt, að gert verði leiksvæði fyrir börn á horni Háteigsvegar og Rauðarárstígs, en felur bæjarverkfræðingi að láta opna leiksvæði fyrir sunnan Flókagötu.

17. Lagt fram bréf frá Halldóri Stefánssyni og Jóhannesi Kristjánssyni, dags. 21. f.m., varðandi byggingu á lóðinni Blönduhlíð 33. Ákveðið að biðja um umsögn byggingarfulltrúa og skipulagsmanna um málið, fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 2. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að fela húsameistara bæjarins að gera uppdrætti að barnaskóla við Kambsveg, ofan við Hólsveg, í samráði við fræðsluráð og fræðslufulltrúa.

2. Samþ. að fela húsameistara bæjarins að láta gera áætlun um kostnað við að setja þak á Austurbæjarskólann, án þess að reisa hæð ofan á húsið.

3. Lögð fram tilboð, sem borist höfðu í þvottavélar og fatahreinsunarvélar m.tilh. í Camp Knox.
Málið falið borgarstjóra til nánari athugunar.

4. Erindi frá h.f. Eimskipafél. Íslands, dags. 23. f.m., varðandi geymslupláss hjá Camp Knox, vísað til afgreiðslu sölunefndar eigna í herskálahverfinu.

5. Samþ. að innheimta ekki dráttarvexti af fyrirframgreiðslum upp í útsvör 1947, sem féllu í gjalddaga 1. mars, 1. apríl og 1. maí, þeirra gjaldenda, sem ljúka fyrirframgreiðslu að fullu (50% af útsvari 1946) fyrir 20. þ.m.

6. Eftir beiðni Árna Jónssonar, Hvg. 61, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Laugateig 4 við hann og Guðjón Finnbogason, Höfðatúni 5.

7. Guðbjartur Stefánsson afsalar lóðinni Langholtsv. 142.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Laugateig 10 við Guðbr. Guðjónsson og Pál Guðjónsson, Meðalh. 4.

9. Lóðaumsókn frá Byggingarsamvinnufél. ökumanna vísað til lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

10. Erindi frá h.f. Vélsmiðjunni Jötun, dags. 17. f.m., um lóðir til að flytja á íbúðarhúsin Dvergastein, Sólbakka, Pálsbæ og Lághv. 2, vísað til lóða úthlutunarmanna til fyrirgreiðslu.

11. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti sölu á húsi við Sogaveg 126 til Guðjóns Ólafssonar, Bergþ. 15, en vekur athygli kaupanda á lóðarréttindum hússins.
Tilkynnt söluverð kr. 12.000.-.

12. Erindi frá Einari Kristjánssyni o.fl. um lóð undir tilbúið stálgrindahús, vísað til lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

13. Samþ. að heimila Magnúsi Sigurðssyni kaup á íbúð í húsinu Sigtún 29 og Snorra Benediktssyni heimiluð kaup á íbúð í húsinu Blönduhlíð 3.

14. Synjað erindum frá Guðmundínu Bergmann og Sigurjóni Sigmundssyni um leyfi til kaupa á íbúðum í húsunum Sörlaskjól 16 og Eskihlíð 16.

15. Samþ. að heimila Haraldi Guðjónssyni, Sörl. 18, að verða leigjandi lóðarinnar Sörlaskjól 18.

16. Bæjarráð telur ekki rétt, að gert verði leiksvæði fyrir börn á horni Háteigsvegar og Rauðarárstígs, en felur bæjarverkfræðingi að láta opna leiksvæði fyrir sunnan Flókagötu.

17. Lagt fram bréf frá Halldóri Stefánssyni og Jóhannesi Kristjánssyni, dags. 21. f.m., varðandi byggingu á lóðinni Blönduhlíð 33, Ákveðið að biðja um umsögn byggingarfulltrúa og skipulagsmanna um málið, fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 28. apríl síðastl.

19. Allshn. neðri deildar Alþingis óskar eftir umsögn bæjarráðs um frv. til laga um breytingu á útsvarslögunum, þskj. 664. Bæjarráð telur breytinguna varhugaverða, en felur borgarstjóra að semja umsögn.

20. Borgarritara falið að gera till. að umsögn um frv. til laga um brunamál, sem allshn. neðri deildar sendir til umsagnar, þskj. 685.

21. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra, dags. 1. apríl, um sjúkraflutninga slökkviliðsins.

22. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um starfsemina á fyrsta ársfjórðungi þ.á.

23. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 29. apríl.

24. Lögð fram tilkynning um ályktun áfengisvarnarnefndar kvenfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði á fundi 29. f.m., um að láta tillögur Alfreds Gíslasonar, læknis, til úrbóta áfengisvandamálinu, koma til framkvæmda hið fyrsta.

25. Lagður fram reikningur Handíða- og myndlistaskólans árið 1946.

26. Lögð fram umsögn lögreglustjóra um erindi frá Bryndísi Ólafsdóttur um að hafa kaffivagn við höfnina. Erindinu synjað.

27. Lögð fram umsókn Ungmennafél. Reykjavíkur, dags. 22. f.m., um 20 þús. kr. styrk til að senda flokk glímumanna til Noregs nú í þessum mánuði.

28. Lagt fram bréf frá fulltrúaráði Sjómannadagsins, dags. 9. f.m., með tilboði um, að bærinn kaupi eitt eða fleiri herbergi í fyrirhuguðu hvíldarheimili sjómanna, sem bæjarmenn ættu forgangsrétt að.

29. Lagt fram bréf frá Golfklúbbi Íslands, dags. 16. f.m., um að nafni félagsins hafi verið breytt í Golfklúbb Reykjavíkur.

30. Lögð fram umsókn Jóns D. Jónssonar um að verða ráðinn fastur sundkennari við Sundhöllina.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 9. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gera samning um leigulóðina Hofteig 21 við Ingibjörgu Kristjánsdóttur og Ragnar Þorgrímsson, Laugarnesv. 52.

2. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við beiðni Jóns og Oddgeirs Sveinssona um byggingu við húsið Brú á erfðafestulandinu Brúarbletti.

3. Synjað beiðni um byggingu íbúðar- og verslunarhúss á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XL.

4. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu löndin Kringlumýrarbl. XIV og XXIV og Sogamýrarbl. XXI, XXXIX og XL að nokkru.

5. Lóðarumsókn frá byggingarsamvinnufél. Hofgarði vísað til lóðarúthlutunarmanna til meðferðar.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Laugateig 6 við Jón Sigurðsson, Barón. 61, og Arthur Ísaksson, Engihlíð 7.

7. Samþ. að gera leigusamning um Barmahlíð 44 við Sveinbjörn Guðlaugsson, Framnv. 30, og Egil Hjálmarsson.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Sigtún 35 við Þorstein Löve, Mjóuhl. 8, og Stefán Bjarnason, Sigtúni 35.

9. Erindi frá bifreiðaeftirlitinu um hentuga lóð fyrir starfsemi stofnunarinnar vísað til skipulagsmanna til athugunar.

10. Lagt fram bréf frá verkamannafél. Dagsbrún, dags. 6. þ.m., með tilkynningu um uppsögn samnings félagsins við Reykjavíkurbæ frá og með 7. júní nk.

11. Samþ. að verða við beiðni Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, dags. 1. apríl þ.á., um land til ræktunar fyrir neðan háskólalóðina, eftir nánari útvísun ræktunarráðunautar og með svipuðum skilmálum og garðlönd eru leigð, þ.á.m. leigutíma frá ári til árs. Ennfr. sett það skilyrði, að umsækjandi sleppi jafnframt garðlandi sínu í Kringlumýri.

12. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 6. þ.m. Bæjarráð samþ. tillögu nefndarinnar í 3. lið og veitir nefndinni jafnframt heimild til að láta gera samskonar breytingar á dieseltogurunum, sem verða smíðaðir fyrir bæinn.

13. Samþ. að fela garðyrkjuráðunaut bæjarins að annast um blettinn fyrir framan Kvennaskólann, enda verði garðurinn opinn fyrir almenning eftir nánara samkomulagi við skólastjórnina.

14. Samþ. að heimila aðalbókara Rafmagnsveitunnar þriggja mánaða frí frá störfum, vegna veikinda. Rafmagnsstjóra falið að ráðstafa embættinu á meðan.

15. Lóðarumsókn Hersteins Pálssonar o.fl. vísað til lóðaúthlutunarmanna.

16. Erindi frá innheimtumönnum Rafmagnsveitunnar, dags. 11. des. f.á., um starfskjör þeirra, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

17. Samþ. með 4:1 atkv. að vísa til afgreiðslu rafmagnsstjóra erindi frá Margréti Gestsdóttur varðandi launakjör.

18. Samþ. tillaga forstöðumanns endurskoðunardeildar bæjarins, dags. 26. febr., um launakjör Jóhanns Óskars Guðmundssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram bréf frá heilsuverndarstöðvarnefnd, dags. 9. þ.m., um staðsetningu heilsuverndarstöðvar. Falið skipulagsmönnum til athugunar fyrir næsta bæjarráðsfund.

20. Samþ. að fela 6 manna nefnd, 3 tilnefndum af bæjarráði og 3 fulltrúum frá íþróttafélögunum Ármanni, Í.R. og K.R., að hafa með höndum undirbúning að hátíðarhöldum hér í bænum 17. júní næstk. og stjórna þeim.

21. Lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna á eignarnámssvæði eignarinnar nr. 7 við Brunnstíg.

22. Lagt fram frv. til laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., sem nú liggur fyrir Alþingi, en landbúnaðarnefnd neðri deildar hefir óskað eftir umsögn bæjarráðs um frv.
Borgarstjóri skýrði frá, hverjar breytingar hann teldi einkum þurfa að gera á frv., frá sjónarmiði bæjarins.
Samþ. að fela borgarstjóra að senda umsögn um frumvarpið.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, laugardaginn 17. maí, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram mat yfirhúsaleigunefndar á húsaleigu í bæjarbyggingunum 64 - 68 við Skúlagötu.

2. Ákveðin úthlutun íbúðarhúsnæðis í húsunum 68 - 80 við Skúlagötu. Samþ. að húsaleiga verði skv. mati yfirhúsaleigunefndar.

3. Synjað erindi frá Jóni Gissurarsyni um breytingar á skilmálum um efri hæð hússins nr. 12 við Borgarveg.

4. Samþ. 25 ára leigutími á lóðinni Borgarveg 12.

5. Bréfi frá A. Jóhannsson & Smith Ltd., dags. 30. f.m., um iðnaðarlóð við Stórholt vísað til lóðarúthlutunarmanna til athugunar.

6. Eftir beiðni Ingólfs Helgasonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 27 við Blönduhlíð við konu hans, Guðlaugu Ólafsdóttur, Samtúni 28.

7. Synjað erindi frá Sig. Ág. Þorlákssyni um leyfi til að halda áfram byggingu við Blesugróf, sem hann hefir hafið í óleyfi.

8. H.f. Keilir afsalar lóðinni Skipasund 66.

9. Samþ. að afhenda lóðina Kirkjuteig 9 sem lóð fyrir prestssetur í Laugarnessókn.

10. Samþ. að ætla lóð við Hofsvallagötu sunnanverða undir prestssetur í Nessókn, eftir nánari útvísun síðar.

11. Samþ. að leyfa Sjómannadagsráðinu að reisa skúr í Örfirisey, til bráðabirgða, meðan á fyrirhugaðri sýningu stendur.

12. Samþ. að Sigurjón Sigmundsson megi kaupa íbúð í húsinu Eskihlíð 16.

13. Samþ. að Helgi Jónsson, Máv. 21, megi kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 20.

14. Samþ. að gera samning um lóðina Mávahlíð 40 við Sigurð Þórðarson, Garð. 4, og Braga Kristjánsson, Hvg. 108.

15. Samþ. að Jón Sigurðsson, Hrísateig 3, megi verða leigjandi lóðarinnar Hitaveitutorg 8.

16. Bæjarráð samþ. að ætla heilsuverndarstöð lóð, annaðhvort á svæðinu milli Barónsstígs og Hringbrautar, Egilsgötu og Sundhallar, eða syðst í Hljómskálagarðinum.

17. Lagt fram bréf frá heilsustöðvarnefnd, dags. 16. þ.m., varðandi stofnun lækningastöðvar.

18. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Soganýrarbl. LIX fyrir kr. 185.000.-. Hafnað.

19. Samþ. að afturkalla úthlutun 150 byggingarlóða skv. framlagðri skrá, og aðvara leiguhafa 81 lóðar, skv. annari skrá, um að hefja þegar byggingarframkvæmdir og halda þeim áfram.

20. Borgarstjóra heimilað að leigja hestamannafél. Fák beitilöndin Geldinganes og Breiðholtsgirðingu nú í sumar svo sem að undanförnu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Borgarstjóra heimilað að leigja Stangaveiðifélaginu veiði í Laxá í Kjós, með sama hætti og síðastl. ár.

22. Lagt fram bréf frá útfarasiðanefnd Kirkjugarðsstjórnarinnar, dags. 15. f.m., varðandi líkgeymslu í heimahúsum, með umsögn dr. Jóns Sigurðssonar, heilbrigðisfulltrúa.

23. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 13. þ.m.

24. Samþ. að veita Lúðvík Ásgrímssyni, Bergst.str. 8, löggildingu sem pípulagningameistara við vatns- og hitaveituna.

25. Erindi Ferðaskrifstofu ríkisins, dags. 14. þ.m., um afnot Melaskólans nú í sumar til þess að sjá utanbæjarfólki fyrir næturgistingu, vísað til fræðsluráðs. Bæjarráð tekur fram, að það telur ekki fært að ráðstafa skólahúsinu á þenna hátt nú í sumar.

26. Lagt fram bréf frá Hallgrími Jónssyni fyrrv. skólastjóra, dags. 9. þ.m., með gjafabréfi Verðlaunasjóðs fullnaðarprófsbarna í Reykjavík.

27. Lagðar fram umsóknir um meðmæli til að fá veitingaleyfi frá Brandi Búasyni, Hverf. 121, og Guðrúnu Ingólfsdóttur, Óð. 13. Vísað til bæjarstjórnar.

28. Lagðir fram reikningar sjúkrasjóðs hins ísl. kvenfélags árin 1944 - '46.

29. Tilnefndir voru í hátíðarnefnd 17. júní: Jakob Hafstein lögfr., Skúli Norðdahl stúdent og Vilhelm Ingimundarson prentara.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Auður Auðuns.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, miðvikudaginn 21. maí, kl. 6 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá verkamannafél. Dagsbrún, dags. 19 þ.m., ásamt tillögum um breytingar á samningi félagsins við bæinn um kaup og kjör verkamanna.

2. Rætt um fyrirkomulag sumardvalabarna nú á þessu sumri og fjárveitingu í því skyni, sbr. fjárhagsáætlun, gjl. VIII 2. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

3. Lagðar fram tilkynningar um tilnefningu íþróttafélaganna á mönnum í 17. júní - nefnd:

Frá Ármanni : Jens Guðbjörnsson.
- Í. R. : Sigurpáll Jónsson.
- K. R. : Erlendur Ó. Pétursson.

4. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að halda megi útisamkomu á Austurvelli sjómannadaginn 1. júní næstk., enda verði þess gætt, að fólk fari ekki út á grasvellina.

5. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bifreiðakostnað starfsmanna Rafmagnsveitunnar.

6. Lagt fram bréf frá raforkumálastjóra, dags. 16. þ.m., með beiðni um ca. 1 ha. leigulóð undir starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins, Rafmagnseftirlitsins og Jarðborana ríkisins. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

7. Lagt fram bréf frá Sveini Egilssyni h.f., dags. 14. maí, þar sem því er mótmælt, að gerð verði benzínstöð á Hlemmi.

8. Rætt um framleiðslu barnamjólkur og lögð fram nokkur skjöl varðandi búrekstur og barnamjólk.
Jón A. Pétursson spurðist fyrir um, hvort mjólkin, sem nú er framleidd á Korpúlfsstöðum, hafi verið rannsökuð af mjólkureftirlitsmanni, og ef svo væri, þá hvað sú rannsókn hefði leitt í ljós.
Vegna fyrirspurnarinnar kvaðst borgarstjóri mundu afla skýrslu frá héraðslækni um málið, fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.

7. Samþ. að Högni Halldórsson hafi heimild til að nytja áfram þá hluta erfðafestulandsins Kleppsmýrarbl. XII, sem bærinn þarf ekki að taka úr erfðafestu nú, að óbreyttum erfðaleiguskilmálum, þ.á.m. ákvæðum um uppsögn og endurkaupsverð. Bæjarverkfræðingi falið að ákveða nánar mörk þeirra hluta landsins, sem Högna verður heimilað að halda enn á erfðafestu.

8. Samþ. að heimila stækkun á húsi á erfðafestulandinu Sogabl. IV, um allt að 6 metr. til austurs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 30. maí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð samþ. að sinna ekki erindum varðandi réttindi yfir byggingarlóðum frá umsækjendum sem skulda áfallin og gjaldkræf bæjargjöld, einkum útsvör.

2. Borgarstjóra heimilað að veita byggingarfrest til 15. júlí n.k. á eftirgreindum lóðum, enda fullnægi umsækjendur skilyrðum skv. 1. lið:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Efstasund | 82. | | |
| Langholtsv. | 83, 85, 90, 92, 94, 96, 97, 99, 103, 144, 146, 156, 168. | | |
| Skipasund | 5. | Nökkvavogur | 17, 19, 26, 28, 46. |
| Karfavogur | 23. | Hofteigur | 8. |
| Laugateigur | 14, 18. | Sigtún | 23. |
| Sundlaugav. | 20. | Sörlaskjól | 9. |
| Faxaskjól | 4. | Barmahlíð | 33. |
| Bólstaðarhl. | 7, 12. | Blönduhlíð | 2. |
| Drápuhlíð | 32. | Flókagata | 59. |
| Úthlíð | 12. | Mávahlíð | 41. |

Ennfr. heimilað að veita byggingarfresti til sama tíma á lóðunum Laugateig 54, 56 með skilyrði um að fyrirhugaðri byggingu verði breytt, og Mávahlíð 42, 44 að því tilskildu, að unnt sé að byggja á þeim lóðum, vegna samninga við Gest Guðmundsson, Reykjahlíð.

3. Samþ. að Kjartan Ólafsson Njarð. 47 og Silli og Valdi megi skipta á lóðunum Flókag. 55 og Blönduhlíð 12, með byggingarfresti til 15. júlí n.k.

4. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. ágúst n.k.:

H.f. Jötunn fær Skipasund 7, 27, 31, til að flytja á þær hús, að áskildu samþykki byggingarnefndar.
Jón Oddgeir Jónsson fær Skipasund 55, til að flytja þangað húsið Ing. 4, að tilskildu samþykki byggingarnefndar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Össur Aðalsteinsson, Háv. 3 | fær | Sörlaskjól | 6 |
| Jón B. Kristinsson, Rán. 33A | - | - | 8 |
| Daníel Gíslason, Gren. 35 | - | - | 20 |
| Benedikt Einarsson, Ægissíðu 103 | - | Ægissíðu | 103 |
| Hallgrímur Oddsson, Víf. 4 | - | Háteigsveg | 42 |
| Fríður Pietsch, Reykjum | - | Silfurteig | 5 |
| Guðm. Hannesson, Mjóuhl. 8 | - | Laugateig | 35 |
| Jón Jóhannesson, Hvg. 104 | - | - | 36 |
| Ásgeir Magnússon, Lvg. 27 | - | Karfavog | 13 |
| Jón Sigtryggsson, Ásv. 5 | - | - | 17 |
| Guðm. Jónsson, Hringbr. 147 | - | Nökkvavog | 15 |
| Einar Ásgeirsson, Berg. 61 | - | - | 54 |
| Ingvar Brynjólfsson, Helgadal | - | Langholtsv. | 95 |
| Ólafur Ásgeirsson, Njg. 102 | - | - | 142 |
| Einar Kristjánsson, Samtúni 12 | - | - | 187. |
| Bóas Hannibalsson, Lvg. 11 | - | - | 170. |

5. Synjað erindi frá Jóhannesi Bjarnasyni, Hvg. 108 o.fl. um lóð undir kvikmyndahús í Kleppsholti.

6. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. IX fyrir kr. 45.000.--. Hafnað.

7. Samþ. að Högni Halldórsson hafi heimild til að nytja áfram þá hluta erfðafestulandsins Kleppsmýrarbl. XII, sem bærinn þarf ekki að taka úr erfðafestu nú, að óbreyttum erfðaleiguskilmálum, þ.á. m. ákvæðum um uppsögn og endurkaupsverð. Bæjarverkfræðingi falið að ákveða nánar mörk þeirra hluta landsins, sem Högna verður heimilað að halda enn á erfðafestu.

8. Samþ. að heimila stækkun á húsi á erfðafestulandinu Sogabl. IV, um allt að 6 metr. til austurs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbletti X, ásamt húseigninni Hlíðarenda fyrir kr. 210.000.-. Samþ. að nota forkaupsréttinn.

10. Erindi frá h.f. Byggingarfél. Brú, dags. 28. febr. þ.á., varðandi afnot Defensoreignarinnar, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

11. Lagt fram og rætt frv. að leigusamningi við Fæðiskaupendafélagið um húsnæði í Camp Knox.

12. Synjað beiðni Adolfs Albertssonar um leyfi til að flytja setuliðshús frá Brúarlandi í Mosf. á lóðina Langholtsveg 186.

13. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við beiðni frá Guðrúnu Daníelsdóttur um útmælda byggingarlóð hjá Litlubrekku á Grímsstaðaholti.

14. Samþ. að gera samning um Langhv. 136 við Guðm. Eyjólfsson og Lúðvík Dalb. Þorsteinsson. Heimild til borgarstjóra.

15. Borgarstjóra heimilað að leyfa að Peter Dam, Rauð. 13, megi verða meðeigandi húseignarinnar Mávahlíð 37.

16. Borgarstjóra heimilað að leyfa Guðna Guðmundssyni, Eskihlíð 12, að kaupa íbúð í húsinu Laugateig 4.

17. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að hafa megi verslun í húsi við Karfavog 31.

18. Erindi frá Verksm. Fram um rafmagn til iðnaðar, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

19. Eftir beiðni Katrínar Pálsdóttur, Nýl. 15 A, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Flókagötu 56 við Þorgrím Friðriksson, Reykjahlíð 12.

20. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða Óskar Guðmundsson, rafvirkja, sem fastan starfsmann hjá Rafmagnsveitunni með launum skv. X. flokki, sbr. bréf rafmagnsstjóra 15. apríl þ.á.

21. Samþ. að veita Halldóri Nikulássyni, Hringbr. 126, löggildingu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitur í Reykjavík.

22. Lagt fram bréf frá Verkamannafél. Dagsbrún, dags. í dag, með tilkynningu um vinnustöðvun allra Dagsbrúnarmanna frá og með 7. júní n.k., hafi ekki tekist nýir samningar um kaup og kjör verkamanna fyrir þann tíma.

23. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 28. þ.m., varðandi kjör vélstjóra (hlunnindi) við dælustöðina á Reykjum. Vísað til borgarstjóra til meðferðar.

24. Bæjarráð samþ. að tilkynna réttum aðilum, að nú þegar og ekki síðar en 1. júlí næstk., þurfi að rýma af Sandvíkurbletti fyrirhugað grunnstæði Neskirkju, svo að hefja megi þar byggingarframkvæmdir.

25. Samþ. að leggja til að Skógræktarfél. Reykjavíkur verði veittar kr. 30 þús. til framræzlu á landi félagsins í Fossvogi.

26. Tillögu Katrínar Pálsdóttur frá bæjarstjórnarfundi 22. þ.m., um athugun á möguleikum til að hafa leikskóla og dagheimili í barnaskólunum nú í sumar, vísað til fræðslufulltrúa til athugunar.

27. Lagt fram erindi frá Skáksamb. Íslands og Taflfél. Reykjavíkur, dags. 24. þ.m., um að bæjarsjóður taki nokkurn þátt í kostnaði við endurbætur á húsnæði í Camp Knox.

28. Bæjarráð synjar erindi frá póst- og símamálastjóra um að hafa lausan skúr á hjólum við endastöð hafnarfjarðarvagnanna á Lækjargötu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 20. þ.m.

30. Bæjarráð telur ekki ástæðu til að breyta launakjörum Gróu Jóhannesdóttur starfsstúlku í Baðhúsinu.

31. Samþ. að skipa Sigurgísla Guðnason fastan starfsmann hjá Vatns- og Hitaveitunni, með launum skv. VIII. flokki, sbr. bréf hitaveitustjóra 26. mars þ.á.

32. Lagðar fram umsóknir frá 20 eigendum íbúða í húsunum Hringbr. 137 - 147, og ennfr. frá einum leigjanda, um leyfi til að reisa bílskúra á lóðinni, sem fylgir húsunum.
Bæjarráð samþ. að heimila byggingu bílskúranna, eftir fyrirsögn húsameistara bæjarins, og að sjálfsögðu að fengnu samþykki byggingarnefndar.
Húsameistara og borgarritara falið málið til meðferðar.

33. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna Háskóla Íslands kost á 2 lóðum til viðbótar þeim 10, sem félaginu var gefinn kostur á hinn 10. jan. síðastl.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, laugardaginn 7. júní, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. lóðaúthlutun með byggingarfresti til 1. ágúst n.k. og að því tilskildu, að umsækjendur séu skuldlausir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Friðrik Einarsson, Efst. 55 | fær | Hátún | 39 |
| Gunnar Ólafsson, Skúl. 64 | - | - | 43 |
| Einar Einarsson, Berg. 11 | - | - | 45 |
| Ásgeir Ásgeirsson, Rauð. 19 | - | - | 47 |
| Einar Einarsson, Vest. 25 | - | Miðtún | 78 |
| Hilmar Árnason, Hrís. 16 | - | - | 80 |
| Teitur Magnússon, Nesv. 35 | - | - | 90 |
| Hólmjárn J. Hólmjárn | - | Snekkjuvog | 19 |
| Haraldur Bjarnason, Reyn. 28 og | | | |
| Einar Kristjánsson, Reyn. 48 | fá | - | 21 |
| Gunnar Steindórsson, Brekk. 3 | fær | Mávahlíð | 30 |
| Grímur Gíslason, Auð. 15 o.fl. | - | - | 32 |
| en þeir afsala Drápuhlíð 14-16. | | | |
| Haraldur Haraldsson, Hrís. 19 o.fl. | fá | - | 43-45 |
| Guðm. Jónasson, Þverh. 20 | fær | Bólstaðarhlíð | 4 |
| Hannes M. Þórðarson, Mán. 20 o.fl. | fá | - | 5 |
| Guðjón Bernharðsson, Njg. 79 | fær | Skaptahlíð | 7 |
| Sverrir Sigurðsson, Ásv. 1 | - | Úthlíð | 5 |
| Ágúst Jónsson, Njg. 65 o.fl. | fá | - | 7 |
| Tómas Ólason, Njg. 60 | fær | - | 9 |
| Guðjón Vilhjálmsson, Hvg. 102 | - | - | 11 |
| Gunnl. S. Jónsson, Mánag. 13 | - | - | 13 |
| Benedikt Bergmann, Þórsg. 19 | - | Háteigsveg | 52 |
| Óli M. Ísaksson, Frakk. 6A | - | - | 54 |
| Pétur Guðmundsson, Hrb. 184 | - | Blönduhlíð | 14 |
| Davíð Grímsson, Lauf. 50 | - | - | 23 |
| Óskar Bjartmarz, Berg. 21 | - | - | 29 |
| Óskar Gíslason, Skeggjag. 5 | - | - | 35 |
| Kristján Kristjánsson, Bráv. 48 | - | Drápuhlíð | 14 |
| Guðm. Kristjánsson, Eskihlíð D | - | - | 16 |
| Ingólfur Ísebarn, Barmahlíð 3 | - | - | 46 |
| Guðjón Jónsson, Lvg. 87 | - | Hraunteig | 26 |
| Björn Pálsson, Sigtúni 41 | - | Sigtún | 21 |
| Byggingarsamvinnufél. Hofgarður | - | Laugateig | 12,16. |

2. Samþ. að gefa Jakobi A. Stefánssyni, Þórsg. 20, kost á Barmahlíð 48 gegn afh. Mávahl. 45, sem öðrum hefir verið gefinn kostur á.

3. Borgarstjóra heimilað að veita byggingarfresti til 15. júlí n.k. á þessum lóðum, með skilyrði um að umsækjendur séu skuldlausir við bæjarsjóð: Skipasund 12, 70 - 76 rétt nr., Efstasund 67 - 83 stök nr., Langholtsv. 102, 132, 134, 148, 160, 176. Nökkvavogur 6, Laugateigur 11, 23, 29, Bólstaðarhlíð 13, 15, Flókagata 57, Mávahlíð 23, 27, 29, Drápuhlíð 10 - 12, 13, Sörlaskjól 90.

4. Borgarstjóra heimilað að verða við umsókn frá Silla & Valda um bílskúr við Furumel.

5. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við umsókn Dagbjartar Lýðssonar um lóðarréttindi með sumarbústað í Lambhagalandi.

6. Synjað beiðni frá Ingimundi Hallgrímssyni um leyfi til að reisa bílskúr á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXI.

7. Synjað beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Laugamýrar-bl. XXX.

8. Samþ. að tilkynna Sigurði S. Thoroddsen að rýma beri, með mánaðar fyrirvara, lóð við Hafnarsmiðjuna, sem honum var leigð með samningi 28. maí 1941.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Samþ. að heimila Ólafi Tryggvasyni kaup á íbúð í húsinu Mávahlíð 24.

10. Samþ. að heimila Albert Guðmundssyni kaup á eigninni Skipasund 15.

11. Erindi frá íbúum við Fossagötu um skolplögn í götuna, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

12. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða Jón Bjarnason, CampKnox A 7, starfsmann hjá Rafmagnsveitunni með launum skv. XI. launaflokki.

13. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða Jón Sigurþórsson starfsmann hjá Rafmagnsveitunni með hámarkslaunum samkv. XI. launafl.

14. Samþ. að verða við beiðni Gunnlaugs E. Brien um rafmagnsheimtaug í sumarbústað hans við Elliðavatn, með þeim skilyrðum að heimtaugin verði lögð þegar Rafmagnsveitan sér sér fært og að hann greiði þriðjung kostnaðar sem heimtaugargjald.

15. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að láta framkvæma prófsprengingar fyrir undirgöngum vegna virkjunar Sogsins. Ennfremur samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða A.B. Berdal verkfræðing sem ráðunaut virkjunarinnar, enda samþykki bæjarráð ráðningarkjörin.

16. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að undirbúa byggingu íbúðar- og geymsluhúss við Sogsvirkjunina í samráði við húsameistara bæjarins.

17. Lögð fram beiðni frá landeigendum og ábúendum við Selásveg, um að nú þegar verði hafist handa um lagningu Selásvegar. - Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við þessari beiðni, meðan vegir eru ólagðir um ýms lönd bæjarsjóðs.

18. Lagðar fram beiðnir frá Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga og Eiríki Ormssyni h.f. um iðnaðarlóðir. - Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

19. Bæjarráð samþ. að skora á vegamálastjórnina að halda við gamla Þingvallaveginum frá Geithálsi.

20. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur frá síðasta bæjarstjórnarfundi um stofnun dagheimilis í Kleppsholtinu.

21. Lögð fram greinargerð fræðslufulltrúans um leikskóla. Samþ. að fela fræðslufulltrúanum að reyna að koma upp leikskólum í gamla Stýrimannaskólanum og málleysingjaskólanum.

22. Samþ. að fela fræðslufulltrúanum að hafa eftirlit með sumardvalarstarfsemi þeirra aðila, er fá styrk til hennar úr bæjarsjóði og stuðla að því, að fullnægt sé eftirspurn eftir sumardvöl Reykjavíkurbarna.

23. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 3. júní s.l.

24. Lagt fram bréf héraðslæknis, dags. 4. júní, ásamt frv. að nýrri heilbrigðissamþykkt.

25. Lögð fram beiðni frá Verksmiðjunni Skírni h.f. um 60 þús. kr. lán úr bæjarsjóði. Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.

26. Samþ. að veita Sjómannadeginum leyfi til veitingasölu í Örfirisey meðan dýrasýningin stendur yfir þar.

27. Lögð fram tilkynning frá Reykvíkingafélaginu um að það hafi tilnefnt Sigurð Halldórsson trésmíðameistara og Vilhjálm Þ. Gíslason skólastjóra í nefnd til að undirbúa sýningu um þróunarsögu höfuðstaðarins.

28. Rætt um hátíðahöldin 17. júní.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar marz - maí.

30. Lögð fram tilkynning frá Verkamannafélaginu Hlíf um að félagið hafi samþykkt verkbann á allar vörur eða flutningatæki, sem Verkamannafél. Dagsbrún lýsir í bann frá 7. júní, og ennfremur samúðarvinnustöðvun frá og með 11. júní hjá h.f. Eimskipafél. Íslands, Skipaútgerð ríkisins, Reykjavíkurbæ og Vinnuveitendafélagi Íslands.

31. Lagðar fram tillögur sáttanefndar til lausnar Dagsbrúnardeilunni.

32. Rætt um byggingar íbúðarhúsa.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á D.

Ár 1947, sunnudaginn 8. júní, kl. 6½ e.h., hélt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagðar fram tillögur sáttanefndar til lausnar á vinnudeilu verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Reykjavíkurbæjar, dags. 6. þ.m. Bæjarráð samþykkir með 4:1 atkv. að fallast á tillögurnar og heimilar borgarstjóra að gera nýjan samning við Dagsbrún skv. þeim.
Sigfús Sigurhjartarson gerir svofellda grein fyrir atkv. sínu:

"Eg tel að fjölskylda geti ekki lifað af þeim launum, sem Dagsbrúnarmaður ber úr býtum fyrir dagvinnu, en að bæjarfélaginu beri að stuðla að því að svo megi verða, og get eg því ekki greitt atkvæði með neinni þeirri lausn á deilu þeirri, sem nú stendur yfir milli Dagsbrúnar og bæjarins, sem ekki felur í sér verulega launahækkun".

Borgarstjóri lagði fram símskeyti frá verkamannafél. Þrótti, Siglufirði, með tilkynningu um samúðarvinnustöðvun af hálfu félagsins á hendur Reykjavíkurbæ, frá og með 17. þ.m., hafi þá ekki tekist samningar á milli bæjarins og Dagsbrúnar í yfirstandandi deilu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Auður Auðuns.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

9. Umsóknum frá Sig. Einarssyni og Karli Kristinssyni um bifreiðaskýli hjá Hringbraut 137 - 147 vísað til húsameistara og borgarritara til meðferðar.

10. Lagðar fram tillögur, sem voru samþykktar á fundi, sem nýlega var haldinn af formönnum allra kvenfélaga í bænum, eftir boði Kvenréttindafél. Íslands, varðandi leikvalla- leikskóla- og umferðarmál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á D.

Ár 1947, föstudaginn 13. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. ágúst n.k.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Barðavogur | 34 | fær | Jón Guðnason, Lvg. 83 |
| - | 36 | - | Jóhann Kr. Ólafsson, Hrb. 32 |
| - | 38 | - | Jónas Magnússon, Vit. 11 |
| - | 40 | - | Magnús Sigurjónsson, Víf. 17 |
| - | 42 | - | Halldór Guðjónsson, Eir. 13 |
| - | 44 | - | Kristinn Hafliðason, Sólv. 58 |
| Langholtsv. | 93 | - | Ólafur Bjarnason, Selj. 3A. |
| - | 101 | - | Guðbr. Benediktsson, Herskóla 35 |
| - | 154 | - | Ágúst Kristjánsson, Hrb. 33 |
| - | 164 | - | Olgeir Sigurðsson, Drápuhl. 23 |
| - | 180 | - | Páll Guðjónsson, Njarð. 35 |
| - | 185 | - | Baldur Teitsson, Leifsg. 9 |
| - | 186 | - | Haukur Vigfússon, Miðt. 72 |
| Skeiðavogur | 22 | - | Hugi P. Hraunfjörð, Fram. 58B. |
| Nökkvavogur | 9 | - | Þórður Guðjónsson, Kár. 2 |
| - | 37 | - | Hörður og Helgi Sigfússynir, Valfelli. |

Lóðirnar Langhv. 164, 186, Nökkvavogur 37 eru látnar með skilyrði um kaup á mannvirkjum.

2. Bæjarverkfr., hafnarstjóra, rafmagnsstjóra, vatns- og hitaveitustjóra, slökkviliðsstjóra, heilbrigðisfulltrúa, forstjórum strætisvagna og bæjarútgerðar falið að láta bæjarráði í té greinargerð um, hvort hentugt sé að sameina athafnasvæði þeirra stofnana, sem þeir veita forstöðu á einum stað að öllu eða einhverju leyti, og gera tillögur um staðsetningu til frambúðar fyrir starfsemi þeirra.

3. Samþ. með 4:1 atkv. að reisa smiðju, sem bæjarráð ákvað að stofnsetja síðastl. ár, á lóðinni hjá áhaldahúsi bæjarins, Njarðarstöðinni.

4. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur kost á lóð undir sambyggingu við Miklubraut norðan Stakkahlíðar (Blokk nr. 4).

5. Samþ. að heimila borgarstjóra að gera lóðarleigusamning, til 20 ára, um hæfilega lóð með Oddshöfða við Kleppsveg.

6. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hafi nýlega skrifað húsaleigunefnd tilmæli um að ráðstafa ekki til íbúðar neinu húsnæði, síst herskálum, sem losnar við það, að íbúarnir flytja í Skúlagötuhúsin.

7. Lögð fram skýrsla frá Magnúsi V. Jóhannessyni, dags. 4. þ.m., um möguleika fyrir því, að íbúar í herskálum á Skólavörðuholti flytji í spítalahverfið í Camp Knox. Falið borgarstjóra til nánari meðferðar.

8. Lagt fram bréf frá h.f. Tækni og Málmsteypu Eggerts Sveinssonar um leigu á geymsluhúsnæði í stað geymslu við Laufásveg, sem bréfritararnir verða að rýma, sbr. fundargerð 7. júní, 8. lið. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

9. Umsóknum frá Sig. Einarssyni og Karli Kristinssyni um bifreiðaskýli hjá Hringbraut 137 - 147 vísað til húsameistara og borgarritara til meðferðar.

10. Lagðar fram tillögur, sem voru samþykktar á fundi, sem nýlega var haldinn af formönnum allra kvenfélaga í bænum, eftir boði Kvenréttindafél. Íslands, varðandi leikvalla- leikskóla- og umferðarmál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Samþ. að gefa próf. Alexander Jóhannessyni kost á leigulóð á svæðinu sem ætlað er til íbúðarhúsabygginga fyrir starfsmenn háskólans, að tilskildu samþykki Byggingarsamvinnufélags starfsmannanna og háskólaráðs.

12. Borgarstjóri skýrði frá því, að fest hefði verið húsnæði í gamla Stýrimannaskólanum og Málleysingjaskólanum fyrir leikskóla í sumar og þegar ráðin forstöðukona fyrir annan þeirra. Bæjarráð ákvað sömu mánaðargjöld og tekin eru í leikskólum Sumargjafar.

13. Samþ. að hafa megi verslun í húsi á lóðinni Blönduhlíð 35.

14. Borgarstjóra heimilað að gera lóðarleigusamning um lóðina Nökkvavog 6 við Sigurjón Egilsson, Tjarn. 20.

15. Borgarstjóra heimilað að greiða styrk til sumardvalastarfsemi Vorboðans nú í sumar, eftir sömu reglum og öðrum verður greiddur styrkur í þessu skyni.

16. Erindi frá Barnaheimilisnefndinni Vorboða, um raflögn að skála fulltrúaráðs verklýðsfélaganna í Rauðhólum, vísað til umsagnar rafmagnsstjóra.

17. Samþ. að veita Þórði Finnbogasyni, Egilsg. 30, löggildingu til starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.

18. Lögð fram umsókn frá Glímufél. Ármanni, dags. 9. þ.m., um 20 þús. kr. styrk, til að senda íþróttaflokk á íþróttahátíð í Helsingfors nú í sumar.

19. Samþ. að skipa Gunngeir Pétursson sem aðstoðarmann hjá byggingarfulltrúa með launum skv. IX. fl.

20. Samþ. að veita Ernst Backmann frí frá störfum í Sundhöllinni til 1. sept., án launa.

21. Samþ. að veita Guðna Eyjólfssyni, yfirkyndara í Gasstöðinni, 3000 kr. utanfararstyrk nú í sumar.

22. Lagðar fram tilkynningar um samúðarverkfall í vinnudeilunni við Dagsbrún frá Verkamannafél. Húsavíkur, Verkamannafél. Akureyrar, Verklýðsfél. Norðfirðinga, Vörubílstjórafél. Þrótti, Verklýðs- og sjómannafél. Gerða- og Miðneshrepps, Félagi bifvélavirkja, Verkamannafél. Glæsibæjarhrepps, Verkamannafél. Raufarhafnar, Verklýðsfél. Borgarness, Verklýðsfél. Patreksfjarðar.

23. Samþ. að tilnefna Friðrik V. Ólafsson, skólastjóra, í nefnd til að undirbúa og sjá um norrænt iðnskólamót í Reykjavík.

24. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um beiðni Þorgeirs Jónssonar um rafmagnsheimtaug að Gufunesi.

25. Erindi frá Sigursæli Magnússyni um rafmagnsheimtaug í húsið Laugav. 118, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

26. Lagt fram álit nefndar, sem bæjarráð skipaði í mars síðastl., til að gera tillögur um rekstur Strætisvagnanna í Reykjavík. Ákveðið að fá umsögn forstjóra Strætisvagnanna um nefndarálitið.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Jóhann Hafstein. Auður Auðuns.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, mánudaginn 23. júní, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að tilkynna hlutaðeigendum, að úthlutun lóðanna Langhv. 154 og Nökkvavogar 37 á bæjarráðsfundi 13. þ.m., hafi verið gerð vegna misskilnings og jafnframt að framlengja byggingarfresti á lóðunum til 15. júlí n.k., fyrir þá sem áður höfðu lóðirnar.

2. Olgeir Sigurðsson afsalar Langhv. 164.

3. Bæjarráð leggur til að fallið verði frá ákvörðun um að byggja hæð ofan á Austurbæjarskólann, en í þess stað verði sett nýtt þak á húsið. Húsameistara falið að sjá um framkvæmdir.

4. Samþ. lóðaúthlutun, með byggingarfresti til 1. ágúst n.k.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Helgi Guðvarðsson, Rauð. 11 | fær | Hofteig | 28 |
| Guðbjörn Guðmundsson, Engihlíð | - | - | 20 |
| Árroði | - | Nesveg | 68 |
| Brynjólfur Erlingsson, Höfð. 7 | - | Karfavog | 15 |
| Einar Friðriksson, Nýl. 27 | - | - | 27 |
| Árni Egilsson, Bald. 9 | - | Langhv. | 164 |
| Þorsteinn Sigurfinnsson, Sólv. 45 | - | - | 172 |
| Sigfús Sigurðsson, Lok. 25 | - | Nökkvavog | 4 |
| Magnús Finnbogason, Sólv. 40, og Ágúst Böðvarsson | fá | Barmahlíð | 43 |
| Björn og Jón Ásmundssynir, Stórh. 26 | - | - | 45. |

5. Synjað erindi frá Byggingarsamvinnufél. Kletti um ráðstöfun á Nökkvavogi 44, en erindi félagsins, dags. 22. f.m., um byggingarfresti á allmörgum lóðum, vísað til borgarritara til nánari athugunar.

6. Synjað erindi frá Sigursteini Þórðarsyni, Brag. 30, um byggingarlóð í Sogamýri, þar sem engin lóð er laus þar.

7. Synjað beiðni um 75 ára leigusamning á lóðinni Skipasund 42.

8. Lóðarumsókn Söltunarstöðvarinnar, dags. 16. þ.m., vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

9. Erindi lögreglustjóra, dags. 9. þ.m., um svæði til geymslu óskilahrossa, vísað til umsagnar bæjarverkfræðings.

10. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti ekki leyfa bráðabirgðabyggingu á lóðinni Ant. 4.

11. Lagt fram bréf frá íbúum við Hringbraut, á milli Laufásvegar og Njarðargötu, um malbikun götunnar á þessum kafla.

12. Erindi frá Samb. ísl. berklasjúklinga, dags. 30. maí, um að fá að rista þökur í bæjarlandinu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu, að fengnum tillögum ræktunarráðunautar.

13. Erindi frá Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 18. þ.m., um afnot af herskála við Eiríksgötu, gegnt Suðurborg, synjað, að fenginni umsögn bæjarverkfræðings.

14. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 20. þ.m., varðandi íbúðarhús við Elliðaár. Bæjarráð samþ. tillögu rafmagnsstjóra um að halda áfram undirbúningi húsbyggingar fyrir 4 fjölskyldur vélgæzlumanna, ca. 450 rúmmetr. hverja íbúð.

15. Synjað erindi frá Birni Sv. Björnsson um rafmagn til hitunar á Kópavogsbraut 171.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 19. þ.m., varðandi rafmagnsheimtaug að Rauðhólaskála.

17. Lögð fram tillaga Jóhönnu Egilsdóttur frá bæjarstjórnarfundi 19. þ.m., varðandi leikvallargerð og barnagæzlu nálægt Hverfisgötu eða þar um slóðir.

18. Lögð fram tillaga stjórnar Menningar- og fræðslufél. Laugaholts, um að stofnsetja dagheimili fyrir börn í húsinu Hlíðarendi við Laugarásveg,

19. Lagðar fram tillögur, sem voru samþykktar á fundi í Iðnó 16. þ.m., sem var haldinn að tilhlutun kvenfélaganna í bænum.

20. Bæjarráð ályktar að fela bæjarfulltrúunum Auði Auðuns, Jóni Axel Péturssyni og Sigf. Sigurhjartarsyni að gera tillögur um framtíðarskipun, staðsetningu og tilhögun leikvalla, leikskóla og dagheimila í bænum, og einnig um það, hvaða framkvæmdir í þessum efnum sé æskilegt að ráðast í á næstunni.
Skal nefndin hafa samráð við fræðslufulltrúa og garðyrkjuráðunaut bæjarins.

21. Lögð fram skýrsla Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um starfsemina í Sælingsdalslaug síðastl. sumar.

22. Lögð fram tillaga Gísla Halldórssonar frá bæjarstjórnarfundi 19. þ.m., varðandi skipulagsmálefni, svo og viðaukatillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar um endurskoðun á skipulagslögunum.

23. Lögð fram umsókn frá Stúdentaráði háskólans um 2500 kr. styrk til þátttöku af hálfu Íslands í alþjóða æskulýðshátíð, sem verður haldin í Prag nú í sumar. Bæjarráð mælir með erindinu.

24. Lagt fram bréf frá Matsveina- og veitingaþjónafél. Íslands, dags. 14. þ.m., um skipun nefndar til að gera tillögur um reglur fyrir bæjarstjórn, til að fara eftir um veitingu meðmæla með veitingaleyfisbeiðnum. Falið borgarritara til athugunar.

25. Að fenginni umsögn lögreglustjóra var borgarstjóra heimilað að veita torgsöluleyfi á svæði við Hringbraut, gegnt Leifsgötu, og við Langholtsveg, norðaustan Sunnutorgs.

26. Erindi frá Elís Meyvantssyni um bætur vegna sjúkdóms, sem hann telur sig hafa hlotið í þjónustu Strætisvagnanna, vísað til forstjórans til umsagnar.

27. Lagt fram bréf frá ræktunarráðunaut bæjarins, dags. 13. þ.m., með uppdrætti af fyrirhuguðu garða- og sumarbústaðalandi við Rauðavatn.

28. Borgarstjóra heimilað að ráða Guðm. V. Jósefsson, cand.jur., til starfa í bæjarskrifstofunum, með launum skv. VII. flokki.

29. Samþ. að fela Þór Sandholt, arkitekt, að fara á skipulags- og byggingarmálasýningu í París, sem verður haldin nú í sumar.

30. Borgarstjóri skýrði frá því, að allmargir af verkstjórum (flokksstjórum) bæjarins væru félagsmenn bæði í Dagsbrún og Verkstjórafélagi Reykjavíkur.
Þar sem Dagsbrún hafi lýst yfir vinnustöðvun allra félagsmanna sinna frá og með 7. þ.m., hafi þessum verkstjórum ekki verið greitt kaup síðan vinnustöðvunin hófst, en hinsvegar verði að greiða öðrum verkstjórum kaup, nema að þeim sé sagt upp starfi, enda sinna þeir eftirlitsstörfum, eftir því sem þörf krefur.
Nú geri Verkstjórafélagið kröfu um kaupgreiðslur fyrir alla félaga sína, sem hjá bænum starfa, einnig Dagsbrúnarmennina, þrátt fyrir vinnustöðvunina.
Lagt fram eftirrit af bréfi Dagsbrúnar til Verkstjórafélagsins, dags. 19. þ.m., varðandi þetta málefni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð lítur svo á, að Dagsbrún hafi með bréfi þessu lýst því yfir, að vinnustöðvunin nái ekki til Dagsbrúnarverkstjóranna og samþykkir því kaupgreiðslur til þeirra, með sama hætti og til annara verkstjóra, enda hefir bæjarráð áður lýst því yfir, í samningum við Verkstjórasambandið, að það vilji ekki banna verkstjórum bæjarins að vera í verklýðsfélagi.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 27. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Ragnars Brynjólfssonar um leyfi til að kaupa íbúð í Blönduhlíð 18.

2. Samþ. að leyfa Birni Björnssyni málara að kaupa íbúð í Drápuhlíð 30.

3. Samþ. að leyfa Jósep J. Sigurðssyni að kaupa íbúð í Miklubraut 70.

4. Samþ. að leyfa Jóni Konráðssyni að kaupa íbúð í Mávahlíð 22.

5. Samþ. að leyfa Þorkeli Guðbjartssyni að byggja bifreiðaskúr á Sogamýrarbl. XXXIX með sömu skilyrðum og aðrar byggingar, sem reistar hafa verið á landinu.

6. Boðinn forkaupsréttur að Árbæjarbletti 66 fyrir kr. 18.000.-. Hafnað.

7. Boðinn forkaupsréttur að Sogabl. VII fyrir kr. 75.000.-. Bæjarráð vill ekki samþykkja söluna.

8. Lögð fram beiðni Gests Guðmundssonar, Reykjahlíð, um leigu á beitilandi. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

9. Lögð fram umsókn A.Jóhannsson & Smith h.f., um byggingarlóð á horni Stórholts og Brautarholts. Vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

10. Erindi lögreglustjóra, um iðnaðarlóð handa Vélsmiðjunni Sindra, vísað til lóðaúthlutunarnefndar.

11. Lagt fram bréf frá íbúum við Hjallaveg nr. 15, 17 og 19, um að grjót verði flutt burtu af lóðum þeirra, þeim að kostnaðarlausu. Að fengnu áliti bæjarverkfræðings og hafnarstjóra telur bæjarráð ekki fært að verða við erindinu.

12. Rætt um endurkaup á Sandvíkurbletti. Bæjarráð telur ekki annað fært, eftir þeirri meðferð, sem slík endurkaupsmál hafa sætt, en að láta ákveða endurkaupsverð landsins, með húsum og mannvirkjum, með mati dómkvaddra manna.

13. Samþ. að heimila borgarstjóra að veita Adolf Albertssyni byggingarfrest á lóðinni Langholtsvegi 186 til 1. ág., enda samþykki byggingarnefnd uppdrátt að húsi á lóðinni.

14. Samþ. að gefa Jóhanni Hannessyni, Berg. 26 B, kost á Laugarnesvegi 13, með byggingarfresti til 1. okt. n.k.

15. Lögð fram beiðni Jóns Bjarnasonar, Tún. 16, um erfðafestuland í Selfossbrekku í Árbæjarlandi. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

16. Lögð fram beiðni Alexanders Guðmundssonar um leyfi til að byggja hæð ofan á verksmiðjuhús á Laugarnesvegi 78. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

17. Beiðni Jóhanns Fr. Guðmundssonar um leyfi til að hafa matvöruverzlun í kjallara á Mávahlíð 1, vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

18. Lögð fram beiðni frá Byggingarfél. alþýðu, um að bærinn taki að sér gæzlu og viðhald barnaleikvallarins við Bræðraborgarstíg. Vísað til leikvallanefndar, sbr. 20. lið fundargerðar 23. júní.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram bréf stjórnar Íþróttavallarins, dags. 27. júní, um fjárveitingar til íþróttavalla o.fl. Bæjarráð fellst á tillögur stjórnarinnar.

20. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra um athafnasvæði slökkvistöðvarinnar.

21. Lögð fram skýrsla frá skrifstofu bæjarverkfræðings um rekstur grjótnáms, sandnáms og pípugerðar bæjarins.

22. Lögð fram beiðni Jónínu Þorkelsdóttur, Bergþ. 20, um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

23. Beiðni Agnars Gunnlaugssonar, Samtúni 38, um torgsöluleyfi á Óðinstorgi vísað til heilbrigðisnefndar og lögreglustjóra til athugunar.

24. Samþ. að verða við beiðni Stefáns Þorlákssonar um rafmagnsheimtaug að húsi hans í Reykjahlíð, enda greiði hann allan kostnað við heimtaugina.

25. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um framkvæmd prófsprenginga við Sogið, ásamt bréfi Almenna byggingafélagsins, dags. 26. júní, um breytingar á tilboði þess.

26. Lagt fram bréf hitaveitustjóra um launakjör starfsstúlkna við hitaveituna. Ákveðið að fá skýrslu endurskoðanda bæjarins um launakjör starfsstúlkna í skrifstofunum.

27. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 24. júní.

28. Samþ. að auglýsa eftir sérstökum framkvæmdarstjóra byggingarmála í þjónustu bæjarins.

29. Lagt fram bréf lögreglustjóra um ráðningu bæjarlögregluþjóna.

30. Erindi lögreglustjóra um launakjör baðvarðar og nuddara lögreglunnar vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

31. Lagt fram bréf Ágústs Böðvarssonar, Holtsg. 10, ásamt 5 eint. af uppdrætti af Reykjavík og nágrenni, er hann gefur bæjarráði.

32. Lagt fram bréf Péturs Biering varðandi húsnæðismál hans.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 11. júlí, kl. 2 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Eiríks Þorlákssonar um leiguland í Grafarvogi.

2. Lögð fram beiðni Þorsteins Elíassonar um land undir sumarhús við Rauðavatn.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Árbæjarbletti 7. - Hafnað.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XLVI. - Hafnað.

5. Samþ. að Ágúst S. Welding verði meðeigandi að erfðafestulandinu Árbæjarbletti 48, enda verði landið óskipt sameign.

6. Sverrir Sigurðsson afsalar sér lóðinni Úthlíð 5.

7. Lóðarumsókn frá Regínu Magnúsdóttur og Ragnari Guðmundssyni vísað til lóðarúthlutunarnefndar.

8. Synjað beiðni frá Jóni Sófusi Höjsted, Lágholtsvegi 16, um land undir sumarbústað innan við Blesugróf.

9. Samþ. að gera leigusamning við Ingólf Finnbogason, Mávahl. 4, og Guðm. Finnbogason, Grett. 62, um lóðina Bólstaðarhlíð 3, sem Sigm. Sveinsson og Alexía Pálsdóttir hafa afsalað sér.

10. Synjað beiðni Friðþjófs Þorbergssonar um framlengingu á lóðarréttindum við Sogaveg.

11. Lögð fram beiðni Péturs Guðmundssonar um leyfi til að byggja viðbótarbyggingu við íbúðarhús á Laugarásbl. 16. - Bæjarráð telur ekki fært að verða við erindinu.

12. Lagt fram fundarboð á aðalfund h.f. Skipanaust.

13. Samþ. að leyfa barnaheimilinu Vorboðanum að taka vatn úr aðalvatnsæðinni frá Gvendarbrunnum handa barnaheimilinu í Rauðhólum, eftir nánari tilvísun vatnsveitustjórans, og með þeim skilyrðum er hann setur.

14. Samþ. að ætla lóð við Ægissíðu, undir prestssetur í Nessókn, í stað lóðar við Hofsvallagötu.

15. Samþ. að verða við beiðni barnaheimilisins Vorboðans, um rafmagnsheimtaug að barnaheimilinu í Rauðhólum, eftir tillögu rafmagnsstjóra.

16. Samþ. að greiða Guðlaugi Narfasyni línumanni hjá Rafmagnsveitunni, laun samkv. 10. launafl. frá 1. júní.

17. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að veita Geir Austmann Björnssyni, Von. 8, löggildingu til að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.

18. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að leyfa Alexander Guðmundssyni að byggja hæð ofan á verksmiðjuhús á Laugarnesvegi 78, enda verði byggingin tekin burtu, hvenær sem krafist er, bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

19. Samþ. að ætla bifreiðaeftirliti ríkisins lóð á reitnum, sem takmarkast af Borgartúni, Nóatúni og Sigtúni.

20. Lögð fram tillaga skipulagsnefndar um staðsetningu hjúkrunarkvennaskóla á lóð Landsspítalans. - Bæjarráð samþ. tillöguna fyrir sitt leyti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Lagt fram bréf skipulagsstjóra um húsahæðir og byggingarlínu við Fríkirkjuveg. - Bæjarráð samþ. tillögu skipulagsnefndar með 2:1 atkv.

22. Lögð fram tillaga Jóns Kristgeirssonar, Grenimel 26, um sjóbaðsstað á Seltjarnarnesi.

23. Lögð fram umsögn forstjóra Strætisvagnanna um tilboð Egils Vilhjálmssonar um kaup á strætisvögnum.

24. Lagt fram bréf lögreglustjóra um greiðslu á símaafnotagjaldi fyrir lögregluþjón.

25. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í júnímánuði.

26. Lögð fram ársskýrsla Íþróttasambands Íslands 1946 - 1947.

27. Lagður fram ársreikningur Almennra Trygginga h.f. 1946.

28. Borgarstjóra heimilað að undirrita samning við Verkamannafél. Dagsbrún samkv. framlögðu frumvarpi.

29. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 8. júlí.

30. Samþ. að heimila bæjarverkfræðing að láta malbika Hringbraut milli Flókagötu og Miklubrautar.

31. Samþ. að leyfa Jóni G. Kristjánssyni, Bald. 39, að kaupa íbúð á Laugateig 8.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 18. júlí, kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram beiðni Hannesar Jónssonar um erfðafestuland. - Bæjarráð getur ekki orðið við beiðninni að svo stöddu.

2. Synjað beiðni Björns Bjarnasonar, Árbæjarbletti 68, um leigu á Árbæjarbl. 56.

3. Synjað byggingarleyfisbeiðni á Bústaðabl. V.

4. Samþ. að leyfa Þorkeli V. Þórðarsyni að byggja íbúðarskúr á erfðafestulandinu Norðurmýrarbl. 33, með því skilyrði að skúrinn verði tekinn burtu fyrirvaralaust bænum að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

5. Lögð fram byggingarleyfisbeiðni á Sogamýrarbl. 44. - Bæjarráð telur ekki unnt að verða við beiðninni.

6. Boðinn forkaupsréttur að Vatnagarðabletti II. Hafnað.

7. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að Ásgeir Jónsson, Skipasundi 51, verði leigjandi lóðarinnar Skipasund 51.

8. Lóðarumsókn Péturs Eyvindssonar, Lind. 20, vísað til lóðaúthlutunarmanna.

9. Erindi frá Magnússonar, um fisksöluskúr við Eskihlíð 12, vísað til byggingarnefndar til athugunar.

10. Synjað beiðni Guðbergs Jónssonar um að leigusamningur um Sörlaskjól 56 verði gerður við hann og Bjarna Jónsson.

11. Umsókn Ág. Jónssonar og Alfr. Nielsen, um lóðina Úthlíð 15, vísað til lóðaúthlutunarmanna.

12. Lagt fram bréf háskólaráðs, dags. 1. júlí, um lóðarúthlutun til dr. Alexanders Jóhannessonar.

13. Lögð fram beiðni íbúa í verkamannabústöðunum í Stórholti um lóðir undir bílskúra við Nóatún eða Hátún. - Vísað til lóðaúthlutunarmanna.

14. Lagt fram bréf frá Matvælageymslunni h.f. um eftirgjöf á leigu eftir húsnæði. - Vísað til athugunar bæjarverkfræðings.

15. Lagt fram bréf frá B.P. á Íslandi h.f. um byggingu olíustöðvar í Laugarnesslandi. - Vísað til bæjarverkfræðings og skipulagsmanna til umsagnar.

16. Lögð fram greinargerð rafmagnsstjóra um sameiningu athafnasvæðis Rafmagnsveitunnar og annara bæjarstofnana.

17. Lögð fram greinargerð hitaveitustjóra um athafnasvæði vatns- og hitaveitunnar.

18. Lögð fram beiðni verzl. Brynju um rafmagn í vörugeymsluhús í Herskólahverfi. - Vísað til umsagnar bæjarverkfræðings.

19. Lögð fram beiðni Eiríks Aka Hjálmarssonar og Guðl. Ásgeirssonar um rafmagn í hænsnahús á Bústaðabletti 12. - Bæjarráð samþ. að leyfa þetta, með venjulegum skilyrðum.

20. Samþ. að mæla með umsóknum Sigríðar Þorsteinsdóttur, Þórunnar Fr. Þorsteinsdóttur og Kristjönu Hálfdánardóttur um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupm. Jónssonar.

21. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar frá 1. júlí.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Lögð fram skýrsla Verkstjórasambands Íslands um námskeið á síðastliðnum vetri.

23. Lögð fram beiðni Gests Benediktssonar um meðmæli með veitingaleyfisumsókn. - Vísað til bæjarstjórnar.

24. Lagt fram bréf Rafmagnseftirlits ríkisins þar sem þess er óskað, að leyft verði að tengja orkuveiturnar til Grindavíkur, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar við Sogsvirkjunina, ásamt greinargerð frá rafmagnsstjóra.

25. Rætt um húsgögn í barnaskólana.

26. Samþ. að leyfa Oddi Bjarnasyni að kaupa kjallaraíbúð í Blönduhlíð 3.

27. Samþ. að leyfa Jóni Guðmundssyni, Hörpug. 6, og Ólafi Tryggvasyni að kaupa íbúðir á Hjallavegi 4,

28. Synjað beiðni Haralds Krüger, Langholtsvegi 25, um leyfi til að kaupa íbúð í Skipasundi 26.

29. Samþ. með 3 shlj. atkv. að selja Ríkisspítölunum þvottavélar í Camp Knox fyrir 160 þús.kr., enda taki þvottahús spítalanna að sér þvott fyrir stofnanir Reykjavíkurbæjar, eftir því sem nánar verður um samið.

30. Lögð fram álitsgerð dómnefndarinnar um hugmyndasamkeppni að staðsetningu Ráðhúss Reykjavíkur.
Samkv. álitsgerðinni fékk uppdráttur merktur ferh. m/hring 2. verðl., kr. 7500.00, uppdráttur merktur 874 3. verðlaun a, kr. 5500.00, og uppdr. merktur með skjaldamerki 3. verðlaun b, kr. 5000.00.
Höfundar uppdráttanna reyndust:

| | | |
|---|---|---|
| 2. verðlaun | : | Ágúst Pálsson. |
| 3. - a | : | Sigvaldi Thordarson, Gísli Halldórsson, í samvinnu við Einar Borg. |
| 3. - b | : | Árni Hoff Möller og Þórir Baldvinsson. |

31. Samþ. að greiða fræðslufulltrúa sömu laun og skólastjórum barnaskólanna.

32. Samþ. að veita Jóhanni Sveinssyni frá Flögu frí frá störfum á Bæjarbókasafninu til 15. sept. n.k., með fullu kaupi.

33. Lagt fram bréf Tannlæknafélags Íslands um rannsókn á neyzluvatni. - Vísað til hitaveitustjóra til athugunar.

34. Lagður fram dómur bæjarþing Reykjavíkur í máli Magnúsar Jónssonar gegn bæjarsjóði.

35. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar fyrir annan ársfjórðung þessa árs.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, fimmtudaginn 7. ágúst, kl. 1 1/2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu, vegna vegarlagninga, Kaplaskjólsblett allan, eða hluta og hluta af Sogamýrarbl. IX.

2. Samþ. að fela húsameistara og bæjarverkfræðingi að gera uppdrátt með kostnaðaráætlun af lóð Laugarnesskólans; "planeringu" lóðarinnar.

3. Lögð fram umsókn um lóð undir sumarbústað við Elliðavatn.

4. Lögð fram umsókn frá Jóhanni Bárðarsyni um lóð undir þvottahús. Vísað til lóðarúthlutunarmanna.

5. Samþ. að gera samning um lóðina Karfavog 11 við Ólaf Magnússon, Grettisgötu 50.

6. Eftir beiðni Jóns Hafliðasonar var samþykkt að gera leigusamning um lóðina Kirkjuteig 25 við Kristján Þorgrímsson, Kirkjuteig 11 og Júlíus Sveinbjörnsson, Lvg. 147.

7. Einar Kristjánsson afsalar lóðinni Langholtsv. 187, Jón Sigtryggsson lóðinni Karfavogi 17, Fríður Pietsch, Silfurteig 5, Tómas Ólason, Úthlíð 9.

8. Eftir beiðni Max Jeppesen, Laugateig 9 var samþ. að gera leigusamning um lóðina Laugateig 9 við hann og Guðm. Þorsteinsson, Auð. 17.

9. Umsókn frá Byggingarsamvinnufél. S.V.R. um verslunarhús á lóðinni Efstasundi 65 vísað til lóðaúthlutunarmanna til athugunar.

10. Að fenginni umsögn byggingarnefndar telur bæjarráð ekki unnt að verða við umsókn Ara Magnússonar um leyfi til fisksölu og fiskgeymslu í bílskúrum við Eskihlíð 12.

11. Lagt fram bréf frá Ásgeiri Magnússyni, varðandi byggingarframkvæmdir á lóðinni Karfavogi 13.

12. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við umsókn Friðberts Friðbertssonar um byggingarlóð við Langholtsveg, á milli nr. 17 og 23.

13. Synjað umsókn um lóð nr. 57 við Reynimel, þar sem svæðið er hvergi nærri byggingarhæft frá skipulagsins hálfu.

14. Lögð fram skýrsla um starfsemi Vinnumiðlunarskrifstofunnar á 2. ársfj. 1947.

15. Samþ. leigumat til 5 ára á þessum iðnaðarlóðum:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgartún 1 | kr. | 0.70 | pr. | ferm. | á | ári |
| - 4 | - | 0.70 | - | - | - | - |
| - 7 | - | 0.70 | - | - | - | - |
| Einholt 8 | - | 0.60 | - | - | - | - |
| Grandavegur, Lýsi h/f. | - | 0.60 | - | - | - | - |
| Laugavegur 168 | - | 0.70 | - | - | - | - |
| Lóugata 2 | - | 0.50 | - | - | - | - |
| Skúlagata 53-55 | - | 0.70 | - | - | - | - |
| Sólvallagata 80 | - | 0.70 | - | - | - | - |
| Þverholt, Pípuverksm. | - | 0.60 | - | - | - | - |
| Elliðaárvogur, Keilir h/f. | | 6 aur | pr. | ferm. | | |
| - Bátanaust | | 6 | - | - | | - |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Erindum Jóns E. Árnasonar, Langhv. 159 og Sigurðar J. Guðmundssonar, Nökkvavog 27 um næturhitun með rafmagni vísað til rafmagnsstjóra til afgr.

17. Erindi frá Guðm. Einarssyni frá Miðdal um næturrafmagn til iðnaðar í húsi á Skólavörðustíg 43, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

18. Synjað erindi frá Skæringi Hróbjartssyni um rafmagnsheimtaug í hermannaskála hjá Álafossi.

19. Synjað beiðni Kristjáns Gíslasonar um rafmagnsheimtaug að setuliðshúsi við Réttarholtsveg.

20. Samþ. með 4:1 atkv. að heimila rafmagnsstjóra að verða við erindi raforkumálastjóra um tengingu rafmagnsveitna ríkisins til Selfoss, Stokkseyrar, Eyrarbakka og Grindavíkur við Sogsvirkjunina, með skilmálum er getur í bréfi rafmagnsstjóra 24. febr. 1947. Jón A. Pétursson vill ekki leyfa tenginguna fyr en lokið er byggingu eimtúrbínustöðvarinnar við Elliðaárnar.

21. Samþ. lóðaúthlutun með byggingarfresti til n.k. áramóta:

Hermann Björnsson, Signýjarst. fær Nesveg 66
Jón Guðjónsson, Sundlv. 9 fær Nökkvavog 18,
sem samþ. er að taka af Kr. St. Jónssyni.
Haraldur Jónsson, Laugateig 2 fær Langhv. 176,
sem Hilmar Árnason afsalar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Pétur Eyvindsson, Lind. 20 | fær | Miðtún | 74 |
| Páll Ingólfsson, Miðt. 16 | - | - | 76 |
| Hörður Þorgilsson, Holtsg. 25 | - | - | 82 |
| Sveinbjörn Sigurðsson, Lvg. 22 | - | - | 84 |
| Haukur Vigfússon, Miðt. 72 | - | - | 86 |
| Ísl. H. Sigurðsson, Barón. 61 | - | - | 88 |

Á lóðunum við Miðtún má ekki hefja byggingarframkv. fyr en tekið hefir verið upp úr görðum.

22. Samþ. að Gunnl. S. Jónsson, Mánag. 13 megi skipta á Úthlíð 15 og Úthlíð 13.

23. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 5. ágúst.

24. Erindi Þórðar Vigfússonar, Skólavh.122 um lán til byggingar vísað til framfærslunefndar.

25. Lagt fram bréf dómsmálaráðuneytisins 6. ágúst, með tilmælum um að úthlutað verði 2 lóðum við Ægissíðu undir embættisbústaði hæstaréttardómara, skv. l. 96/1947. Vísað til lóðaúthlutunarmanna til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen

Sigfús Sigurhjartarson
Jón Axel Pétursson

Auður Auðuns
Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

---

Ár 1947, mánudaginn 18. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Haraldi Guðmundssyni, Rauð. 34, um leigu á landsspildu í Fossvogi.

2. Samþ. að gefa Gunnari Árnasyni, Reyn. 28, kost á leigulóðinni nr. 5 við Úthlíð, með byggingarfresti til 1. jan. n.k.

3. Samþ. að taka úr erfðafestu Hólmfríðarbletti II og III og borgarstjóra heimilað að greiða endurgjald fyrir ræktun skv. ákvæðum erfðafestubréfanna, 30 aur. pr. ferm.

4. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. Reykjavíkur, dags. 12. þ.m., varðandi lóð undir sambyggingu við Miklubraut.

5. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Hofteig 19 við Friðrik Gíslason og Sigurberg Elísson, báða Hoft. 19.

6. Samþ. erindi Sig. Magnússonar, Hofteig 38, um heimild fyrir Jónu G. Jónsdóttur til kaupa á íbúð í húsinu nr. 22 við Hraunteig.

7. Bæjarráð synjar skiptingu á landi Garðars S. Gíslasonar hjá Baldurshaga.

8. Lagt fram bréf frá fjárhagsráði, dags. 11. þ.m., með tilmælum um að bæjaryfirvöldin veiti ekki ný leyfi til húsbygginga eða annara mannvirkja, nema leyfisbeiðandi hafi tryggt sér fjárfestingarleyfi.

9. Lagt fram bréf fjárhagsráðs, dags. 15. þ.m., varðandi fjárfestingaráform bæjarins.

10. Lagt fram bréf frá Thyru Loftsson, tannlækni, dags. 5. þ.m., um skipun fastra tannlækna við barnaskólana.

11. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 13. þ.m., um dauðaslys er varð 10. þ.m., vegna snertingar á rafmagnsheimtaug í vinnuskúr hjá Barmahlíð.

12. Lagður fram reikningur Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar árið 1946.

13. Lögð fram beiðni stjórnar Í.S.Í. um 10 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði, til að senda 3 sundmenn á sundmót í Frakklandi nú í sumar.

14. Samþ. að greiða Ingimar Óskarssyni og Ingólfi Davíðssyni kr. 8000.-, til gjalda á gjl. XIII,15, fyrir að semja Flóru Reykjavíkur.

15. Samþ. að biðja Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands, Veitingaþjónafél. Reykjavíkur og Samb. veitinga- og gistihúsaeigenda, að tilnefna hvert einn mann í nefnd, til þess ásamt fulltrúa bæjarráðs að gera tillögur um reglur fyrir bæjarstjórn, til að fara eftir við veitingu meðmæla til að fá veitingaleyfi.

16. Samþ. að mæla með því, að Þórði Kárasyni lögrþj. verði veittur 1000 kr. styrkur vegna námsfarar til Englands síðastl. vor.

17. Lagt fram bréf frá Kvenfélagasamb. Íslands, dags. 28. f.m., með tilkynningu um ályktun 7. landsþings sambandsins, varðandi skipun nefndar til að íhuga og gera áætlun um framkvæmd tillagna Alfreðs Gíslasonar læknis til úrbóta í áfengismálum. Falið borgarstjóra til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í júlí s.l.

19. Synjað umsókn Hjörtþórs Ágústssonar, Hvg. 32, um kaup eða leigu á lóð í Selásnum.

20. Synjað umsókn Þórhalls Jóhannssonar um leyfi til að byggja við húsið á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXIV.

21. Synjað erindi frá íbúum Borgarvegar 12, um að holræsi verði lagt í borgarveginn.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Auður Auðuns.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 22. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 30 fyrir kr. 18.000.-. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 44 fyrir kr. 27.500.-. Hafnað.

3. Synjað beiðni um leyfi til viðbyggingar við hús á Laugarásbl.XVI.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbl. XX með húseign fyrir kr. 175.000.-. Hafnað.

5. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVIII fyrir kr. 5.000.-. Hafnað, en jafnframt vakin athygli á því, að hús á landinu eru óleyfð.

6. Synjað beiðni um byggingarleyfi á Eiði, Seltjarnarnesi.

7. Synjað erindi um kaup á lóðarspildu við Túngötu, til stækkunar Bræðrab. 25.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Laugateig 22 við Georg Aspelund, Ljósv. 12, og Guðm. Þ. Guðmundsson, Fjöln. 3.

9. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að hafa megi sölubúðir í íbúðarhúsum við Efstasund 65 og Langholtsveg 136.

10. Rætt um malbikun á leiksvæði Melaskólans. Málinu vísað til afgreiðslu borgarstjóra og bæjarverkfræðings.

11. Samþ. að fela húsameistara bæjarins og forstöðumanni Bæjarbókasafnsins að gera tillögur um úrlausn húsnæðismála safnsins.

12. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um för hans til Norðurlanda nú nýlega til viðræðna við sérfræðinga um undirbúning fyrirhugaðrar virkjunar neðri fossa í Soginu. Borgarstjóra og rafmagnsstjóra falið að athuga nánar frv. að samningi við A.B. Berdal verkfr. í Oslo um ráðunautarstörf við byggingarframkvæmdirnar og tilboð J. Nissens verkfr. í Oslo um að vera til aðstoðar vegna rafmagnsvélanna.

13. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða H. Bronder verkfr. í Oslo til að stjórna tilraunasprengingum vegna fyrirhugaðrar rafmagnsstöðvar við Sogið.

14. Lögð fram umsókn Atvinnudeildar Háskólans um heitt vatn til tilraunastöðvar fyrir jurtakynbætur að Úlfarsá í Mosfellssveit. Að fenginni umsögn hitaveitustjóra telur bæjarráð ekki unnt að verða við umsókninni.

15. Lagðar fram umsóknir um meðmæli með veitingaleyfum frá Baldvinu Jónínu Halldórsdóttur, Hálogalandi, og Jónasi Jónssyni, Þórsg. 14. Vísað til bæjarstjórnar.

16. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 22. þ.m., með tilkynningu um að Hallgr. Jónsson hafi tekið við starfi II.fl. varðstjóra.

17. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 20. þ.m., varðandi jarðboranir í Mosfellsdal.

18. Eftir ósk íbúa við Hringbraut, sunnan Flókagötu var samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta setja grasþökur á milli akbrauta Hringbrautarinnar á þessu svæði.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Sigfús Sigurhjartarson.

Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 29. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að Fossvogsbl. XXXI fyrir kr. 25.000.-. Hafnað.

2. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af Kringlumýrarbl. 14 A, vegna vegarlagningar.

3. Til áréttingar bókun á bæjarráðsfundi 18. júlí s.l., 30. lið, er tekið fram, að Kjartan Sigurðsson arkitekt hafi fengið 3. verðl. a. fyrir tillögu-uppdrátt um ráðhús, með Gísla Halldórssyni o.fl.

4. Synjað beiðni um viðbyggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti XII.

5. Tillögu lóðarskrárritara um launakjör Alexanders Jóhannssonar vísað til umsagnar stjórnar Starfsmannafélagsins.

6. Synjað beiðni um stækkun íbúðarhúss á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti 26.

7. Samþ. að gefa Íþróttabandalagi Reykjavíkur kost á að leigja íþróttahúsin í Knox - herskálahverfinu.

8. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að Fóður- og áburðarverksmiðjan h.f. megi byggja við verksmiðjubyggingu sína við Köllunarklettsveg.

9. Eftir beiðni Magnúsar Jónssonar, Hjallav. 28, var samþ. að gefa Júlíusi Jónssyni, Hvg. 74, kost á lóðinni Langhv. 83, enda haldi hann áfram byggingarframkvæmdum á lóðinni með hæfilegum hraða.

10. Samþ. að gefa Albert Finnbogasyni, Frakk. 7, kost á lóðinni Karfavogi 15 og Þorvaldi Helgasyni, Háteigsv. (Skála 4 A), kost á Karfavogi 17, hvorttveggja með byggingarfresti til næstk. áramóta. Brynj. Erlingsson afsalar Karfavogi 15, en Albert greiði mannvirki, sem vera kunnu á lóðinni.

11. Bæjarverkfræðingi falið að tilkynna h.f. Olíuverzl. Íslands, að fjarlægja beri nú þegar bifreiðaskúra, sem honum var heimilað að leyfa til bráðabirgða við vegamót Eiríksgötu og Hringbrautar, skv. bréfi 3. okt. 1942.

12. Erindi frá Jóni Fannberg, dags. 27. þ.m., varðandi afnot lóðar bæjarins nr. 5 - 7 við Garðastræti til tilraunar með vatnsræktun matjurta, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

13. Samþ. að húsið Nýlendugata 17 hafi gangrétt að baklóðinni um lóð hússins nr. 17A við götuna, þar til annað verður ákveðið.

14. Rætt um tannlækningar við barnaskólana næstk. vetur.

15. Lagt fram bréf vatns- og hitaveitustjóra, dags. 26. þ.m., með umsögn um bréf Tannlæknafél. Íslands 9. júlí þ.á., varðandi rannsóknir á fluormagni neyzluvatns bæjarbúa.

16. Lögð fram greinargerð íþróttaráðunautar bæjarins, varðandi úthlutun æfingasvæða í Vatnsmýrinni. Vísað til umsagnar Íþróttabandalags Reykjavíkur og stjórnar Íþróttavallanna.

17. Samþ. að heimila Birni Guðmundssyni kaup á íbúð í húsinu Engihlíð 10.

18. Erindi frá Hagerup-Isaksen, dags. 25. þ.m., varðandi rafmagnsheimtaug að sumarbústað við Efri-veiðimannahúsin, vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lagt fram símskeyti frá Moskva, þar sem borgarstjóra og 2 fulltrúum frá Reykjavík er boðið til hátíðarhalda vegna 800 ára afmæli Moskva-borgar, dagana 6. - 8. septbr. næstk. Borgarstjóra falið að svara boðinu.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 5. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð samþ. framsal erfðafesturéttar að 3/4 hlutum Laugamýrarbl. XXV til þriggja systkina skrásetts erfðaleigjanda, Valgerðar Júlíusdóttur.

2. Lagt fram bréf bæjarverkfræðings, dags. 4.þ.m., með tilkynningu um að Skipulagsnefnd og skipulagsmenn bæjarins leggi á móti því, að svæðinu sjávarmegin við borgartún og Sætún verði ráðstafað til iðnaðarlóða. Samþ. að tilkynna þetta Byggingarfél. Brú h.f., til svars bréfi félagsins 28. febr. 1947.

3. Bæjarverkfr. heimilað að láta fjarlægja bílskúr Sig. Sigurðssonar við Eiríksgötu - Hringbraut.

4. Lagt fram bréf frá Byggingarsamvinnufél. bankamanna, dags. 1. þ.m., með beiðni um að leigusamningar um lóðir félagsmanna í Langholtinu verði gerðir til 50 ára, í stað 25 ára, sem fyrirheit var gefið um. Samþ. að óska eftir nánari greinargerð fyrir beiðninni.

5. Borgarstjóra heimilað að verða við beiðni dómsmálaráðuneytisins, í bréfi dags. 21. f.m., um að bifreiðaeftirlitið megi hafa til afnota um 3 ára skeið óbyggða lóð á horni Borgartúns og Steintúns, eftir nánari útvísun síðar.

6. Bæjarverkfræðingi falið að ráðstafa húsi á lóðinni Kirkjuteig 19, horni Kirkjuteigs og Gullteigs.

7. Lagt fram bréf frá Lilju Petersen, dags. 7. maí þ.á., þar sem hún ítrekar beiðni um skiptingu lóðarinnar Suðurgötu 31, sem er 890 ferm. að stærð, í því skyni að selja byggingarlóð nr. 33 við götuna. - Þar sem skipulag á þessu svæði er óráðið, en óvíst að lóðin verði hússtæði skv. væntanlegu skipulagi, getur bæjarráð ekki samþykkt skiptinguna.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Sörlaskjól 76 við Sigurð Gíslason, Vest. 16.

9. Guðjón Ermenreksson, Lvg. 42, afsalar tilkalli til lóðarinnar Nökkvavogs 46, og samþ. bæjarráð að Þorsteinn Gíslason, Álfheima hverfi, verði einn leigutaki.

10. Bjarni Ólafsson, Lvg. 67, afsalar tilkalli til lóðarinnar Skipasund 3 og samþ.x) að Sveinbjörn Hannesson, Skip. 3, verði einn leigjandi lóðarinnar. x) bæjarráð,

11. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að Skúli og Egill Einarssynir, Nýl. 27, verði leigjendur lóðarinnar Karfav. 27.

12. Synjað erindi frá útvarpsstjóra, dags. 19. f.m., um að steinbygging, sem er á fyrirhugaðri lóð útvarpshússins á Melunum og setuliðið hafði reist þar, megi standa áfram.

13. Erindi frá Magna Guðmundssyni um rafnotkun í veitingastofu á Laugavegi 28 B, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Synjað erindi frá Guðm. St. Hallmundssyni um rafmagnsheimtaug í skúr í Brighton-kamp.

15. Synjað erindi frá Hagerup Isaksen um rafmagnsheimtaug í sumarbústað hjá efri veiðimannahúsunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf, dags. 20. f.m., frá íbúum í Kaplaskjóli, varðandi umbætur á götulýsingu, ráðstafanir til að fyrirbyggja að sífellt logi eldur í sorphaugunum á Eiðisgranda, svo og fjölgun strætisvagnaferða að hverfinu.
Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 4. þ.m., með umsögn um erindið, svo og umsögn forstjóra Strætisvagnanna.

17. Samþ. að fela hagfræðingi bæjarins að gera tillögur um breytingar á fyrirkomulagi brunatryggingarmata, í því skyni að þau verði samræmd.

18. Erindi Árna Jónassonar, Hringbr. 211, varðandi viðurkenningu til að standa fyrir húsasmíði, vísað til byggingarnefndar.

19. Erindi Sólborgar Einarsdóttur, Reyn. 50, um torgsölu á innlendu jólatrésskrauti vísað til umsagnar lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar.

20. Samþ. að veita Bergi Jónssyni, Bjarg. 17, löggildingu til tenginga við hitaveituna.

21. Samþ. að heimila Þorgilsi Guðmundssyni, íþróttakennara, kaup á íbúð í húsinu Hraunteig 21.

22. Samþ. að óska eftir umsögn stjórnar Starfsmannafélagsins um erindi Hermanns Hákonarsonar, um að verða fastur starfsmaður, svo og erindi forstöðum. endurskoðunarskrifstofunnar, varðandi launakjör nokkurra starfsmanna, dags. 15. júlí þ.á.

23. Samþ. að tilnefna borgarritara til þess, með fulltrúa frá fjárhagsráði, að leggja grundvöll að samstarfi fjárhagsráðs og bæjarráðs, að því er tekur til lóðaúthlutunar og fjárfestingarleyfa.

24. Lögð fram tillaga frá sjálfstæðisflokknum, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi skipun nefndar til að rannsaka atvinnuhorfur á næsta vetri, ásamt viðaukatillögu frá Jóni A. Péturssyni o.fl.
Samþ. að tilnefna í nefndina: Ragnar Lárusson, framfærsluftr., Zophonías Jónsson, skrifara, og Harald Pétursson, ásamt Birni Björnssyni, hagfr, bæjarins.

25. Lagðar fram tilkynningar um tilnefningu manna í nefnd, til að gera tillögur um reglur til að veita meðmæli með veitingaleyfum í bænum: Frá Fél. framreiðslumanna: Janus Halldórsson. Frá Matsveina- og veitingaþjónafél. Íslands: Böðvar Steinþórsson. Frá Samb. veitinga- og gistihúsaeigenda: Friðstein Jónsson. Bæjarráð tilnefnir Jóhann Hafstein í nefndina.

26. Bæjarráð hafnar tilboði frá h.f. Akur um sölu á steypuvélum.

27. Lögð fram tillaga sósíalistaflokksins, varðandi skýrslusöfnun frá hagfræðingi bæjarins, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

28. Samþ. að leyfa byggingu bílskúrs á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. LIX.

29. Samþ. að gefa Árna Jónssyni, Hrísat. 17, kost á Langhv. 160, með byggingarfresti til n.k. áramóta, en Sigurður Sveinsson afsalar lóðinni.

30. Lagt fram bréf frá Sveini Jónssyni, Bergþ. 27, varðandi lóð úr erfðafestulandinu Sogamýrarbl. X, undir hús sem hann á þar. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 12. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að ábyrgjast framlengingarvíxil með 2. veðr. í m.b. Vilborgu, samþ. af Sig. Þórðarsyni, Vit. 20, útg. af Gunnl. J. Briem, Skip. 54, og ábektur af Davíð Sigurðssyni, Mikl. 20.

2. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af löndunum Kaplaskjólsmýri IX og VI.

3. Samþ. að G. Skulason & Hlíðberg haldi áfram hluta erfðafestulandsins Norðurmýrarbl. XIII, á milli Reykjanessbrautar, Lönguhlíðar (Litluhlíðar) og Eskihlíðar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

4. Synjað erindi frá Sverre Bruvik um lóðarréttindi með setuliðshúsi við Grensásveg 22.

5. Bæjarráð getur ekki fallist á, að leyfa afnot lóðarinnar nr. 5 - 7 við Garðastræti til vatnsræktunartilrauna.

6. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 12. þ.m., með tillögu um að svæðið milli Vesturgötu, Grófarinnar og Tryggvagötu verði gert að bifreiðastæði svo fljótt sem unnt er, en benzínafgreiðslustöðvar fjarlægðar þaðan. Vísað til bæjarverkfræðings og hafnarstjórnar til athugunar.

7. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðni póst- og símamálastjórnarinnar, í bréfi dags. 2. þ.m., um að gera sérstakan leigumála til 5 ára um setuliðsskemmusamstæðu við Reykjavíkurveg.

8. Bæjarráð hefir ekki á móti því, að h.f. Matvælageymslan stofni sölubúð í húsnæði sínu við Langholtsveg. Hinsvegar ákveðið að krefja leigu fyrir húsnæðið (setuliðsskemmur) frá 1. okt. n.k. og neitað að gera samning um leigu til lengri tíma.

9. Samþ. að gera samning um leigulóðina Bólstaðahlíð 13 við Jón Kristjánsson Mjóuhl. 12 og Kristinn Kristjánsson Hávallag. 53.

10. Beiðni Brands Búasonar, Hvg. 121, um meðmæli til að fá veitingaleyfi vísað til bæjarstjórnar.

11. Synjað beiðni frá Verzl. Brynju um rafmagnslögn að vöruskemmu í Herskóla-hverfi.

12. Erindi frá Knattspyrnufél. Víking um greiðslu kostnaðar við rafmagnslögn í félagsheimilið í Tripoli-hverfinu, svo og áfallna húsaleigu, vísað til Íþróttabandalags Rvíkur til umsagnar.

13. Synjað beiðni um rafmagnsheimtaug að Laufási við Breiðholtsveg.

14. Lögð fram umsögn heilbrigðisftr. um bréf frá K.T. Bjarnason, Peters Kem. Laboratorium, Aarhus, varðandi útvegun á rottueitri. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

15. Lagðar fram álitsgerðir heilbrigðisfulltrúa og varaslökkviliðsstjóra um ráðstafanir til að draga úr óþef og reyk frá sorphaugunum á Eiðisgranda.

16. Synjað umsókn frá Guðm. Jónssyni, Máv. 22, um leyfi til að kaupa íbúð í því húsi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lögð fram umsókn frá Mæðrastyrksnefnd um lóð undir dvalarheimili fyrir mæður og börn í landi Reykjahlíðar í Mosfellsdal. Vísað til hitaveitustjóra og garðyrkjustjórans í Reykjahlíð til umsagnar.

18. Lagt fram bréf frá heilsuverndarstöðvarnefnd, dags. 9. þ.m., varðandi staðsetningu heilsuverndarstöðvar.
Bæjarráð samþykkir tillögu nefndarinnar um að stöðin verði reist á svæðinu milli Sundhallar og Egilsgötu og felur húsameistara bæjarins að gera uppdrætti af húsinu, í samráði við nefndina.

19. Lagt fram bréf frá Garðyrkjufélagi Íslands, dags. 11. þ.m., varðandi hæfni jarðhúsanna við Elliðaár til geymslu á garðávöxtum.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

Auður Auðuns. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, þriðjudaginn 23. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að veita Sveinbirni Jónssyni viðbótarspildu við erfðafestuland hans Ártúnsblett I, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

2. Synjað beiðni um byggingu hænsnahúss á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XVII.

3. Synjað beiðni um breytingu á kartöflugeymslu á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVI.

4. Erindi frá stjórnarnefnd ríkisspítalanna um lóð undir þvottahús, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

5. Félag framreiðslumanna tilkynnir að Ingimar Sigurðsson hafi verið tilnefndur í nefnd til að gera tillögur um reglur fyrir meðmælum til að fá veitingaleyfi.

6. Lagt fram bréf frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, dags. 11. þ.m., varðandi úthlutun íþróttasvæða í Vatnsmýrarjaðrinum.

7. Samþ. að fá umsögn slökkviliðsstjóra um staðsetningu olíugeyma og benzíngeyma á lóð h.f. Olíuversl. Íslands við Laugarnes.

8. Bæjarráð samþykkir á ný að heimila bæjarverkfræðingi að leysa úr erfðafestu ca. 700 ferm. skák úr erfðafestulandinu Sogamýrarbl. X (Réttarholt) og útvísa Sveini Jónssyni, Bergþ. 27, með húsi hans, sem stendur á landinu, með eftirgreindum skilmálum: Lóðin verði leigð Sveini frá ári til árs, um allt að 10 ára skeið, þó ekki lengur en hann sjálfur kann að búa í húsinu, sem hefir verið reist þar án leyfis.

9. Erindi frá S.Í.S., dags. 7. f.m., um raforku til upphitunar á Kjötvinnustofu á Rauð. 33, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, með skilyrðum er greinir í bréfi hans 16. þ.m.

10. Synjað beiðni um rafmagnsheimtaug að 5 húsum, sem reist hafa verið án leyfis við Breiðholtsveg. Umsóknin dagsett 27. ág. 1947.

11. Synjað erindi um rafmagnsheimtaug að skúr við Háteigsveg frá Konráði Guðmundssyni, dags. 3. þ.m.

12. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 17. þ.m., varðandi lagningu rafmagnslínu um Mosfellsdal, vísað til rafmagnsstjóra til nánari greinargerðar.

13. Bréfi rafmagnsstjóra, dags. 12. þ.m., varðandi spennistöð við Bræðraborgarstíg, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

14. Samþ. að veita Ríkarði Sigmundssyni, Brúarenda, löggildingu til að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík, með því skilyrði, að hann hafi vinnustofu í Reykjavík. Öðrum skilyrðum fullnægir umsækjandi.

15. Eftir tillögu rafmagnsstjóra 18. þ.m. var honum heimilað að ráða Guðm. Marteinsson, verkfr., til bráðabirgða, til starfa í skrifstofum Rafmagnsveitunnar.

16. Erindi rafmagnsstjóra, dags. 16. þ.m., varðandi skipun Bjarna Guðmundssonar, Bergþ. 6, sem fasts starfsmanns í smiðju Rafmagnsveitunnar, vísað til stjórnar Starfsmannafél. til umsagnar.

17. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra í bréfi 12. þ.m., um skiptingu innheimtukostnaðar á milli Rafmagnsveitu, Hitaveitu og Gasstöðvar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Erindi K.R. um lækkun á skatti til Sundhallarinnar af aðgangseyri af sundmóti félagsins síðastl. vor, vísað til stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur til umsagnar.

19. Borgarstjóri skýrði frá bréfi sínu til menntamálaráðuneytisins, dags. 15. þ.m., varðandi byggingu fávitahælis, skv. heimild í 22. gr., XXIV. lið, fjárlaga fyrir 1947.

20. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 16. þ.m., með tilboði um sölu á umferðaljósum frá The Siemens and General Electric Railway Signal Co Ltd. Vísað til bæjarverkfræðings og rafmagnsstjóra til umsagnar.

21. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða forstöðunefnd Landbúnaðarsýningarinnar 1947 sem endurgjald fyrir sýningarsvæði bæjarins í aðalskálanum og sem styrk í viðurkenningarskyni, allt að kr. 10.000.-. Auk þess fella niður kröfu um leigu fyrir beitiland í sambandi við sýninguna.

22. Borgarstjóra heimilað að verða við erindi héraðslæknis, dags. 8. þ.m., varðandi greiðslu bifreiðakostnaðar, enda verði sá kostnaður talinn með skrifstofukostnaði embættisins.

23. Lagt fram bréf frá Félagi afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkursölubúðum, dags. 15. þ.m., með tilmælum um að gerðar verði breytingar á gildandi lokunarsamþykkt. Ákveðið að biðja um umsögn Bakarameistarafélagsins og Mjólkursamsölunnar.

24. Lögð fram tillaga frá bæjarstjórnarfundi 18. þ.m., varðandi rekstur Strætisvagnanna.

25. Lagt fram bréf frá flugráðinu, dags. 9. þ.m., um að slökkvilið bæjarins taki við slökkviliðsvarðgæzlu á Reykjavíkurflugvellinum. Vísað til umsagnar slökkviliðsstjóra.

26. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofunnar í ágúst s.l.

27. Lagt fram bréf frá Þór Sandholt, arkitekt, dags. 21. f.m., með skýrslu um utanförn hans nú í sumar.

28. Lögð fram tilkynning frá Fiskiveiðasjóði Íslands, dags. 18. þ.m., um gjalddaga víxla með 2. veðr. í vélbátum og ábyrgð bæjarins. Borgarstjóra heimilað að gefa út framlengingarvíxla til 6 mán.

29. Borgarstjóra heimilað að leyfa Einari Scheving að halda áfram fyrirheiti um leigu lóðarinnar Skaptahlíð 7, með skilyrðum er borgarstjóri setur, en Guðjón Kr. Bernharðsson afsalar tilkalli til lóðarinnar.

30. Bæjarráð samþ. að veita Íþróttafélagi Reykjavíkur kr. 10.000.- úr bæjarsjóði, í viðurkenningarskyni, vegna utanfarar íþróttaflokks félagsins til Norðurlanda nú í sumar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgr. Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

Björn Bjarnason. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 26. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að taka á leigu tvö jarðhúsanna við Elliðaár, fyrst um sinn til eins árs, enda verði leigan ákveðin með mati.

2. Bæjarráð getur ekki samþykkt beiðni frá h/f. Hörpu, um að leyfa vöruskemmum á lóðinni Hverfisg. 105 að standa um 5 ára bil.

3. Lögð fram greinargerð bæjarverkfræðings, dags. 23. þ.m., varðandi malbikun á leiksvæði Melaskólans.

4. Samþ. að gefa Mæðrastyrksnefndinni kost á ca. 1 ha. leigulandi í Reykjahlíð, til þess að reisa þar sumardvalaheimili.

5. Lagt fram bréf frá Jóni J. Fannberg, Garð. 2, með beiðni um rafmagn til hitunar fyrirhugaðu gróðurhúsi til vatnsræktunar á lóðinni nr. 5 - 7 við Garðastræti. Bæjarráð vísar til ályktunar á fundi 12. þ.m., 5. lið.

6. Synjað erindi frá Sig. Guðmundssyni um rafmagnsheimtaug að íbúðarskúr í Herskóla-skálahverfinu.

7. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða til bráðabirgða mann til að vinna að skriftum vegna stöðvanna við Elliðaárnar.

8. Lagt fram bréf, dags. 24. þ.m., frá nefnd vegna rafmagnsveitunnar að Selfossi - Eyrarbakka - Stokkseyri, varðandi lokun fyrir rafmagnsstraum á tímabilinu 10,45 - 12 f.h. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

9. Erindi frá 3 starfstúlkum við Hitaveitu og 2 við Rafmagnsveitu, um flokkshækkun, vísað til stjórnar Starfsmannafélagsins til umsagnar.

10. Ólafi Sveinbjörnssyni, skrifstofustjóra, falið að ráða fram úr innheimtu húsaleiguskulda hjá íbúum í svonefndu Melahúsi.

11. Lagt fram bréf frá innheimtuskrifstofu húsaleigu, varðandi húsaleiguinnheimtu í Skúlagötuhúsunum. Falið borgarstjóra til frekari meðferðar.

12. Lagt fram bréf frá Fasteignaeigendafél. Reykjavíkur, dags. 26. ágúst s.l., varðandi heitvatnsskort í húsinu nr. 16 við Laugaveg. Samþykkt að óska eftir greinargerð frá forstjóra Hitaveitunnar.

13. Lagt til, að Helga Þorgilsdóttir, kennari, verði sett yfirkennari við Melaskólann.

14. Borgarstjóra heimilað að greiða andvirði 2ja lögreglubifreiða skv. tilmælum í bréfi lögreglustjóra 4. þ.m., enda fái bærinn til sinna nota a.m.k. eina af núverandi lögreglubifreiðum.

15. Að fenginni umsögn lögreglustjóra var samþ. að heimila Sólborgu Einarsdóttur torgsölu dagana 10.- 24. desbr. á svæðinu sunnan Gamla Kirkjugarðsins, hjá Hringbraut.

16. Lagt fram eftirrit af bréfi Mjólkursamsölunnar til viðskiptaráðuneytisins, dags. 17. þ.m., varðandi mjólkurskömmtun, sem e.t.v. verður nauðsynlegt að taka upp nú í vetur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram bréf fjárhagsráðs, dags. 11. þ.m., synjun um fjárfestingarleyfi til þess fyrst um sinn að reisa viðbyggingu við húsmæðraskólann, Sólvallagötu 12.

18. Samþ. að mæla með greiðslu á 3000 kr. styrk til Búnaðarsambands Kjalarnessþings nú á þessu ári.

19. Eftir beiðni Björgólfs Stefánssonar, Lvg. 22, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Blönduhlíð 10 við Oddnýju Stefánsson og Sveinbjörn Sigurðsson, bæði á Lvg. 22.

20. Bæjarráð getur ekki samþykkt tilmæli Geirs Gunnlaugssonar, í bréfi 28. ágúst síðastl., um að byggingar, sem reistar hafa verið í óleyfi á Fossvogsbl. LII, megi standa áfram um óákveðinn tíma.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. | Jón Axel Pétursson.
Björn Bjarnason. | Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, laugardaginn 27. septbr., kl. 9 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um störf og stöðu heilbrigðisfulltrúans í Reykjavík og nauðsynlegar lagabreytingar, til að fá því málefni skipað. Á fundinum mætti dr. Jón Sigurðsson, heilbrigðisfulltrúi.

2. Lagður fram prentaður reikningur Reykjavíkurbæjar og bæjarstofnana árið 1946.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Auður Auðuns.
Jón Axel Pétursson. Björn Bjarnason.

stjóra til afgreiðslu.

12. Samþ. að krefja ekki leigu til næstu áramóta eftir húsnæðið í Tripoli-skálahverfinu, þar sem félagsheimili Víkings er. Þetta var samþ. eftir tillögu stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur í bréfi 30. f.m.

13. Erindi rafmagnsstjóra, dags. 26. f.m., varðandi skipun Óskars Pálmasonar sem fasts starfsmanns, vísað til stjórnar Starfsmannafélagsins til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 3. oktbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu, vegna framlengingar Miklubrautar, hluta af erfðafestulöndunum Sogamýrarbl. IV og V.

2. Bæjarráð vill ekki samþykkja, að Magnús Bæringsson, Rauð. 32, framselji leigurétt að Árbæjarbl. XIII, vegna byggingar, sem þar er, án leyfis.

3. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti XXXVIII fyrir kr. 13.000.-. Hafnað.

4. Lögð fram tilkynning frá Skipulagsnefnd og skipulagsmönnum bæjarins, dags. 1. þ.m., þar sem lagt er gegn erindi stjórnarnefndar ríkisspítalanna 17. f.m., um lóð undir þvottahús í nágrenni Landsspítalalóðarinnar. Hinsvegar er bent á, að þvottahúsið fái lóð í væntanlegu iðnaðarhverfi við Suðurlandsbraut, ef ekki er unnt að reisa það á sjálfri Landsspítalalóðinni. Bæjarráð er samþykkt þessu áliti.

5. Erindi frá stjórn h.f. Skipanaust, dags. 25. f.m., varðandi útgáfu lóðarleigusamnings um iðnaðarlóð félagsins við Gelgjutanga, vísað til bæjarverkfræðings og borgarstjóra til meðferðar.

6. Samþ. erindi Árna Daníelssonar, deildarverkfræðings, dags. 25. f.m., um að heimila Magnúsi B. Magnússyni afnot af setuliðsskála, innan athafnasvæðis Sand- og Grjótnámsins, á þeim forsendum er í bréfinu greinir.

7. Lagt fram bréf frá Ásgeiri Þorsteinssyni, verkfr., vegna hitaveitunefndar, dags. 26. f.m., með skýrslu um störf nefndarinnar og tillögum um framhald rannsóknanna. Bæjarráð samþykkir tillögurnar, en leggur jafnframt áherzlu á, að nefndin hraði störfum eftir föngum.

8. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra og hitaveitustjóra, dags. 29. f.m., varðandi jarðhitarannsóknir á Hengilsvæðinu, ásamt bréfi frá jarðboranadeild raforkumálastjóra, dags. 26. f.m., og greinargerð og tillögur um sama, dags. sama dag.

9. Samþ. að veita Fæðiskaupendafélaginu meðmæli til að fá innkaupaleyfi skv. 3. gr. auglýsingar nr. 9/1947 frá skömmtunarstjóra.

10. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 24. f.m., með bréfi frá raforkumálastjóra, dags. 15. f.m., varðandi rafmagn til hitunar í hjúkrunarkvennahúsi að Vífilsstöðum. Vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

11. Erindi frá lögreglustjóra, dags. 17. f.m., um rafmagnshitun í geymslu lögreglunnar við Sölfhólsgötu, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

12. Samþ. að krefja ekki leigu til næstu áramóta eftir húsnæðið í Tripoli-skálahverfinu, þar sem félagsheimili Víkings er. Þetta var samþ. eftir tillögu stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur í bréfi 30. f.m.

13. Erindi rafmagnsstjóra, dags. 26. f.m., varðandi skipun Óskars Pálmasonar sem fasts starfsmanns, vísað til stjórnar Starfsmannafélagsins til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra í bréfi 26. f.m., um ráðningu Stígs Hannessonar sem fasts línumanns.

15. Rafmagnsstjóra heimilað að taka Jóhann A. Gunnarssonar sem lærling í línumannsstörfum hjá Rafmagnsveitunni, skv. tillögu í bréfi 26. f.m.

16. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 24. f.m., um kröfur Rafmagnsveitunnar vegna lagningar hitaveitunnar. Ákveðið að óska eftir umsögn hitaveitustjóra.

17. Lögð fram greinargerð rafmagnsstjóra, dags. 30. f.m., um ráðstafanir er gera þarf vegna of mikils rafmagnsálags nú í haust, þar til eintúrbínustöðin verður starfhæf. Er greinargerðin m.a. umsögn um erindi rafveitna í Árnessýslu vegna fyrirhugaðrar lokunar fyrir straum á tímabilinu 10.45 - 12 f.h.
Bæjarráð felur rafmagnsstjóra að framfylgja samþykkt bæjarstjórnar frá 21. ágúst síðastl., eftir því sem þörf krefur.

18. Bæjarráð samþ., eftir atvikum, að Magnús Ágústsson megi kaupa íbúð í húinu Hraunteig 21 og að Hermann Guðmundsson megi kaupa íbúð í húsinu Mávahlíð 22.

19. Lögð fram tilkynning um ályktun alm. kvennafundar 25. f.m., varðandi hreinlæti og heilbrigðismál bæjarins.

20. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 30. f.m.

21. Lögð fram tillaga, sem bæjarstjórn samþykkti 2. þ.m., ásamt viðaukatillögu, um fyrirkomulag mjólkurskömmtunar og aukningu mjólkurmagns til bæjarins.

22. Rætt um rekstur Strætisvagnanna.
Á fundinum mættu Jóhann Ólafsson, forstjóri, og Jón Sigurðsson, slökkviliðsstjóri, sem var form. nefndar sem bæjarstjórnin skipaði síðastl. vetur, til að rannsaka rekstur fyrirtækisins. Ákveðið að ræða málið nánar á fundi síðar.

23. Lögð fram umsókn frá Skúla H. Norðdahl um styrk til háskólanáms í Þrándheimi.

24. Samþ. að Kristín M. Jónsdóttir megi kaupa íbúð í húsinu Drápuhlíð 48.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, þriðjudaginn 7. okt., kl. 3 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt var um rekstur Strætisvagnanna. Á fundinum mættu Jóhann Ólafsson forstjóri og nefndarmenn í strætisvagnanefndinni, þeir Jón Sigurðsson slökkviliðsstjóri, Jónas Haralz hagfr. og Sigurjón Guðmundsson skrifstofustj.

2. Bæjarráð samþ. að heimila sjávarútvegsnefnd að ráða skipstjóra á bæjartogarana samkv. tillögu í fundargerð nefndarinnar frá 30. sept.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Auður Auðuns.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

Fríkirkjuveg.

14. Samþ. að Aðalsteinn Indriðason megi kaupa íbúð í húsinu Sörlaskjól 12.

15. Synjað erindi frá Finnboga Halldórssyni um leyfi til kaupa á íbúð í húsinu Hjallavegi 33.

16. Samþ. að Jóhann K. Pétursson, Mjóstr. 8, megi kaupa íbúð í húsinu Eskihlíð 16.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 10. oktbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 29. f.m., varðandi staðsetningu nýs menntaskólahúss, annaðhvort í Laugarnesi eða í Litluhlíð. Vísað til skipulagsmanna og Skipulagsnefndar til umsagnar fyrir næsta bæjarráðsfund.

2. Lögð fram bréf frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur, dags. 11. f.m., og stjórn Íþróttavallarins, dags. 1. þ.m., varðandi fyrirhugað íþróttasvæði í Vatnsmýrarjaðrinum. Vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

3. Samþ. að tilkynna Geir Gunnlaugssyni, Eskihlíð A, að hann verði að hafa rýmt af lóðinni umhverfis hús hans öllum byggingum, sem þar hafa verið settar án leyfis, fyrir 1. maí næstk., en nú þegar beri að fjarlægja hús úr vegarstæði Eskihlíðar.

4. Samþ. að ráða Þórð Á. Jóhannsson, Bjarnastöðum og Felix Sigurbjarnarson, Lvg. 132, sem fasta verkamenn hjá bæjarverkfræðingi, með launum skv. X. fl. (þeir vinna aðallega að veghefilsstjórn).

5. Bæjarráð synjar enn erindi um heimtaug í húsið Steinahlíð við Vatnsveituveg.

6. Lagt fram bréf frá Ara Magnússyni, Eskihlíð 12, varðandi leyfi til að hafa fisksölu í bílskúrnum við Eskihlíð 12, svo og áskoranir frá húsmæðrum í nágrenninu, um að leyfið verði veitt.

7. Bæjarráð samþ. að gefa Friðbert Friðbertssyni, Efst. 3, kost á leigulóðinni Langholtsv. 19, með byggingarfresti til 1. júlí næstk.

8. Rætt um slökkviliðsþjónustu á Reykjavíkurflugvellinum, sbr. bréf flugráðsins, dags. 9. f.m. Slökkviliðsstjóri mætti á fundinum.

9. Lagt fram bréf frá Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda, dags. 30. f.m., um vatnsleiðslu að fiskþvottahúsi við Elliðaár, svo og umsögn vatnsveitustjóra, dags. 8. þ.m. Samþ. að senda Sölusambandinu umsögnina.

10. Samþ. að gera samning um lóðina Laugateig 5 við Elías og Guðmund Sigurðssyni, Laugateig 5.

11. Erindi frá íbúum við Miklubraut um lóðir fyrir bílskúra, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

12. Lögð fram tilkynning frá Skipulagsnefnd og skipulagsmönnum bæjarins, dags. 1. þ.m., varðandi byggingu fimleikahúss á Kvennaskóla-lóðinni, Fríkirkjuvegi 9.

13. Lögð fram fyrirspurn frá Sig. Thoroddsen verkfr., dags. 7. þ.m., hverskonar bygging sé fyrirhuguð á lóðinni nr. 13 við Fríkirkjuveg.

14. Samþ. að Aðalsteinn Indriðason megi kaupa íbúð í húsinu Sörlaskjól 12.

15. Synjað erindi frá Finnboga Halldórssyni um leyfi til kaupa á íbúð í húsinu Hjallavegi 33.

16. Samþ. að Jóhann K. Pétursson, Mjóstr. 8, megi kaupa íbúð í húsinu Eskihlíð 16.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Samþ. að Jóhanna Jónsdóttir, Grett. 73, megi kaupa íbúð í húsinu Miklubraut 70.

18. Samþ. að óska eftir umsögn Starfsmannafélagsins um tillögu um að Herm. Hermannsson, bókari í bæjarskrifst., taki laun skv. IX. fl.

19. Erindi um að Sig. Sigurðsson, Mikl. 36, verði skipaður fastur starfsmaður hjá Strætisvögnunum, vísað til stjórnar Starfsmannafélagsins til umsagnar.

20. Lagt fram bréf frá Bakarameistarafél. Reykjavíkur, dags. 6. þ.m., með umsögn um erindi A.S.B., um breytingu á lokunarsamþykktinni fyrir brauða- og mjólkurbúðir.

21. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar fyrir septbr. síðastl.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. | Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. | Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, fimmtudaginn 16. oktbr., kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 10. þ.m.

2. Lögð fram fundargerð sjávarútvegsnefndar 14. þ.m.
Bæjarráð samþykkir tillögu nefndarinnar í 2. lið, um að gefa Matth. Jochumssyni, Öld. 17, o.fl. kost á síðasta Svíþjóðarbáti bæjarins.
Í sambandi við 5. lið fundargerðarinnar bar borgarstjóri fram svohljóðandi tillögu til bæjarstjórnar:

"Bæjarstjórn heimilað borgarstjóra og bæjarráði að framselja smíðasamning um botnvörpuskip, sem ríkisstjórnin hefir samið um smíði á, vegna bæjarins, hjá Alex. Hall, Aberdeen, enda hlíti kaupandi öllum sömu skilmálum, sem settir hafa verið fyrir framsölum á botnvörpuskipum, sem bæjarstjórn hefir haft milligöngu um, að keyptir væru til bæjarins".

Þessi tillaga var borin upp og samþykkt með 3:2 atkv.
Tillaga Jóns A. Péturssonar og Sigfúsar Sigurhjartarsonar, um að bæjarstjórnin selji ekkert skipanna, sem nú eru í smíðum, en taki þegar ákvörðun um að gera öll 5 skipin út fyrir eigin reikning, kom því ekki til atkvæða í bæjarráði.
Þá fluttu sömu bæjarráðsmenn varatillögu um að bæjarstjórn taki nú þegar ákvörðun um að gera út 4 togara, sbr. fundargerðina, 5. töluliö, c.
Samþ. með 3:2 atkv. að fresta ákvörðun um varatillöguna.

3. Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu til bæjarstjórnar:

"Bæjarstjórn heimilar borgarstjóra að taka lán hjá Landsbanka Íslands, að upphæð kr. 5.000.000.- - fimm millj. krónur -, til greiðslu á hluta af stofnkostnaði hinnar nýju aðalæðar Vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum.
Lánið endurgreiðist á 10 árum, ásamt 5% ársvöxtum, með jöfnum ársgreiðslum, í fyrsta sinni í ársbyrjun 1949, þóknun til lánveitanda 1%.
Veitist borgarstjóra fullt umboð til að undirskrifa hverskonar skuldabréf fyrir láni þessu, hvort heldur er aðalskuldabréf eða sérskuldabréf með vaxtamiðum".

Tillögunni vísað til bæjarstjórnar með samhljóða atkv.

4. Rætt um reikninga Framkvæmdasjóðs.

5. Rætt um frv. að nýrri heilbrigðissamþykkt, sem verður til 2. umr. á bæjarstjórnarfundi í dag.
Bæjarráð leggur til, með 5 samhlj. atkv., að bæjarstjórnin fresti 2. umr. og feli dr. Einari Arnórssyni, fyrv. hæstaréttardómara, og dr. Jóni Sigurðssyni, heilbrigðisfulltrúa, að endurskoða frumvarpið fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.
Jóhann Hafstein. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R S T J Ó R N

Ár 1947, fimmtudaginn 16. okt., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara-bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benediktsson, Friðrik Ólafsson, Guðrún Jónasson, Auður Auðuns, Guðmundur H. Guðmundsson, Einar Erlendsson, Sveinbjörn Hannesson, Sigfús Sigurhjartarson, Steinþór Guðmundsson, Jónas Haralz, Jón Axel Pétursson, Jóhanna Egilsdóttir, Pálmi Hannesson og Björn Bjarnason.

Þetta gerðist:

I. Brunabótavirðingar.
Brunabótavirðingagjörðir, 33 að tölu, er bárust bæjarstjórninni með bréfi tryggingarfélagsins, dags. 10. okt. s.l., voru samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð bæjarráðs frá 3. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð bæjarráðs frá 7. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð bæjarráðs frá 10. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bæjarráðs frá 16. okt. lögð fram.
Jón Axel Pétursson og Sigfús Sigurhjartarson báru fram svo hljóðandi tillögu:

1. Aðaltillaga:
Bæjarstjórn ákveður að selja engan þeirra fimm togara, sem bærinn á, þ.e. einn fullbúinn og fjóra í smíðum, - og gera þá út fyrir bæjarins reikning jafnóðum og þeir verða fullbúnir.
2. Til vara:
Bæjarstjórn ákveður að gera út fyrir bæjarins reikning fjóra togara af þeim fimm, sem bærinn á nú, sumpart fullbúna og sumpart í smíðum.

Aðaltillagan felld með 8:7 atkv.
Tillaga um að fresta afgreiðslu varatillögunnar var samþ. með 8:7 atkv.
Tillaga borgarstjóra í 2. lið samþ. með 8:7 atkv.
Tillagan í 1. mgr. 2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. lið vísað til 2. umræðu með shlj. atkv.
Fulltrúar Sósíalistaflokksins óskuðu bókað, að þeir greiði ekki atkvæði um þennan lið, þar sem þeir telji lánskjörin mjög óhagstæð.

VI. Fundargerð fræðsluráðs frá 13. okt. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. - - - - -
5. - - - - -
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð hafnarstjórnar frá 7. okt. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerðir sjávarútvegsnefndar frá 30. sept., 10. okt. og 14. okt. lagðar fram.

IX. Frv. að heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík, 2. umr.
5. liður í fundargerð bæjarráðs frá 16. okt. samþ. með shlj. atkv.

Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurkaupstaðar og fyrirtækja árið 1946.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórn staðfestir, að framlög til bæjarútgerðar og vegna smíða á vélbátum í Svíþjóð skuli talin með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eignum framkvæmdasjóðs.

Ennfremur samþykkir bæjarstjórn, að með eignum framkvæmdasjóðs skuli talið:

a. Stofnkostnaður vegna aukningar Vatnsveitunnar og nýrrar aðalæðar, að svo miklu leyti sem lántaka hrekkur ekki til.

b. Útborgað kaupverð Reykjahlíðar og hitaréttinda í Mosfellsdal. ÷ 850 þús. Lán

c. Bráðabirgðalán til Rafmagnsveitu vegna byggingar eimtúrbínustöðvarinnar. 3000.000 ?

Fulltrúar Sósíalistaflokksins óskuðu bókaða svo fellda athugasemd:

Bæjarfulltrúar Sósíalistaflokksins átelja harðlega, að fé framkvæmdasjóðs hefir verið ráðstafað án þess að til kæmi samþykki bæjarráðs og bæjarstjórnar, en geta úr því sem komið er fallist á að fé hans verði talið þeim bæjarfyrirtækjum til skulda, sem upp eru talin í tillögu borgarstjóra, enda verði gefin út skuldabréf til skamms tíma fyrir þessum upphæðum, og jafnframt ákveðið að fé sjóðsins verði hér eftir alls ekki ráðstafað án samþykkis bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Borgarstjóri óskaði bókaða svo fellda athugasemd:

Undanfarin ár hefir fé framkvæmdasjóðs verið varið til ýmissa framkvæmda bæjarins, sem fé var ekki veitt til í fjárhagsáætlun, og er ekki kunnugt, að neinir bæjarráðsmenn hafi hreyft andmælum gegn því. Átölur um heimildarlausa ráðstöfun framkvæmdasjóðs eru því gripnar úr lausu lofti.

Sigfús Sigurhjartarson óskaði bókað:

Samþykkis fyrir umframgreiðslur úr bæjarsjóði hefir ekki verið leitað, en hinsvegar hafa þær oft verið átaldar af bæjarfulltrúum Sósíalistaflokksins. Bókun borgarstjóra er því gripin úr lausu lofti.

Reikningur Reykjavíkurkaupstaðar og fyrirtækja hans árið 1946 var samþ. með 9 shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþ. með 14 shlj. atkv.

II. Lagður fram til úrskurðar reikningur Reykjavíkurhafnar árið 1946.
Reikningurinn samþ. með 11 shlj. atkv.

III. Fundargerð framfærslunefndar frá 14. okt. lögð fram.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9½.

Hallgr. Benediktsson.

Gunnar Thoroddsen.
Guðrún Jónasson.
Guðm. H. Guðmundsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Stþ. Guðmundsson.
Jón Axel Pétursson.

F.V. Ólafsson.
Auður Auðuns.
Einar Erlendsson.
Sveinbjörn Hannesson.
Jónas H. Haralz.
Jóhanna Egilsdóttir.

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, mánudaginn 27. oktbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila Guðlaugi Guðlaugssyni, Frakk. 26, að kaupa leigulandið Árbæjarbl. XIII, með byggingu, fyrir kr. 30.000.-. Jafnframt tekur bæjarráð fram, að byggingin er reist án leyfis.

2. Lagt fram bréf frá ræktunarráðunaut bæjarins, dags. 9. þ.m., um fyrirhugað garða- og sumarbústaðaland við Suðurlandsveg, úr Grafarholtslandi. Vísað til skipulagsmanna til skjótrar umsagnar.

3. Skýrt frá störfum nefndar, sem bæjarráð skipaði 23. júní s.l., til að gera tillögur um leikvelli og dagheimili, einkum athugunum og tillögum Sig. Collin, arkitekts, sem starfað hefir á vegum nefndarinnar.
Nefndinni falið að starfa áfram og heimilað að hafa arkitektinn áfram í þjónustu sinni.

4. Lagt fram bréf frá stjórn Íþróttavallarins, dags. 17. okt., með tilmælum um að ráðstafanir verði gerðar til að óleyfisskúr í norðvesturhorni Melavallarins verði fjarlægður þaðan nú þegar. Samþ. að verða við þessum tilmælum.

5. Erindi frá Helga Bachmann um að rafmagnsheimtaug verði aftur lögð í skúr hjá Ánanaustum, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

6. Erindi Kristjáns Gíslasonar um rafmagnsheimtaug í setuliðshús í Selby-hverfi, synjað.

7. Synjað erindi frá Haraldi Björnssyni o.fl. um rafmagnsheimtaug að skála í Herskóla-hverfi.

8. Synjað erindi frá Benjamín Kristjánssyni um rafmagnsheimtaug í skúr við Melaveg.

9. Umsókn um næturrafmagn til hitunar á bílskúr hjá Vegamótum vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

10. Erindi frá Helga Einarssyni, Braut. 26, dags. 11. þ.m., varðandi rafmagn til næturhitunar, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að verða við umsókn Hilmars Árnasonar um rafmagnsheimtaug að húsi hans hjá Elliðavatnsstíflu, til ljósa, en aðeins meðan Hilmar býr þar og er í þjónustu Rafmagnsveitunnar.

12. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 2. þ.m., varðandi greiðslu heimtaugargjalds vegna rafveitulagna í Mosfellsdal. Bæjarráð samþ. tilhögun skv. tillögum raforkumálastjórnar ríkisins.

13. Staðfest framlengin á samningi bæjarins við Verkamannafélagið Dagsbrún, er borgarstjóri hafði undirritað 14. þ.m.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar fyrir 3. ársfjórðung 1947.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein.　　　　Auður Auðuns.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 31. oktbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Vegna breyttra aðstæðna vill bæjarráð ekki endurnýja heimild til að leigja Hauki Bent Guðjónssyni land á erfðafestu í Krossamýri.

2. Bæjarverkfræðingi heimilað að veita Matth. Guðmundssyni, Meðalh. 5 og Kjartani Guðnasyni, Meðalh. 12, afnotarétt af lóðarspildu norðan Sogavegar, til hænsnaræktar, enda verði lóðin rýmd, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður - og án fyrirvara.

3. Samþ. að gera leigusamning um iðnaðarlóðina Skipholt 25 til 30 ára. Ársleiga fyrstu 5 árin 55 aur. pr. ferm.

4. Synjað erindi frá Axel Petersen um að lengja leigutíma lóðarinnar nr. 1 við Langholtsveg.

5. Synjað erindi frá Eyjólfi Þorvaldssyni, Tjarn. 10A, um leyfi til að reisa bráðabirgðabílskúr sunnan við gamla kirkjugarðinn.

6. Samþ. að gefa Guðjóni Kr. Bernharðssyni kost á leigulóðinni Úthlíð 9. Byggingarfrestur til 1. maí 1948.

7. Samþ. að Jón Sigurðsson, Óð. 32, megi kaupa íbúð í húsinu Barmahlíð 49.

8. Samþ. að Kristm. Aðalst. Þórðarson, Lvg. 59, megi verða leigjandi að Smálandabraut 5 í Grafarholti.

9. Samþ. að Finnbogi Halldórsson megi kaupa íbúð í húsinu Hjallavegi 33.

10. Samþ. að Einar Þorsteinsson, Lnv. 42, megi kaupa íbúð í húsinu nr. 17 við Hraunteig.

11. Samþ. að Guðrún Jónsdóttir, Týsg. 3, megi kaupa hluta af húsinu nr. 34 við Skipasund.

12. Synjað erindum um íbúðarkaup:
frá Skeggja Samúelssyni í Skipasundi 68,
 - Jóel Jónssyni í Skipasundi 50,
og Kristjáni Skaptasyni í Sogavegi 128.

13. Bæjarráð hefir ekki á móti því, að Ingimar Vilhjálmsson auglýsi húsið Langhv. 128 til sölu, en leita verður samþykkis bæjarráðs til sölunnar.

14. Synjað beiðni frá Þórði Þorsteinssyni um rafmagnsheimtaug að söluskúr á torginu við Njálsgötu og Barónsstíg.

15. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 28. þ.m., varðandi prófsprengingar til undirbúnings nýrrar Sogsvirkjunar.
Samþ. að fela Hitaveitunni að láta bora eina holu fyrir Sogsvirkjunina, hjá Ljósafossi.

16. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 20. þ.m., varðandi umsókn hreppsnefndar Seltjarnarnesshrepps, um að Rafmagnsveitan setji upp nokkur ljósker í hreppnum. Ákvörðun frestað, þar til götulýsingu í bænum verður komið í betra horf.

17. Lögð fram umsókn hreppsnefndar Seltjarnarnesshrepps, dags. 12. þ.m., um að sett verði upp ný spennistöð á Digranesshálsi hið fyrsta, svo og umsögn rafmagnsstjóra, dags. 22. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 6. þ.m., varðandi tillögur um byggingu spennistöðvar á lóðinni Bræðraborgarstíg 7. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

19. Rætt um tilmæli flugráðsins, í bréfi 9. septbr., um að slökkvilið bæjarins taki að sér slökkviliðsstörf á Reykjavíkurflugvellinum.
Flugvallarstjóri og slökkviliðsstjóri mættu á fundinum.
Lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra um málið, dags. 15. þ.m.

20. Lögð fram umsögn hafnarstjóra, dags. 7. þ.m., um erindi lögreglustjóra, dags. 12. f.m., þar sem farið var fram á, að svæðið milli Vesturg., Grófarinnar og Tryggvagötu verði gert að bifreiðastæðum svo fljótt sem unnt er. Ennfr. lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindið, dags. 14. þ.m.
Bæjarráð beinir til hafnarstjórnar að segja upp leigumálum um lóðir á þessu svæði, í því skyni, að þar verði lögð niður benzínsala og þ.h. starfsemi, eigi síðar en frá 1. júní n.k.

21. Bæjarráð mælir með tillögu lögreglustjóra, um að ákveðinn verði einstefnuakstur um Grettisgötu frá vestri til austurs.

22. Tillögu lögreglustjóra, um einstefnuakstur um Hellusund, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

23. Samþ. að heimila lögreglustjóra að kaupa umferðaspegil, til reynslu.

24. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að Alm. Byggingafélagið megi koma fyrir benzíngeymi, neðanjarðar, á lóð við Steintún, til afnota fyrir afgreiðslu á benzíni til eigin véla og tækja, enda samþykki slökkviliðsstjóri umbúnað.

25. Samþ. að leggja til að Lárus Fjeldsted hrl. verði tilnefndur varamaður í merkjadómi Reykjavíkur.

26. Erindi Húsmæðrafél. Reykjavíkur um að félagið fái leigt eldhús til sýnikennslu, vísað til fræðslufulltrúa til fyrirgreiðslu.

27. Lagt fram bréf frá Sig. Þórðarsyni o.fl., þar sem tilkynnt er, að útgerðarmenn m.b. Vilborgar, R.E.34, geti ekki greitt vexti og afborgun af stofnláni með veði í bátnum, sem fellur í gjalddaga 1. nóvbr. n.k.

28. Regína Sigríður Guðmundsdóttir, Lvg. 86, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

29. Lagt fram bréf frá Glímufél. Ármann, dags. 8. þ.m., þar sem ítrekuð er beiðni félagsins frá 9. júní s.l. um 20 þús. kr. styrk, vegna utanfarar íþróttaflokka félagsins til Finnlands síðastl. sumar. Sömul. lagt fram meðmælabréf frá stjórn Í.S.Í., dags. 6. þ.m., og umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 22. þ.m. Samþ. að fresta afgreiðslu til meðferðar fjárhagsáætlunar fyrir 1948.

30. Lagt fram bréf frá Hannesi Guðmundssyni lækni, dags. 25. þ.m., varðandi aukningu varna gegn kynsjúkdómum, svo og umsögn Jóns Sigurðssonar heilbrigðisfulltr., dags. 11. þ.m.
Málinu vísað til borgarstjóra til athugunar.

31. Lagt fram bréf frá Mjólkursamsölunni, dags. 9. þ.m., með umsögn um erindi A.S.B., um breytingu á reglum um lokunartíma brauða- og mjólkurbúða.

32. Lagt fram bréf frá Sundhöll Reykjavíkur, dags. 2. þ.m., varðandi kennslutilhögun þar nú í vetur. Málið falið borgarstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33. Lögð fram umsögn forstöðumanns Bæjarbókasafnsins, dags. 13. þ.m., um erindi Jóhanns Sveinssonar um launabætur. Bæjarráð synjar erindinu.

34. Borgarstjóra heimilað að ráða Þórhall Halldórsson, mjólkurfræðing, til starfa fyrst um sinn, að undirbúningi mjólkurbúreksturs bæjarins og sem ráðunaut bæjarstjórnar um mjólkurmál.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns.

Sigfús Sigurhjartarson.

Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, miðvikudaginn 5. nóvbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXX fyrir kr. 50.000.--. Hafnað.

2. Rætt um rekstur Strætisvagnanna og svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:

   Bæjarstjórnin samþykkir, að svo fljótt sem unnt er, verði gerðar þessar breytingar á rekstri Strætisvagnanna:

   a. Að 4 vagnar verði látnir aka 1. og 2. leið (Njálsgata - Sólvellir), á 10 - 12 mín. fresti, a.m.k. vetrarmánuðina. Jafnframt verði annar hvor vagn látinn aka um Hringbraut.

   b. Að hefja hraðferðir, með fáum viðkomustöðum, frá Vesturbænum inn á Langholtið, sem næst 2 ferðir á klst.

   c. Að hefja ferðir um nýja leið, um Háteigs - Hlíðahverfi.

   d. Að gefa út leiðarbók, með áætlun vagnanna og uppdrætti af leiðunum.

   e. Að láta nú þegar reisa farþegaskýli við Sunnutorg.

   f. Að vagnana skuli auðkenna greinilega, þannig að sjá megi ökuleiðina, bæði framan á vögnunum og á hliðunum.

3. Rætt um breytingar á matmálstíma skrifstofufólks.

4. Bæjarráð ítrekar tilmæli til sjávarútvegsnefndar, um að gera nú þegar tillögur um stjórn bæjarútgerðarinnar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Auður Auðuns.

Sigfús Sigurhjartarson.

11. Lögð fram ályktun Laugardalsnefndar 10. f.m., um að hefja nú þegar skurðgröft í Laugardalnum.
Bæjarverkfræðingur telur ekki rétt að hefja skurðgröftinn fyr en um það bil, að ræsispípur fást til að leggja í skurðinn.

12. Samþ. að segja upp leigusamningi um íshúsið við Skothúsveg (Ísbjörninn), dags. 1. oktbr. 1940.

13. Lögð fram tillaga Guðm. H. Guðmundssonar, varðandi umferðarmál, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 6. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 7. nóvbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu, vegna framlengingar Miklubrautar, hluta af löndunum Sogamýrarbl. VI, VII, X, XI, XIA, XIV, LVII og XXV.

2. Samþ. að leyfa stækkun á íbúðarhúsi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVI, skv. umsókn 12. ágúst s.l., með skilyrði um að stækkunin verði tekin burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

3. Boðinn forkaupsréttur að hálfu erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXI með Litla-Hvammi, fyrir kr. 40.000.-. Hafnað, en jafnframt tekið fram, að allmargar byggingar eru á landinu án leyfis.

4. Lagt fram bréf frá Gesti Guðmundssyni, Reykjahlíð, varðandi land til búskapar. Vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Rætt um lóð fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Lagt fram bréf með umsögn skipulagsnefndar og skipulagsmanna, dags. 23. f.m., með umsögn um bréf menntamálaráðuneytisins 29. septbr. s.l., svo og bréf Einars Sveinssonar, arkitekts, dags. 21. f.m.
Bæjarráð telur nýtt menntaskólahús betur sett á Litluhlíð við Öskjuhlíð heldur en hjá Laugarnesi - og ítrekar samþykkt 6. desbr. 1946, um að láta af hendi hæfilega lóð fyrir skólann á fyrnefnda staðnum.
Áður en lóðarstærð og lóðarmörk verða ákveðin, óskar bæjarráð eftir nákvæmri greinargerð um fyrirhugaðar byggingar og mannvirki á skólalóðinni.

6. Lagt fram bréf frá glímufélaginu Ármann, dags. 12. f.m., með beiðni um íþróttasvæði við Nóatún. Vísað til skipulagsnefndar og skipulagsmanna til umsagnar.

7. Leigutími lóðar h.f. Shell við Suðurlandsbraut ákveðinn 40 ár. Ársleiga fyrstu 5 árin 60 aur. pr. ferm.

8. Erindi frá dómprófastinum í Reykjavík, dags. 29. f.m., með ályktun héraðsfundar prófastsdæmisins 15. f.m., varðandi afhendingu lóðar fyrir Neskirkju, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

9. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 4. þ.m., um till. til þál. varðandi Sogsvirkjun, sem nú liggur fyrir Alþingi, þskj. 18. Bæjarráð samþykkir umsögninga fyrir sitt leyti.

10. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 14. f.m., með umsögn um reikning Rafmagnsveitunnar, vegna sérstaks kostnaðar hennar, er nýlögn hitaveitunnar var framkvæmd. Sömuleiðis lagt fram svarbréf rafmagnsstjóra, dags. 25. f.m.

11. Lögð fram ályktun Laugardalsnefndar 10. f.m., um að hefja nú þegar skurðgröft í Laugardalnum.
Bæjarverkfræðingur telur ekki rétt að hefja skurðgröftinn fyr en um það bil, að ræsispípur fást til að leggja í skurðinn.

12. Samþ. að segja upp leigusamningi um íshúsið við Skothúsveg (Ísbjörninn), dags. 1. oktbr. 1940.

13. Lögð fram tillaga Guðm. H. Guðmundssonar, varðandi umferðarmál, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 6. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Bæjarráð leggur til, að tekinn verði upp einstefnuakstur um Hellusund frá Bergsstaðastr. að Grundarstíg, frá austri til vesturs.

15. Samþ. að krefja ekki hestamannafél. Fák um endurgjald fyrir heflun á skeiðvellinum, kr. 1371.-.

16. Samþ. að gera leigusamning um Barmahlíð 51 við Ólaf Auðunsson og Hermann Bæringsson, Hrb. 32.

17. Bæjarráð samþ. e.a. að gera leigusamning um lóðina nr. 68 við Skipasund við Skeggja Samúelsson.

18. Samþ. að Kristján Skaptason megi kaupa húsið nr. 128 við Sogaveg.

19. Samþ. að Axel Björnsson, Leifsg. 24, megi kaupa íbúð í húsinu Drápuhlíð 34.

20. Samþ. að Björgvin Ólafsson, Sogabl. 17, megi kaupa skúr á lóðinni Sogavegi 156.

21. Samþ. að Vilmar H. Thorsteinsen, Miðtúni 18, megi verða leigjandi lóðarinnar Hitaveitutorg 2.

22. Lagt fram bréf frá undirbúningsnefnd Reykjavíkursýningar og bæjarsafns, dags. 22. f.m., með drögum að fyrirkomulagi fyrirhugaðrar sýningar, sem farið er fram á, að haldin verði næsta sumar í hinu nýja Gagnfræðaskólahúsi á Skólavörðuhæð.

23. Borgarstjóra heimilað að ráða Hauk Benediktsson, Eskihlíð 14A, til bókhaldsstarfa í bæjarskrifstofunum, með launum skv. X. fl.

24. Lögð fram greinargerð og tillögur nefndar, sem bæjarráð skipaði til að gera tillögur um reglur, er fylgja beri um veitingu meðmæla til að fá veitingaleyfi.

25. Bæjarráð leggur til að mælt verði með veitingaleyfisbeiðni Kristjáns B. Sigurðssonar, Hverf. 49.

26. Stjórn Í.S.Í. þakkar gestrisni, sem bæjarstjórn hefir sýnt erlendum íþróttaflokkum, sem hingað hafa komið á s.l. sumri.

27. Erindi Jóhanns Guðmundssonar, Lvg. 86, um lán, vísað til framfærslunefndar til meðferðar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Sigfús Sigurhjartarson. Auður Auðuns.

Jóhann Hafstein. Jóhanna Egilsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 14. nóvbr., kl. 4 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi Ólafs Bjarnasonar, Brautarh., um rafmagnsheimtaug frá Arnarholti að Brautarholti, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

2. Erindi Sverris Sigurðssonar, dags. 24. sept. þ.á., um að tengja gufuketil við rafmagnskerfið, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu, með tilvísun til bréfs hans 29. f.m.

3. Erindi frá Carli Carlsen, Höfðab. 5, um minkaveiðar við Elliðaárnar, vísað til Slysavarnafél. til umsagnar.

4. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leigja Stangaveiðifél. Reykjavíkur laxveiðina í Elliðaánum um næstu 3 ára skeið, með sömu skilmálum og undanfarið.

5. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 10. þ.m., þar sem skýrt er frá því, að hinn 3. þ.m. hafi hann skrifað Fél. járniðnaðarmanna og Meistarafél. járniðnaðarmanna tilmæli um undanþágu til að halda megi áfram járnsmíðavinnu við varastöðina við Elliðaárnar, meðan á yfirstandandi verkfalli stendur, þannig að Rafmagnsveitan greiði það kaup járnsmiða, sem samkomulag verður um, þegar verkfallinu lýkur. Hafi hvorugt félagið talið fært að veita undanþáguna, sem um var beðið.

6. Erindi varðandi holræsislögn frá Reykjavíkurvegi 33, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

7. Bæjarráð hafnar forkaupsrétti að setuliðsskála á Sandvíkurbletti við Skerjafjörð.

8. Samþ. að heimila Bryndísi Zoëga ókeypis afnot fyrst um sinn af 2 herbergjum í húsinu Hlíðarenda við Laugarásveg, til leikskólahalds. Sömul. að leggja skólanum ljós og hita.

9. Erindi frá íbúum í Höfðaborg um leikvallagerð, vísað til leikvallanefndar til umsagnar.

10. Lagt fram bréf frá sundkennurum í bænum, dags. 16. f.m., um að fjölgað verði kennslusundlaugum í bænum.

11. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Karfavog 25 við Jón Sigurjónsson, Brunnstíg 6.

12. Allshn. neðri deildar Alþingis óskar umsagnar bæjarráðs um frv. til laga um brunamál, sem liggur fyrir þinginu. Borgarritara og slökkviliðsstjóra falið að gera tillögu að umsögn.

13. Fæðiskaupendafélagið óskar eftir meðmælum til að fá veitingaleyfi.

14. Synjað beiðni frá Jörundi Pálssyni um leyfi til að reisa blaðasöluskúr á Lækjartorgi.

15. Erindi frá Einari Ögmundssyni um úthlutun byggingarlóðar úr Hólabrekkubletti, vísað til skipulagsmanna til umsagnar.

16. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í oktbr.

17. Samþ. að falla frá skilyrði fyrir byggingarleyfi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVI, sbr. fundarg. 7. nóvbr., 2. lið.

Fundi slitið.

Auður Auðuns. Gunnar Thoroddsen. Jóhanna Egilsdóttir.
Björn Bjarnason. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, miðvikudaginn 19. nóvbr., kl. 4 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um rafmagnsskortinn, sem nú er og ætla má að verði áfram, þar til eimtúrbínustöðin við Elliðaár verður fullgerð.

Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 18. þ.m., varðandi þetta málefni.

Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að loka fyrir þá meiri háttar notkun rafmagns um hádegið, sem unnt er.

Ennfr. var rafmagnsstjóra falið að brýna fyrir notendum, með auglýsingum og á annan hátt, að spara rafmagnið eftir megni, og að nota alls ekki rafmagnsofna til hitunar á alm. suðutímum, eða annars þegar spennan er of lág.

Ef þessar ráðstafanir bera ekki viðunandi árangur, telur bæjarráð að athuga verði um möguleika til skömmtunar á rafmagni, t.d. með því að loka fyrir notendahverfin, til skiptis, á þeim tímum þegar álagið er mest.

2. Hitaveitustjóra falið að gera tillögur um skömmtun á heitu vatni, þegar þörf krefur, með því að loka fyrir bæjarhverfin til skiptis, fram að hádegi.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jóhanna Egilsdóttir.

Sigfús Sigurhjartarson.

15. þ.m., um hitaleysi í húsinu nr. 16 við Laugaveg.

14. Lagt fram bréf frá fræðslumálastjóra, dags. 10. þ.m., með tilkynningu um, að menntamálaráðuneytið hafi ákveðið, að Gagnfræðaskóli Reykvíkinga verði rekinn skv. ákvæðum l. nr. 48/1946 um gagnfræðanám, frá 1. septbr. þ.á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 21. nóvbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Pétri Hjaltested, Sunnuhvoli, dags. 22. sept. 1947, varðandi sölu á íbúðarhúsnæði í Sunnuhvolshúsunum. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

2. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti, að hafa megi fisksölu í bílskúr, sem stendur á Sogabletti XVI.

3. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sendir ályktun 11. þings sambandsins, varðandi lóð fyrir hið fyrirhugaða Dvalarheimili sjómanna hjá Laugarnesi.

4. Lögð fram umsögn skipulagsmanna um erindi frá íbúum við Miklubraut, dags. 7 f.m., um leyfi til að reisa bílskúra á svæðinu Miklabraut, Rauðarárstígur, Flókagata.

5. Lögð fram umsögn skipulagsmanna og Skipulagsnefndar, dags. 13. þ.m., um tillögur varðandi íþróttasvæði í Vatnsmýrinni og erindi frá Ármanni um íþróttasvæði við Nóatún. Samþ. að biðja um sameiginlegar tillögur um málið frá skipulagsmönnum, stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur og stjórn íþróttavallanna.

6. Erindi frá h.f. Alm. Byggingafélaginu um breidd á Steintúni vísað til skipulagsmanna til athugunar.

7. Lagt fram bréf frá stjórn Fiskimálasjóðs, dags. 14. þ.m., um leigu á Ísbirninum við Skothúsveg næsta ár.

8. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, dags. 14. nóvbr., varðandi einstefnuakstur um Grettisgötu. Bæjarráð ítrekar tillögu sína, um að tekinn verði upp einstefnuakstur um götuna, frá vestri til austurs.

9. Lögð fram umsögn frá Slysavarnafélaginu, dags. 18. þ.m., um erindi frá Carli Carlson, um styrk til að koma upp minkagildrum við Elliðaár. Bæjarráð synjar styrkbeiðninni, þar sem veiðiaðferðin er ekki talin hættulaus fyrir húsdýr og börn.

10. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 19. þ.m., varðandi slys, er varð hinn 6. þ.m. að Barmahlíð 9, er kona dó vegna snertingar við þvottavél, svo og skýrsla umsjónarmanns Rafmagnsveitunnar og eftirrit af skýrslu Rafmagnseftirlitsins til rannsóknarlögreglunnar, dags. 11. þ.m.

11. Lagt fram frv. um breytingar á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík nr. 109, 26. okt. 1936, svo og greinargerð vatns- og hitaveitustjóra.

12. Lagt fram bréf frá hitaveitustjóra, dags. 17. nóvbr., með tillögum um verðhækkun á heitu vatni.

13. Lagt fram bréf frá Fasteignaeigendafél. Reykjavíkur, dags. 15. þ.m., um hitaleysi í húsinu nr. 16 við Laugaveg.

14. Lagt fram bréf frá fræðslumálastjóra, dags. 10. þ.m., með tilkynningu um, að menntamálaráðuneytið hafi ákveðið, að Gagnfræðaskóli Reykvíkinga verði rekinn skv. ákvæðum l. nr. 48/1946 um gagnfræðanám, frá 1. septbr. þ.á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lagt fram bréf frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, dags. 17. þ.m., um að bæjarstjórn ábyrgist rekstrarfé til að ráða 1 hjúkrunarkonu til viðbótar, vegna fyrirhugaðrar alm. berklabólusetningar. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.

16. Lagður fram reikningur Bæjarútgerðarinnar pr. 15. okt. 1947.

17. Lögð fram tillaga Jóhanns Hafsteins, um rannsókn á því, hvernig síldveiðimöguleikar í Faxaflóa verði best nýttir, er samþ. var á fundi bæjarstjórnar í gær.
Bæjarráð tilnefnir Jóhann Hafstein til að taka sæti í undirbúningsnefnd skv. tillögunni.
Jafnframt beinir bæjarráð til sjávarútvegsnefndar, að tilnefna mann í undirbúningsnefndina.

18. Lögð fram tilkynning um ályktun barnaverndarnefndar, um að sett verði á stofn vöggustofa í húsinu Hlíðarenda. Falið borgarstjóra til meðferðar.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, miðvikudaginn 26. nóvbr., kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 24. nóvbr., ásamt tillögum um breytingar á gildandi samningi um kaup og kjör starfsmanna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur (vagnstjóra, vaktmanna), dags. 13. mars 1946. Forstjóra Strætisvagnanna og borgarritara falið að ræða málið við fulltrúa frá félaginu, en jafnframt lýsir bæjarráð því yfir, að það samþykkir að uppsagnarfrestur skv. 24. gr. framangreinds samnings verði styttur um 1 mánuð.

2. Borgarstjóri skýrði frá viðræðum, sem hann og rafmagnsstjóri hefðu átt, nú um síðustu helgi, við fyrirsvarsmenn Fél. járniðnaðarmanna og Meistarafélag járniðnaðarmanna, um möguleika til að tekin verði upp vinna við að fullgera eimtúrbínustöðina við Elliðaárnar, þrátt fyrir yfirstandandi verkfall járniðnaðarmanna. Sigfús Sigurhjartarson lagði til, að gengið yrði að tilboði Fél. járniðnaðarmanna um að hefja vinnuna, með þeim skilyrðum er félagið hefði sett - og borgarstjóri hafði skýrt frá. Tillagan var felld með 3 : 1 atkv.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Auður Auðuns.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

bæjar og ríkissjóðs á Sogsvirkjuninni, skv. l. nr. 28, 23. apríl 1946.

17. Rafmagnsstjóri lagði fram tilkynningu um rafmagnsnotkun vegna spennulækkunar, er hann hyggst að birta fyrir almenningi í blöðum bæjarins.

18. Lögð fram greinargerð frá rafmagnsstjóra, dags. 27. þ.m., varðandi verkfall járnsmiða og uppsetningu véla í eimtúrbínustöðina við Elliðaárnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, miðvikudaginn 26. nóvbr., kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Bifreiðastjórafél. Hreyfli, dags. 24. nóvbr., ásamt tillögum um breytingar á gildandi samningi um kaup og kjör starfsmanna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur (vagnstjóra, vaktmanna), dags. 13. mars 1946.
Forstjóra Strætisvagnanna og borgarritara falið að ræða málið við fulltrúa frá félaginu, en jafnframt lýsir bæjarráð því yfir, að það samþykkir að uppsagnarfrestur skv. 24. gr. framangreinds samnings verði styttur um 1 mánuð.

2. Borgarstjóri skýrði frá viðræðum, sem hann og rafmagnsstjóri hefðu átt, nú um síðustu helgi, við fyrirsvarsmenn Fél. járniðnaðarmanna og Meistarafélag járniðnaðarmanna, um möguleika til að tekin verði upp vinna við að fullgera eimtúrbínustöðina við Elliðaárnar, þrátt fyrir yfirstandandi verkfall járniðnaðarmanna.
Sigfús Sigurhjartarson lagði til, að gengið yrði að tilboði Fél. járniðnaðarmanna um að hefja vinnuna, með þeim skilyrðum er félagið hefði sett - og borgarstjóri hafði skýrt frá.
Tillagan var felld með 3 : 1 atkv.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Auður Auðuns.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

bæjar og ríkissjóðs á Sogsvirkjuninni, skv. l. nr. 28, 23. apríl 1946.

17. Rafmagnsstjóri lagði fram tilkynningu um rafmagnsnotkun vegna spennulækkunar, er hann hyggst að birta fyrir almenningi í blöðum bæjarins.

18. Lögð fram greinargerð frá rafmagnsstjóra, dags. 27. þ.m., varðandi verkfall járnsmiða og uppsetningu véla í eimtúrbínustöðina við Elliðaárnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 28. nóvbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu Árablett og hluta af Kaplaskjólsmýri IV.

2. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufél. atvinnubílstjóra kost á lóðunum Eskihlíð 13 - 15, með byggingarfresti til 1. júlí 1948. Byggingarsamvinnufél. rafvirkja afsalar lóðinni.

3. Páll Guðjónsson, Njarð. 35, afsalar Langhv. 180 og var samþ. að gefa Guðm. Jónassyni kost á lóðinni aftur, með byggingarfresti eftir ákvörðun borgarstjóra.

4. Samþ. að gefa Valtý Nikulássyni kost á lóðinni Sörlaskjóli 54, með byggingarfresti til 1. júlí 1948. Lóðin tekin af Jóhanni Hafliðasyni.

5. Samþ. að heimila stækkun á íbúðarhúsinu Bjargi á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbl. XII um ca. 70 ferm.

6. Samþ. að leyfa byggingu íbúðarhúss úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XLIV, enda verði sumarbústaður, sem á landinu er, tekinn burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

7. Bæjarráð synjar erindi frá Edvarð Friðrikssyni, dags. 21. þ.m., varðandi sölu á hluta af erfðafestulandinu Laugarásbl. XX.

8. Samþ. að heimila Daníel Markússyni að kaupa íbúð í húsinu Blönduhlíð 25.

9. Samþ. að heimila Guðm. Rósmundssyni að kaupa íbúð í húsinu Nökkvavogi 2.

10. Synjað erindi frá Pétri Sigurðssyni, Framnv. 25, um rafmagnsheimtaug í bráðabirgðahús við Reykjanesbraut.

11. Synjað erindi um rafmagnsheimtaug í skúr við Ánanaust.

12. Erindi Frá Kjartan Ásmundssyni, Smár. 14, um næturrafmagn til upphitunar á bílskúr, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

13. Synjað erindi frá h.f. Tivoli, dags. 11. þ.m., um rafmagn til upphitunar á veitingahúsi á skemmtisvæði félagsins.

14. Bæjarráð synjar tilmælum um að ný rafmagnsspennistöð verði sett upp hjá hraðfrystihúsi h.f. Ís í Kópavogi.

15. Rafmagnsstjóra og fræðslufulltrúa falið að láta setja upp tæki í Austurbæjarskólanum til varahitunar með rafmagni.

16. Borgarstjóri og rafmagnsstjóri skýrðu frá viðræðum við atvinnumálaráðherra og raforkumálastjóra um sameign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs á Sogsvirkjuninni, skv. l. nr. 28, 23. apríl 1946.

17. Rafmagnsstjóri lagði fram tilkynningu um rafmagnsnotkun vegna spennulækkunar, er hann hyggst að birta fyrir almenningi í blöðum bæjarins.

18. Lögð fram greinargerð frá rafmagnsstjóra, dags. 27. þ.m., varðandi verkfall járnsmiða og uppsetningu véla í eimtúrbínustöðina við Elliðaárnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigfús Sigurhjartarson bar fram tillögu um, að haldinn yrði bæjarstjórnarfundur um málið á morgun, laugardag 29. nóvbr. Tillagan var felld með 4 : 1 atkv.
Jón Axel Pétursson tók fram, að þar sem reglulegur bæjarstjórnarfundur verði haldinn næstk. fimmtudag, sjái hann ekki ástæðu til að halda aukafund um málið.

19. Lögð fram tilkynning frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um mótmæli gegn nefndarskipun bæjarstjórnarinnar "varðandi möguleika á hagnýtingu Faxasíldar".

20. Lagðar fram fundargerðir sjávarútvegsnefndar 21., 22., 28. oktbr., 4. og 26. nóvbr.

21. Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 11. þ.m., þar sem tilkynnt er, að ráðuneytið samþykki fyrir sitt leyti fyrirhugaða stækkun á húsakynnum Húsmæðraskólans, Sólvallag. 12.

22. Lögð fram skýrsla um starfsemi Vetrarhjálparinnar 1946 - '47.

23. Borgarstjóri skýrði frá því, að talin væru vandkvæði á því, að setja á stofn vöggustofu í húsinu Hlíðarenda, fyrst um sinn, á meðan leikskóli verður starfræktur þar. Bæjarráð samþ. að stofnsetja megi í húsinu útibú frá Bæjarbókasafninu, þar til annað verður ákveðið.

24. Bæjarráð endurnýjar ákvörðun sína 8. nóvbr. 1946, um að heimila rafmagnsstjóra að leggja rafmagnsheimtaug að setuliðsskála á leigusvæði h.f. Byggingarfél. Sniðs hjá Múlaskálahverfinu.

25. Samþ. að banna fyrst um sinn notkun hitaveituvatns að næturlagi, á tímabilinu kl. 11 e.h. til kl. 7 f.h.
Vegna eftirlits var og samþ. að banna allt sírennsli kalda vatnsins á sama tíma.
Hitaveitustjóra falið að gera tillögur um, hverjum viðurlögum skuli beita, ef banninu er ekki hlítt.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 5. desbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Einari Matth. Einarssyni, Bræðr. 31, um Sogamýrarbl. XLVIII til kornræktar, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

2. Samþ. að krefja ekki leigu eftir leiguland h.f. Skipanaustar við Elliðaárvog fyrir árin 1945 - '46, enda fær félagið ekki leigusamning um landið fyr en á þessu ári.

3. Borgarstjóra falið að svara erindi frá Steingr. Sveinssyni o.fl., varðandi geymsluhús á landinu Sveinsstaðabletti.

4. Samþ. að Grettir Guðmundsson megi verða erfðaleigjandi að Sogamýrarbletti XXX.

5. Synjað beiðni frá Benedikt Guðjónssyni o.fl. um leyfi til að kaupa Laugateig 56.

6. Samþ. að Þormóður Pálsson, starfsm. hjá Tóbakseinkasölunni megi kaupa íbúð í húsinu nr. 3 við Skipasund.

7. Samþ. að Árni Jónsson megi kaupa íbúð í húsinu nr. 34 við Skipasund.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Langholtsveg 156 við Sigurð og Ólaf Betúelssyni.

9. Eftir beiðni Stefáns Kristinssonar var samþ. að gera leigusamning um Skaptahlíð nr. 3 við hann og Árna Tryggvason hrd.

10. Erindi frá Ásgeir Sigurðssyni, Öld. 7 A., um rafmagnsheimtaug að útihúsi hjá Lágholti, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Lagt fram bréf frá Rafmagnsveitum ríkisins, dags. 28. f.m., um tengingu við veitukerfi að Hellu á Rangárvöllum, ásamt umsögn rafmagnsstjóra, dags. 1. þ.m. Ákvörðun frestað.

12. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 28. f.m., varðandi samninga um undirbúning fyrirhugaðrar Sogsvirkjunar við A.B. Berdal, verkfr., Oslo.

13. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 28. f.m., um prófsprengingar við Sogið.

14. Rætt um járnsmiðaverkfallið og uppsetningu véla og tækja í eimtúrbínustöðina.
Lögð fram tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar, varðandi afstöðu bæjarins til svonefnds "svarts lista" Vinnuveitendafélagsins, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.
Tók Sigfús Sigurhjartarson upp tillöguna í bæjarráði, með þeirri breytingu, að í stað "Bæjarstjórn" í upphafi hennar komi: Bæjarráð.
Jóhann Hafstein bar fram svo hljóðandi tillögu:

> "Enda þótt svokallaður "svarti listi" Vinnuveitendafélags Íslands sé ekki viðkomandi bænum og bæjarfyrirtækjum, þar sem Reykjavíkurbær er ekki aðili í Vinnuveitendafélagi Íslands, telur bæjarráð það ekki samrýmast hlutleysi bæjarins í vinnudeilum, að ráðnir séu í þjónustu bæjarins aðilar, sem eru í verkfalli".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessi tillaga var samþ. með 3: 1 atkv. og kom tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar því ekki til atkvæða.

Jón A. Pétursson bað bókað:

"Ég lít svo á, að þeir menn úr verkalýðsfélögum, sem orðið hafa að hætta vinnu vegna yfirstandandi vinnudeilu, án þess að þeir eða félög þeirra ættu nokkurn þátt í deilu þeirri og vinnustöðvun, sem orðið hefir í járniðnaðinum, en útilokaðir hafa verið frá vinnu hjá því opinbera, hafi verið beittir órétti, sem beri að leiðrétta, með því að gefa þeim kost á þeirri vinnu, sem þeim var bægt frá. Varðandi aðra aðila sé ég ekki ástæðu til að taka afstöðu eins og stendur, þar sem ekkert liggur fyrir um það, að bærinn hafi not fyrir aðra menn til bæjarvinnu en þá, sem eru í félögum er hafa forgangsrétt samkv. gildandi samningum".

15. Forstjóri Strætisvagnanna og borgarritari skýrðu frá viðræðum, er þeir áttu síðastl. þriðjudag við fyrirsvarsmenn vagnstjóra Strætisvagnanna, varðandi breytingar á gildandi kjarasamningum.

16. Lagt fram bréf frá Kristvini Kristinssyni, dags. 2. þ.m., varðandi bætur vegna uppsagnar úr starfi hjá Strætisvögnunum. Falið borgarstjóra til meðferðar.

17. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 3. þ.m., með tillögum að reglum um viðurlög, ef menn hlýða ekki banni við notkun hitaveituvatns og sírennsli kalda vatnsins að næturlagi. Samþ. að þeim viðurlögum skuli beitt, að við fyrsta brot skuli loka fyrir heitt vatn til hússins (kerfisins) í einn sólarhring. Ítrekað brot varðar lokun í 7 sólarhringa.

18. Lagðar fram tillögur Jóns A. Péturssonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi undirbúning til hagnýtingar á heita vatninu í Mosfellsdal þegar á næsta ári - og að haldið verði áfram borunum í Mosfellsdal með 2 borum.
Hitaveitustjóra falið að gera bæjarráði grein fyrir möguleikum til framkvæmda skv. fyrri tillögunni, sem allra fyrst, en honum og rafmagnsstjóra falin síðari tillagan til umsagnar.

19. Erindi frá Stórstúku Íslands, um bifreiðastæði á Kirkjutorgi, vísað til lögreglustjóra til umsagnar.

20. Eftir tillögu fræðslufulltrúa var samþ. að skipta styrk til sumardvala skv. fjárhagsáætlun 1947 þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Rauði Krossinn | kr. | 120.000.- |
| Mæðrastyrksnefndin | - | 13.000.- |
| Vorboðinn | - | 17.000.- |

21. Lagt fram bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. f.m., með tillögum og áliti nefndar, sem á síðastl. ári var skipuð til að "athuga tilhögun um starfstíma lögreglumanna í Reykjavík".

22. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að verða við erindi Heilsuverndarstöðvarinnar, dags. 17. f.m., um kaupgreiðslu til hjúkrunarkonu vegna berklabólusetningar.

23. Lagt fram bréf frá yfirlækni sjúkrahúss Hvítabandsins, varðandi kjör hjúkrunarkvenna spítalans. Vísað til fjárhagsáætlunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24. Synjað kröfu Félags garðyrkjumanna í bréfi 25. f.m., um greiðslu bóta til Sigurðar Elíassonar vegna uppsagnar úr starfi.

25. Lagt fram bréf frá Benedikt Jakobssyni, íþróttaráðunaut, dags. 30. f.m., með tilkynningu að hann segi starfi sínu lausu frá næstu áramótum.

26. Lagt fram bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, dags. 3. þ.m., með tilkynningu um ályktun 9. þings bandalagsins varðandi eftirlaunarétt starfsmanna bæjar- og sveitarfélaga.

27. Lagt fram bréf Verslunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 29. f.m., með tilkynningu um ályktun aðalfundar í félaginu 24. f.m., um að bærinn og stofnanir hans láti félagsmenn í V.R. sitja fyrir störfum í skrifstofum og við afgreiðslu.

28. Synjað erindi frá Alexander Guðmundssyni, dags. 26. f.m., um lán til innréttingar á íbúðarhæð í húsinu Laugarnesvegi 78.

29. Samþ. að heimila Guðm. Rósmundssyni kaup á íbúð í húsinu Karfavogi 11. (Ranglega bókað Nökkvavogi 2 í fundargerð 28. f.m., 9. lið).

30. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofunnar í nóvbr. þ.á.

31. Samþ. að biðja um athugun stjórnar Sjómannastofunnar á tillögu Hannesar Stephensen og Jóns A. Péturssonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, um bráðabirgðahúsnæði fyrir sjómannastofu meðan á síldveiðum stendur.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jóhann Hafstein.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1947, miðvikudaginn 10. desbr., kl. 4 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um frv. um breytingar á Reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík frá 26. oktbr. 1936.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra og rafmagnsstjóra að semja við A.B. Berdal, verkfræðing í Oslo, um að vera ráðunautur við undirbúning fyrirhugaðrar nýrrar Sogsvirkjunar, sbr. skýrslu rafmagnsstjóra, dags. 19. ágúst s.l. og fundargerð bæjarráðs 22. sama mánaðar.

3. Lagðar fram tillögur varðandi starfsemi Vetrarhjálparinnar, frá Steinþóri Guðmundssyni og önnur frá Jóhönnu Egilsdóttur, bornar fram á bæjarstjórnarfundi 4. þ.m., og þá vísað til bæjarráðs.
Sigfús Sigurhjartarson tók upp tillögu Steinþórs Guðmundssonar, en til vara bar hann fram svohljóðandi tillögu:

   Bæjarráð ákveður að fela 4 mönnum stjórn Vetrarhjálparinnar og skal einn tilnefndur af hverjum þeim flokki, sem fulltrúa á í bæjarstjórn.

   Borgarstjóri bar fram tillögu um, að bæjarráð feli Stefáni A. Pálssyni forstöðu Vetrarhjálparinnar með sama hætti og undanfarin ár.

   Jón Axel Pétursson tók upp tillögu Jóhönnu Egilsdóttur óbreytta.

   Atkvæðagreiðslu um málið frestað.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Auður Auðuns. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

---

14. Samþ. að falla frá kröfu um endurgreiðslu á kostnaði vegna vegagerðar að Jaðri.

15. Eftir beiðni Ólafs Elíassonar, dags. 7. f.m., var samþ. að gera leigusamning um lóðirnar Mávahlíð 27 - 29 við Hauk Hallgrímsson, Efst. 45, Hörð Jóhannesson, Ásv. 11, Kjartan Kjartansson, Bald. 33 og Ólaf Jónsson, Úthlíð 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 12. desbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Aust. 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbl. 60 fyrir kr. 1600.--. Hafnað.

2. Lögð fram beiðni um að skipta byggingarlóð úr Garðaholtsbl. IV. Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

3. Samþ. að leigja Einari Matthíasi Einarssyni, Bræðr. 31, Sogamýrarbl. 48, til kornræktar um óákveðinn tíma, með 3 mán. uppsagnarfresti.

4. Lagt fram bréf Vigfúsar Vigfússonar, Garðsauka v/Kaplaskjólsveg, um bætur fyrir erfðafestuland hans o.fl. Bæjarráð getur ekki fallist á kröfur hans.

5. Lagt fram bréf Haralds Andréssonar um kaup hans á lóðinni nr. 41 við Bræðraborgarstíg. - Bæjarráð samþ. að bjóða Haraldi að kaupa lóðina af honum aftur fyrir upphaflega kaupverðið, að viðbættum vöxtum.

6. Lagt fram bréf Kristins Guðjónssonar, f.h. væntanlegs hlutafélags, um lóð undir stálumbúðaverksmiðju fyrir sjávarafurðir. - Vísað til skipulagsmanna og sjávarútvegsnefndar til umsagnar.

7. Lagt fram bréf eigenda Lambhóls um leyfi til að byggja við húsið o.fl. Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

8. Lagt fram bréf Guðmundar R. Oddssonar, um að bílfær bakstígur verði gerður að húsunum, sem standa á reit þeim, er myndast af Öldugötu, Framnesvegi og Brekkustíg. - Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

9. Lagt fram bréf skipulagsstjóra um skipulag á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi. - Vísað til skipulagsmanna til athugunar.

10. Lagt fram bréf, dags. 5. þ.m., frá Byggingarsamvinnufél. bankamanna, varðandi leigutíma á lóðum félagsmanna við Langholtsveg og nágrenni.

11. Eftir tillögu bæjarverkfræðings var samþ. að hætta um sinn vegheflun í Seltjarnarneshreppi, kaflann frá Vegamótum að Nýjabæ. Samþ. með 3 : 1 atkv.

12. Lakk- og málningarverksm. Harpa sækir um leyfi til að láta setuliðsskemmur á lóðinni Hverfisgötu 105 standa áfram um 3 ára skeið. Bæjarráð vill ekki veita slíkt leyfi um ákveðið tímabil.

13. Samþ. að gefa eftir helming skuldar, vegna aðstoðar bæjarins við aðgerðir á Íþróttahúsinu við Hálogaland.

14. Samþ. að falla frá kröfu um endurgreiðslu á kostnaði vegna vegagerðar að Jaðri.

15. Eftir beiðni Ólafs Elíassonar, dags. 7. f.m., var samþ. að gera leigusamning um lóðirnar Mávahlíð 27 - 29 við Hauk Hallgrímsson, Efst. 45, Hörð Jóhannesson, Ásv. 11, Kjartan Kjartansson, Bald. 33 og Ólaf Jónsson, Úthlíð 6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf hitaveitustjóra, dags. 11. þ.m., varðandi boranir í Mosfellsdal. Samþ. að fela hitaveitustjóra, að láta gera bor þann, sem keyptur var af setuliðinu, nothæfan svo fljótt sem verða má, og bora með honum tilraunaholu við Sogið, vegna jarðvegsrannsókna þar. Síðan verði boruð ein hola hjá Korpúlfsstöðum, eftir heitu vatni.

17. Lagt fram bréf frá hitaveitustjóra, dags. 11. þ.m., með greinargerð um nauðsynlegar framkvæmdir til hagnýtingar á heitu vatni í Mosfellsdal, fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Borgarstjóri bar fram svohlj. tillögu:

> "Bæjarráð samþykkir að fela hitaveitustjóra að hraða sem mest öllum undirbúningi undir hagnýtingu heita vatnsins.í Mosfellsdal fyrir Hitaveituna, og heimilar borgarstjóra og hitaveitustjóra að fá þá aðstoð til þess verks, sem þeir telja nauðsynlega".

Tillagan var samþ. með samhlj. atkv.

18. Samþ. að heimila Vatnsveitunni að leggja vatnsæðar, svo fljótt sem unnt er, frá Grófinni að Ránargötu og í Mýrargötu, vestur að Ánanaustum.

19. Eftir tillögu slökkviliðsstjóra var samþykkt að skipa Sigurð Auðbergssonar, Oddshöfða, sem sótara í bænum frá næstk. áramótum, en þá lætur Þorkell Magnússon af störfum vegna aldurs.

20. Samþ. að skipa Helga Bogason sem fastan sótara í bænum, frá næstu áramótum.

21. Lögð fram áskorun aðalfundar Bandalags kvenna, dags. 2. þ.m., um að útrýma sem fyrst heilsuspillandi íbúðum í bænum.

22. Lögð fram tillaga aðalfundar Bandalags kvenna, dags. 2. þ.m., um lýsisgjafir til skólabarna og ljósböð. Vísað til fræðsluráðs.

23. Lögð fram áskorun aðalfundar Bandalags kvenna, dags. 2. þ.m., um að hraða endurskoðun heilbrigðissamþykktar fyrir bæinn.

24. Lagður fram reikningur Námsflokka Reykjavíkur árið 1946.

25. Rætt um tillögur varðandi Vetrarhjálpina, sem voru bókaðar á bæjarráðsfundi 10. desbr., 3. lið.
Tillaga borgarstjóra, um að fela Stefáni A. Pálsynni forstöðu starfsins, var samþykkt með 3:2 atkv. og komu aðrar tillögur því ekki til atkvæða.
Borgarstjóri bað bókað:

> "Um 12 ára skeið hefir Stefán A. Pálsson haft með höndum framkvæmdarstjórn Vetrarhjálparinnar og gegnt því starfi með ágætum. Hefir ekki með rökum verið fundið að þeim störfum hans. Bæjarfulltrúar hafa haft og hafa frjálsan aðgang að öllu bókhaldi og starfsemi Vetrarhjálparinnar. Mér virðist ekki liggja fyrir þær ástæðum, er geri nauðsynlegar breytingar á tilhögun undanfarinna ára".

Jón A. Pétursson tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði gegn tillögunni vegna þess, að hann vantreysti forstjórn Stefáns A. Pálssonar, heldur vegna þess, að hann telur heppilegra að þessi starfsemi lúti stjórn fleiri manna og gæti forstjórn Stefáns haldist að vissu marki þrátt fyrir það.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Samþ. að mæla með veitingaleyfisbeiðni Regínu S. Guðmundsdóttur, Lvg. 86.

27. Rætt um nefndarálit og tillögur nefndar, sem skipuð var til að gera tillögur um reglur, sem bæjarstjórn fari eftir, er hún veitir meðmæli með veitingaleyfisbeiðnum, dags. 3. nóv. s.l.
Bæjarráð samþykkir tillögurnar í A - lið.
Tillögum í B - lið vísað til þeirra manna, sem vinna að endurskoðun heilbrigðissamþykktarinnar.
Út af tillögu í C - lið samþykkir bæjarráð að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á löggjöf um veitingarekstur og gistihúshald.
D - lið vísað til borgarstjóra.

28. Lagt fram bréf frá Tryggingarstofnun ríkisins, dags. 10. þ.m., varðandi skilning á 64. gr. almannatryggingarlaganna, um greiðslu kaups í veikindaforföllum fastra starfsmanna, að því er tekur til vagnstjóra Strætisvagnanna.

29. Rætt um frv. að breytingum á reglugerðinni um vatnsskattinn. Borgarstjóri og bæjarráðsmenn tilkynntu, að þeir myndu bera fram brtt. við frv. á næsta bæjarstjórnarfundi.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhann Hafstein. Auður Auðuns.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, föstudaginn 19. desbr., kl. 3 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð samþ. að nota heimild í lögum nr. 57/1942, um að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda, til að auka við fyrirhugað friðland, Heiðmörk.

2. Samþ. að taka úr erfðafestu hluta af landinu Leynimýrarbl. II.

3. Halldór Guðjónsson, Eiríksg. 13, afsalar tilkalli til lóðarinnar Barðavogar 42.

4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Nökkvavog 44 við Hallgrím Jónsson, Eskihlíð, en Steindór Jónsson afsalar tilkalli til lóðarinnar.

5. Lögð fram fundargerð aðalfundar h.f. Skipanausta 18. septbr. þ.á., með reikningum árið 1946.

6. Rafmagnsstjóra heimilað að greiða framlag til skólabyggingar hjá Ljósafossi af jörðinni Úlfljótsvatni, á móts við framlög af öðrum jörðum í Grafningnum.

7. Rætt um samninga við vagnstjóra Strætisvagnanna. Ákvörðun frestað.

8. Bæjarráð væntir þess, að við niðurjöfnun útsvara á næsta ári verði höfð hliðsjón af því, til hækkunar á útsvari, ef gjaldandi hefir ekki greitt útsvarið 1947 fyrir áramótin. Þetta taki þó ekki til fastra starfsmanna, sem hafa greitt og greiða útsvör sín reglulega af kaupi.

9. Samþ. að leyfa Guðrúnu Gestsdóttur að kaupa íbúð í Miklubraut 72.

10. Samþ. að leyfa Albert Guðmundssyni, Laugateigi 5, að kaupa húsgrunn á Langholtsvegi 136.

11. Lögð fram tvö bréf lögreglustjóra um lagfæringar á gatnamótum Rauðarárstígs og Skúlagötu, og Laugarnesvegar, Borgartúns og Sundlaugavegar. - Falið bæjarverkfræðingi til meðferðar.

12. Lagt fram bréf lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að 7 ríkislögregluþjónar verði ráðnir bæjarlögregluþjónar.

13. Lagt fram bréf sakadómara, þar sem hann leggur til, að tveir lögregluþjónar, sem eru í rannsóknarlögreglunni, verði skipaðir bæjarlögregluþjónar.

14. Lagt fram bréf Fæðiskaupendafél. Rvíkur, þar sem það býður nokkurn hluta af húsnæði sínu fyrir Sjómannastofu um síldveiðitímann. Borgarstjóri skýrði frá því, að hann hefði þegar sent erindið til umsagnar stjórnar Sjómannastofunnar.

15. Lagt fram bréf Knattspyrnufél. Rvíkur um lækkun á skatti af aðgangseyri af sundmóti í Sundhöllinni 27. apríl s.l. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

16. Lagt fram bréf stjórnar Starfsmannafélags Reykjavíkur, þar sem lagt er til, að erindum um tilfærslur milli launaflokka og skipun starfsmanna í launaflokka verði vísað til sérstakrar nefndar, er skipuð sé af bæjarráði og Starfsmannafélaginu. - Bæjarráð fellst á þessa tillögu og samþ. að skipa borgarritara í nefndina af sinni hálfu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Samþ. að mæla með beiðni Tryggva Steingrímssonar, Háteigsvegi 11, um veitingaleyfi.

18. Lagt fram bréf Félags Járniðnaðarmanna, um að bæjarsjóður geri samning við félagið um kaup og kjör. - Frestað til athugunar.

19. Lagt fram bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur um viðgerðarkostnað á íþróttahúsunum í Kamp Knox.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1947, þriðjudaginn 23. desbr., kl. 1.30 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa eignina Grjótagötu 12, skv. framlögðu tilboði.

2. Bæjarráð samþykkir að uppsagnarfrestur skv. 24. gr. í samningi um kaup og kjör vagnstjóra og vaktmanna Strætisvagna Reykjavíkur, dags. 13. mars 1946, verði enn styttur í einn mánuð að þessu sinni.

3. Rætt um staðsetningu fyrirhugaðrar síldarverksmiðju í Reykjavík eða nágrenni.
Nefndin, sem vinnur að undirbúningi málsins, hefir einkum í huga, að verksmiðjan verði reist annaðhvort í Örfirisey eða inni við Sund, og spyrst fyrir um, hvort bæjarráð myndi samþykkja þá staði, ef til kæmi.
Bæjarráð svarar þeirri fyrirspurn játandi, það muni samþykkja hvorn staðinn, sem valinn yrði, með ráðum kunnáttumanna, enda verði gerðar sérstakar og fullnægjandi ráðstafanir til að forðast ólykt og óþrifnað.

Fundi slitið.

Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Ásbjörnsson. — Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. — Jóhann Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur